


skoðun 18

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk







Europris
Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
3. apríl 2012
79. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011


# Íbúðalánasjóð vantar tíu milljarða króna úr ríkissjóði

**Eiginfjárhlutfall Íbúðalánasjóðs er 2,3% en á að vera yfir 5% samkvæmt langtímamarkmiðum. Ríkið þarf að leggja sjóðnum til tíu milljarða króna til að það náist. Íbúðalánasjóður hagnaðist um milljarð í fyrra.**

**VIÐSKIPTI** Íbúðalánasjóður þarf allt að tíu milljarða króna frá ríkissjóði Íslands til að uppfylla markmið sitt um eiginfjárhlutfall. Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, staðfestir þetta og segir að rætt hafi verið um að eiginfjárframlagið yrði reitt fram á þessu ári, ekki hafi þó fengist niðurstaða í þá umræðu.

Íbúðalánasjóður fékk 33 milljarða króna framlag úr ríkissjóði í lok mars 2011 til að styrkja eiginfjárstöðu sína. Það framlag var nær allt fært á afskriftarreikning til að mæta viðbúnum útlánatöpum sjóðsins. Því nýttist framlagið ekki til að auka eiginfé hans.

Í ársreikningi Íbúðalánasjóðs, sem var birtur í lok síðustu viku, kemur fram að eiginfjárhlutfall sjóðsins sé 2,3 prósent. Samkvæmt reglugerð um starfsemi sjóðsins á langtímamarkmið hans að vera að hlutfallið sé yfir 5 prósent. Það hefur ekki náð að vera svo hátt frá miðju ári 2008.

Sigurður segir markmiðið þó enn raunhæft. „Það er alveg ljóst að það er stefnt að því að styrkja eiginfjárhlutfallið. Það er þá eigandinn, íslenska ríkið, sem þarf að gera það. Á meðan afkoman hjá okkur er nokkuð fyrirsjáanleg og það er ekki taprekstur á starfseminni þá sleppur fyrir horn að ná ekki markmiðinu. En ef við sæjum í pípunum að það væri eitthvað fram undan sem við þyrftum að hafa áhyggjur af, til dæmis frekari útlánatöp, þá myndum við þurfa að bregðast hratt við.“

> Þetta er í jafnvægi. Við erum enn að vinna okkur út úr aðstæðum sem sköpuðust við hrunið.
>
> SIGURÐUR ERLINGSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍBÚÐALÁNASJÓÐS

Íbúðalánasjóður skilaði 986 milljóna króna hagnaði í fyrra. Að sögn Sigurðar er afkoman hvorki sérstaklega góð né sérstaklega slæm. „Þetta er í jafnvægi. Við erum enn að vinna okkur út úr aðstæðum sem sköpuðust við hrunið. Við erum enn með háar fjárhæðir á afskriftarreikningi, sem búið er að eyrnamerkja, en við eigum eftir að úthluta.“

- þsj / sjá síðu 16



## Plata í Bandaríkjunum

*Hljómsveitin Of Monsters and Men gefur út plötu sína í Bandaríkjunum í dag.*

fólk 50

## Minningar í myndum

*Eggert Þór Bernharðsson rannsakar notagildi fjölskyldumynda.*

tímamót 30



## Knúðu fram oddaleiki

*Snæfell og Keflavík unnu mikilvæga sigra í úrslitakeppninni í gær.*

sport 44

## veðrið í dag




**BJART A-TIL** í dag en dregur fyrir fram á kvöldið. Skýjað að mestu og dálítil væta V-til. Hlýnar í veðri, að 6 stigum við SV- og S-ströndina seinnipartinn.

VEÐUR 4




**KLAPPARSTÍGUR ENDURNÝJAÐUR** Framkvæmdir við endurgerð Klapparstígs ofan Laugavegar hófust í gær. Til stendur að endurnýja allar lagnir sem og allt yfirborð götu og gangstétta, sem verða breikkaðar á kostnað götunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skotárás í háskóla í Oakland:

## Sex látnir og margir særðir

**BANDARÍKIN** Að minnsta kosti sex nemendur við Oikos-háskólann í Oakland í Kaliforníuríki eru látnir eftir skotárás í skólanum í gær klukkan tæplega ellefu að staðartíma. Margir eru jafnframt sárir.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu borist fréttir af því að maður hefði verið handtekinn grunaður um árásina. Hann er sagður fyrrverandi nemandi í skólanum.

Miðlar í Oakland greindu frá því í gærkvöldi að íslenskum tíma að maðurinn hefði komið inn í kennslustofu og hafið handahófskennda skothríð á nemendur. Hann var síðar handtekinn í verslunarmiðstöð í nágrannabænum Alameda, ekki langt frá Oakland borg.

Stofnandi skólans, presturinn Jong Kim, sagði í viðtali við Oakland Tribune að hann hafi heyrt um þrjátíu skothvelli áður en yfir lauk.

- shá

Milljón börn á Sahel-svæðinu í Afríku eru bráðri lífshættu vegna vannæringar:

## UNICEF hefur neyðarsöfnun í dag

**HJÁLPARSTARF** Ein milljón barna í Vestur- og Mið-Afríku gæti látið lífið á næstu vikum og mánuðum vegna þurrka og uppskerubrests ef þeim berst ekki hjálp. UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, hefur í dag neyðarsöfnun um heim allan til styrktar þessum börnum.

Á tilteknum stöðum á Sahel-svæðinu svokallaða, sem nær yfir Níger, Máritaníu, Tsjad, Búrkína Fasó og fleiri, hefur hlutfall barna sem þjást af bráðavannæringu þegar farið yfir fimmtán prósent, sem eru skilgreind hættumörk og flokkast ástandið þar því sem neyðarástand.

„Miklir þurrkar valda búsifjum í átta ríkjum, uppskera hefur brugðist, skepnur drepist og vatnsból þornað. Ung börn eru iðulega fyrri til að veikjast en fullorðnir – og fljótari að falla,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, í grein um málið í blaðinu í dag.

Reynslan sýnir hins vegar að yfir 95 prósent vannærðra barna á Sahel-svæðinu sem fá meðhöndlun lifa af, samkvæmt upplýsingum frá UNICEF. Samtökin hafa undirbúið umfangsmikla neyðaraðstoð á svæðinu undanfarna mánuði, eftir að regntímabilið í fyrra brást og ljóst varð í hvað stefndi.

- sh / sjá síðu 18


Er svefninn vandamál?
Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum




Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

Hver hremmir bráðina?




NÝ KILJA

„Vel skrifaður og spennandi krimmi með óvæntri fléttu.“
FB / Fréttablaðið

ms.is

Ljúffengur Páskaostur fæst nú í verslunum




1 kg stykki

## SPURNING DAGSINS



*Björn, var þetta fyrirsjáanlegt?*

„Nei, en lausnin er í sjónmáli."

Biðlistar eftir aðgerð á augasteinum hafa lengst töluvert á undanförnum árum. Björn Zoëga er forstjóri Landspítalans.

Engin bótakrafa er gerð í ákærunni á hendur Íbúðalánasjóðssvikurum:

# Annar höfuðpaurinn játaði sök

**DÓMSMÁL** Annar höfuðpauranna í stórfelldu og flóknu fjársvikamáli sem beindist að tveimur eignarhaldsfélögum og Íbúðalánasjóði játaði sök við þingfestingu þess í gær. Hinn tók sér frest til að taka afstöðu til ákærunnar.

Mennirnir fölsuðu ógrynni skjala sumarið 2009 til að taka yfir stjórn tveggja eignarhaldsfélaga, taka tólf milljónir út af reikningi annars þeirra og selja fasteignir undan þeim báðum. Þeir fölsuðu einnig skjöl til að taka lán hjá Íbúðalánasjóði til að kaupa eignirnar tvær í nafni fólks sem ekki tengdist málinu. Lánunum, samtals 40 milljónum króna, stungu þeir undan.

Tveir vitorðsmenn þeirra, sem tóku við peningunum inn á reikninga sína og eru ákærðir fyrir hylmingu, mættu ekki fyrir dóminn.

Ákæruvaldið gerir kröfu um að Harley Davidson-mótorhjól verði gert upptækt af einum sakborninganna. Talið er að það hafi verið keypt fyrir ávinning af brotinu.

Engar bótakröfur eru gerðar í ákærunni. Gunnhildur Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Íbúðalánasjóði, segist hafa átt von á því að ákæruvaldið veitti sjóðnum kost á að koma að bótakröfu vegna milljónanna fjörutíu og kveðst munu freista þess að koma henni að þótt búið sé að þingfesta ákæru. **- sh**



**FLÓKIN SVIK** Mennirnir fölsuðu ógrynni skjala til að komast yfir féð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tugir fórust í flugslysi:

# Farþegaflugvél fórst í Síberíu

**RÚSSLAND, AP** Rússnesk farþegaflugvél fórst stuttu eftir flugtak frá borginni Tyumen í Síberíu. Með vélinni fórst 31 af þeim 43 sem voru um borð. Tólf manns fundust á lífi í flaki vélarinnar, en allir illa slasaðir og voru strax fluttir á sjúkrahús.

Talið var að bilun í tækjabúnaði hefði valdið slysinu, en ekki þykir útilokað að mistök flugmanna eða flugumferðarstjóra hafi átt hlut að máli. Vélin var á leiðinni frá Tyumen til olíuborgarinnar Surgut. **- gb**

Sænsk móðir greiði dagsektir:

# Lét þriggja ára drekka bjór og reykja sígarettu

**SVÍÞJÓÐ** Kona á fertugsaldri var í gær dæmd í undirrétti í Malmö til að greiða 100 dagsektir á 50 sænskar krónur fyrir að hafa þvingað þriggja ára son sinn til þess að reykja sígarettu og drekka nokkra sopa af bjór.

Á hreyfimyndum, sem teknar voru á farsíma sem lögreglan komst yfir við rannsókn annarra mála, sást konan hvetja snáðann til þess að bæði reykja og drekka. Móðirin er nú á meðferðarheimili en litla drengnum og systkinum hans var komið í fóstur. **- ibs**



**STÁLU UPPLÝSINGUM** Mennirnir fluttu afritunarbúnaðinn til landsins.

Tveir Rúmenar í árs fangelsi:

# Dæmdir fyrir að afrita kort

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt tvo rúmenska menn í eins árs fangelsi fyrir að koma afritunarbúnaði fyrir á hraðbönkum Arion banka við Laugaveg og Landsbankans í Austurstræti í Reykjavík og afrita kortaupplýsingar notenda.**

**Brotin voru framin í lok febrúar og byrjun mars á þessu ári. Annar þeirra játaði sök en sagði tilraunina hafa mistekist. Hinn neitaði sök.**

***Í dómnum segir að brot af* þessu tagi séu alþekkt og tengist jafnan skipulagðri, alþjóðlegri glæpastarfsemi. Brot mannanna séu mjög alvarleg og þaulskipulögð. - sh**

# Háskólunum verði fækkað úr sjö í fjóra

**Fjárveitingar til háskóla eru mun minni hér en annars staðar. Veikleikar háskólastigsins felast í of mörgum og fámennum skólum. Hægt væri að fækka skólunum án mikillar röskunar, eða breyta rekstrarformi til að auka samstarf.**

**MENNTUN** Veikleikar háskólastigsins á Íslandi felast í of mörgum og fámennum háskólum og mögulegt er að fækka þeim úr sjö í fjóra án mikillar röskunar.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í drögum að skýrslu sem Vísinda- og tækniráð hefur sett á heimasíðu sína. Skýrslan fjallar um einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu í heild, sem unnið hefur verið að undanfarið ár. Vísinda- og tækniráð starfar undir stjórn forsætisráðherra og mótar opinbera stefnu í vísindum og tækni á Íslandi.

„Þrenns konar rekstrarform, opinberir háskólar, sjálfseignarstofnanir og hlutafélag, hindrar samstarf milli háskóla," segir í skýrslunni. Tvær tillögur eru lagðar fram til breytinga á háskólunum.

Annars vegar er lagt til að skólunum verði fækkað í fjóra úr sjö. Tveir yrðu opinberir háskólar og tveir sjálfstæðir. Þannig myndu Háskóli Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands sameinast, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Hólum sömuleiðis. Þá myndu Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst verða sameinaðir, en Listaháskóli Íslands yrði áfram eins og er. Þessi skipan myndi festa háskólastarf í sessi á landsbyggðinni að mati skýrsluhöfunda, auk þess sem leiðin er auðveld og myndi valda lítilli röskun. Hins vegar yrðu kraftar áfram töluvert dreifðir og rekstrarformin áfram ólík.

Hinn valkosturinn er að halda fjölda háskóla óbreyttum en breyta rekstrarformi þeirra svo þeir yrðu allir reknir sem sjálfseignarstofnanir. Með því að fara þá leið yrði ábyrgðin á verkaskiptingu og sameiningu sett á sjálfa háskólana. „Líklegur ávinningur er að enn frekari breytingar á verkaskiptingu og enn skjótvirkari sameiningar næðust fram með þessari ákvörðun," segir í skýrslunni.



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK** Hægt væri að sameina HR og Háskólann á Bifröst, samkvæmt skýrslu Vísinda- og tækniráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þrenns konar rekstrarform, opinberir háskólar, sjálfseignarstofnanir og hlutafélag, hindrar samstarf milli háskóla.
>
> ÚR SKÝRSLU VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS

Fjárveitingar til háskóla hér á landi eru mun minni en í samanburðarlöndum, hvort heldur sem litið er til ríkja innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar eða á Norðurlöndunum. „Frá 2008 hafa fjárveitingar til háskóla dregist saman að raungildi um ríflega 13 prósent án þess að gripið hafi verið til heildstæðra hagræðingaraðgerða." Á sama tíma hefur nemendafjöldinn aukist og því er krafa á háskólana að auka þjónustu fyrir minna fé. „Að öðru óbreyttu ógnar þessi óheillaþróun rannsóknastarfsemi innan háskólanna."

**thorunn@frettabladid.is**

Líkfundur í Noregi:

# Lík skipstjórans er talið fundið

**SLYS Lík Magnúsar Þ. Daníelssonar, skipstjórans á Hallgrími SI 77, er að öllum líkindum fundið við Noreg en hann fórst með skipinu þann 25. janúar síðastliðinn ásamt tveimur öðrum úr áhöfn skipsins, þeim Gísla Garðarssyni og Einari G. Gunnarssyni. Eiríkur Ingi Jóhannsson komst lífs af við illan leik.**



**MAGNÚS Þ. DANÍELSSON**

**Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá líkfundinum í gærkvöldi, en lögreglu barst tilkynning á fimmtudag um lík í sjónum fyrir utan eyjuna Kvaloya.**

**Enn er beðið niðurstaðna úr DNA-prófi en persónulegir munir gefa sterklega til kynna að um lík Magnúsar sé að ræða. - shá**

Forseti segir af sér:

# Sakaður um ritgerðarstuld

**UNGVERJALAND, AP** Pal Schmidt, forseti Ungverjalands, sagði af sér í gær eftir að hafa orðið uppvís að ritstuldi.

Í síðustu viku svipti Semmelweis-háskólinn í Búdapest Schmidt doktorsgráðu hans eftir að rannsóknarnefnd komst að þeirri niðurstöðu að hann hefði stolið meginefni doktorsritgerðar sinnar úr tveimur öðrum ritgerðum. Ritgerðin, sem skilaði honum doktorsgráðu árið 1992, fjallaði um Ólympíuleika nútímans.

Sjálfur hefur hann ekki viðurkennt ritstuld, en sagði sig af sér til að persónuleg málefni sín valdi ekki harðvítugum deilum í landinu. **- gb**




**Ertu „enn á leiðinni" í jóga?**
**Vantar þig orku, einbeitingu, gleði og ró?**

**KUNDALINI JÓGA**

Orkugefandi - Markvisst - Umbreytandi

**BYRJENDANÁMSKEIÐ**
**10. apríl**
**Krakkajóga hefst 15. apríl**

**Skráning og nánari upplýsingar:**
**www.jogasetrid.is**

**JÓGASETRIÐ - Borgartúni 20, 4. hæð**


Frestur til að senda myndir í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins rennur út í dag:

# Heimaljósastúdíó fyrir fyrsta sætið

**MENNING** Ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins lýkur á hádegi í dag en þemað er „Páskastemning". Besta myndin mun prýða forsíðu Fréttablaðsins á laugardaginn kemur.

Verðlaun fyrir fyrsta sætið er heimaljósastúdíó frá Nýherja. Í því eru tveir 150W ljósastandar, regnhlíf og DVD-kennsludiskur. Verðlaun fyrir annað og þriðja sætið eru ferðir í Borgarleikhúsið fyrir tvo. Hver þátttakandi skal senda inn eina mynd, sendi hann fleiri gildir fyrsta myndin. Hún skal hafa verið tekin nú í vetur.

Óheimilt er að senda inn eða eigna sér ljósmyndir sem eru teknar af öðrum en sendanda.

Áskilinn er réttur til að hafna hvaða mynd sem er og til að breyta fyrirsögn og myndatexta í birtingu, jafnframt er áskilinn réttur til birtingar myndar á forsíðu blaðsins. Innsendar myndir eru eign höfunda, en Fréttablaðinu og Vísi.is er heimilt að birta þær í tengslum við keppnina og í kjölfar hennar svo fremi sem höfundarnafn sé tiltekið.

Samkeppnin hófst sem fyrr segir á miðvikudaginn en stendur til klukkan tólf á hádegi í dag. Tekið er við myndum á netfanginu ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is og skulu þær vera í nægilegri upplausn til að birta í blaðinu. Myndinni þarf að fylgja nafn höfundar og upplýsingar um heimilisfang, netfang og símanúmer. **- kh**



**SIGURMYND** Þessi fallega mynd prýddi forsíðu Fréttablaðsins en hún var valin besta myndin í ljósmyndasamkeppni blaðsins í desember 2010.

# AFMÆLISTILBOÐ!

## RÚMFATALAGERINN VERÐUR 25 ÁRA Í HAUST OG AF ÞVÍ TILEFNI ÆTLUM VIÐ AÐ TAKA FORSKOT Á SÆLUNA OG BJÓÐA LANDSMÖNNUM UPP Á FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!



**LINCOLN SÓFASETT 3+2**
Fallegt sófasett á frábæru tilboði! Stærð á 2ja sæta sófa: B153 X H83 X D85 sm. Stærð á 3ja sæta sófa: B208 X H83 X D85 sm.

SPARIÐ 30.000

SÓFASETT 3+2

SANTA FE BORÐ
12.950

AFMÆLISTILBOÐ
SÓFASETT 3+2
FULLT VERÐ: 109.950
79.950
1987 - 2012



50%

AFMÆLISTILBOÐ
FULLT VERÐ: 1.995
995
1987 - 2012

**SARA SÆNGURVERASETT**
Flott sængurverasett með tvískiptu munstri. Doppótt öðrumegin og köflótt hinumegin. Fæst í 3 litum: Lime, rautt og fjólublátt. Efni: 100% polyester. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.



30%

AFMÆLISTILBOÐ
20" FULLT VERÐ: 4.995
3.495
1987 - 2012

**SIENA RAUÐAR FERÐATÖSKUR**
Fást í þremur stærðum.
20" áður **4.995** nú **3.495**
24" áður **7.995** nú **5.595**
28" áður **9.995** nú **6.995**




AFMÆLISTILBOÐ
FULLT VERÐ: 5.995
3.995
1987 - 2012

WellPur™

**LAKE TAHOE WELLPUR HEILSUKODDI**
Frábær heilsukoddi með þrýstijafnandi eiginleika. Styður vel að hálsi og hnakka.

SPARIÐ 2.000



SPARIÐ 3.000

90% DÚNN

AFMÆLISTILBOÐ
STÆRÐ: 135 X 200 SM.
FULLT VERÐ: 19.950
16.950
1987 - 2012

KRONBORG®
ODENMARK

**KRONBORG DREAMER GÆSADÚNSÆNG**
Lúxus gæsadúnsæng fyllt með 900 gr. af gæsadúni. Sængin er saumuð í 5x7 sm. ferninga með 2,5 sm. háum veggjum á milli hólfa sem gefa fyllingunni meira pláss og halda jafnari hita. Vandað ver úr 100% bómull sem þolir þvott. Sæng: 135 x 200 sm.



AFMÆLISTILBOÐ
1 PAR ÁÐUR: 399
199
1987 - 2012

50%

**CHENILLE DÖMU-VETTLINGAR**
Fást í fjólubláu, gráu og svörtu. Ein stærð.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**TILBOÐIN GILDA TIL 04.04**



AFMÆLISTILBOÐ
VERÐ NÚ FRÁ:
1.495
1987 - 2012

MYRKVUNARGARDÍNA

40%

**DARK MYRKVUNARGARDÍNUR**
Þykkar og góðar myrkvunargardínur. Litur: Hvítt. Fást í 12 stærðum.

## GENGIÐ 02.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 126,1 | 126,7 |
| Sterlingspund | 202,21 | 203,19 |
| Evra | 168,22 | 169,16 |
| Dönsk króna | 22,605 | 22,737 |
| Norsk króna | 22,224 | 22,354 |
| Sænsk króna | 19,053 | 19,165 |
| Japanskt jen | 1,5243 | 1,5333 |
| SDR | 195,2 | 196,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
230,4445

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrjár umsóknir bárust í sérleyfi til rannsókna og vinnslu olíu á Drekasvæðinu:

# Íslendingar áberandi í útboðinu

**ORKUMÁL** Þrjár umsóknir bárust um sérleyfi til rannsókna og olíuvinnslu á Drekasvæðinu. Íslendingar eru aðilar að þeim öllum og bresk leitarfélög standa að tveimur umsóknanna. Orkumálastjóri segir útkomuna framar björtustu vonum.

Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri sagði útkomuna góða í viðtali í fréttum Stöðvar 2. Hann bendir á að þarna séu mjög reynd leitarfyrirtæki sem komi að málinu.

Valiant Petroleum er stærst félaganna, ef miðað er við veltu.

**Þessir sóttu um:**
- Eykon Energy, óskráð félag
- Faroe Petroleum/Íslenskt kolvetni ehf.
- Valiant Petroleum og Kolvetni ehf.

Það er með höfuðstöðvar í útjaðri London í Englandi, stundar olíuvinnslu í Norðursjó og olíuleit við Noreg og Færeyjar.

Faroe Petroleum, sem hét upphaflega Føroya Kolvetni, er nú orðið alþjóðlegt félag með höfuðstöðvar í Aberdeen í Skotlandi.

Það er í olíuleit og vinnslu í lögsögu Bretlands, Noregs og Færeyja.

Orkustofnun mun nú fara yfir umsóknirnar og úthluta rannsóknar- og vinnsluleyfum eigi síðar en í lok nóvember.

Oddný Harðardóttir, iðnaðar- og fjármálaráðherra, lýsti mismunandi sviðsmyndum um áhrif olíuleitar á ríkissjóð í gær og sagði þá bjartsýnustu gera ráð fyrir að eftir tíu ár gætu tekjurnar orðið óhemju miklar í stuttan tíma.

- kmu

Gripnir við ólöglegar veiðar:

# Fjareftirlit stóð á bak við dóma

**LANDHELGISGÆSLAN** Stuðst var við gögn úr fjareftirliti Landhelgisgæslunnar í tveimur nýlegum dómum yfir skipstjórum línubáta sem dæmdir voru fyrir ólöglegar veiðar á friðuðu svæði.

Í hvorugu tilvikinu hafði Landhelgisgæslan tök á að senda varðskip eða loftfar á svæðið, að því er fram kemur á vef Gæslunnar.

Dómarnir tveir féllu í Héraðsdómi Reykjaness, en skipstjórarnir voru hvor um sig dæmdir til að greiða 400 þúsund króna sekt í Landhelgissjóð.

- óká



**OSAMA BIN LADEN** Þrjár ekkjur hans og tvær dætur verða sendar úr landi.
NORDICPHOTOS/AFP

Ekkjur og dætur bin Ladens:

# Fengu fangelsisdóm og fésektir

**PAKISTAN, AP** Þrjár ekkjur Osama bin Ladens og tvær af dætrum hans hlutu 45 daga fangelsisdóm í Pakistan í gær fyrir að hafa komið ólöglega til landsins.

Þær voru formlega handteknar þann 3. mars síðastliðinn og eiga því eftir að afplána hálfan mánuð í fangelsinu. Að því búnu verða þær sendar heim til föðurlandsins, en tvær af ekkjunum eru sagðar frá Jemen og ein frá Sádi-Arabíu.

Þær voru einnig dæmdar til greiðslu sektar upp á um það bil 14 þúsund krónur hver. Sektin hefur þegar verið greidd.

Lögmaður þeirra ætlar ekki að áfrýja úrskurði dómstólsins.

- gb

## REYKJANES

### Datt um koll í Dollu

Erlend kona slasaðist í hellinum Dollu á Gíghæð við Grindavíkurveg um helgina. Konan datt á höfuðið og hlaut skurð á enni. Sauma þurfti nokkur spor og var það gert á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Konan var vel búin, með ennisljós og hjálm.

# Íslendingar drekka nú tíu prósentum minna en 2008

**Áfengissala í Vínbúðunum dróst saman þriðja árið í röð í fyrra. Alls seldust 18,4 milljónir lítra á árinu en til samanburðar seldust 20,4 milljónir lítra á metárinu 2008. Ekki hefur selst minna af bjór frá því 2005 og sterku áfengi frá 2006. Hins vegar jókst sala á léttvíni og styrktu áfengi lítillega frá því í fyrra.**

**MENNING** Áfengissala í Vínbúðunum dróst saman um 2,7% eða um 600 þúsund lítra á árinu 2011 miðað við árið áður. Alls seldust 18,4 milljónir lítra af áfengi á árinu. Sala á bjór og sterku áfengi dróst saman á milli ára en sala á léttvíni og styrktu áfengi jókst lítillega.

Áfengissala hefur dregist nokkuð saman eftir hrun en hún varð mest á árinu 2008 þegar alls 20,4 milljónir lítra áfengis voru seldir í Vínbúðunum. Áfengissalan í fyrra var svipuð því sem var árið 2006 en síðustu þrjú ár hefur áfengissala minnkað á milli ára. Heildarsamdráttur í sölu frá metárinu 2008 nemur um 10% eða tæpum tveimur milljónum lítra.

Vínbúðirnar birtu í síðustu viku tölur um afkomu sína fyrir árið í fyrra. Kemur í ljós að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) skilaði rúmlega 1,2 milljarða króna hagnaði á árinu. Til samanburðar nam hagnaður fyrirtækisins 1,3 milljörðum króna árið 2010 og 1,4 milljörðum árið 2009. Á árunum 2007 og 2008 var hagnaður í kringum hálfan milljarð hvort ár.

Heildartekjur ÁTVR á árinu 2011 voru 25,4 milljarðar króna. Þar af voru tekjur af sölu áfengis 17 milljarðar og tekjur af sölu tóbaks 8,4 milljarðar.

Loks kemur fram í afkomutilkynningu ÁTVR að fyrirtækið fékk annað árið í röð hæstu einkunn í hópi smásölufyrirtækja í Íslensku ánægjuvoginni.

magnusl@frettabladid.is









## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**DYMBILDAGAR**
Páskafiðringurinn farinn að gera vart við sig. Dálítil rigning eða súld V-til í dag og N- og V-til á morgun og á skírdag. Nokkuð bjart A-til í dag en dregur svo fyrir. Hlýnar í dag og nokkuð milt næstu daga. Mildast SV- og S-til.




**Á MORGUN**
Fremur hægur vindur víðast hvar

**FIMMTUDAGUR**
Fremur hægur vindur

**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 19° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 14° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 16° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 5° |
| París | 16° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

★ GULLTILBOÐ 1

3 STJÖRNU HÓTEL MEÐ MORGUNVERÐI

## PARÍS

Huggguleg helgarferð til hinnar dásamlegu Parísar. Menning, listir, frábær veitingahús og fjölskrúðugt mannlíf. Flogið er með Icelandair og gist á 3 stjörnu hótelinu Mercure Paris Montmartre Sacre Coeur.

**3 nætur, 1.-4. júní**

FULLT VERÐ 89.900 KR.

**64.900 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x25



**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar og gisting á Mercure Paris Montmartre Sacre Coeur ásamt morgunverði.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR

★ GULLTILBOÐ 2

4 STJÖRNU HÓTEL MEÐ MORGUNVERÐI

## RIGA

Höfuðborg Lettlands er einstök og heillandi hafnarborg og er gamli borgarhlutinn t.a.m. á heimsminjaskrá Unesco! Verðlagið er mjög hagstætt og lettneska vorið er ljúft.

**3 nætur, 3.-6. maí**

FULLT VERÐ 92.340 KR.

**57.340 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x35



**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting á Tallink hotel ásamt morgunverði og íslenskri fararstjórn.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

vita FERÐASKRIFSTOFA

# TILBOÐSHÁTÍÐ FYRIR N1 KORTHAFA

★★

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

**Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is**

**Þú getur keypt gull- og silfurtilboðin með N1 appinu**

**ATH!**

**Vörur keyptar á silfurtilboði fást afhentar í völdum verslunum og þjónustustöðvum um allt land**

★ SILFURTILBOÐ 1

## HÁÞRÝSTIDÆLA

**CARSTECH**

- 2400 W
- Vinnuþrýstingur 120 bör
- Hámarksþrýstingur 150 bör
- 6,5 ltr./mín.
- 6 m á slönguhjóli
- Innbyggt sápuhólf
- Stillanlegur spíss
- Niðurfellanlegt álhandfang
- 2 stór hjól

FULLT VERÐ 38.900 KR.

**21.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x17



PUNKTAR GILDA x10

★ SILFURTILBOÐ 2

## HLJÓMTÆKI

**SONY FYRIR iPOD**

- Frábær hljómtæki frá Sony fyrir iPod og iPhone
- Stórkostleg hljómgæði 2x10 W
- Glæsileg hönnun
- Tónjafnari; Rock, Pop, Jazz, Vocal, Flat
- Fjarstýring fylgir

FULLT VERÐ 39.900 KR.

**29.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

★ SILFURTILBOÐ 3

## DVD FERÐASPILARI

**MUSE**

- 9" LCD snúningsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, CD, CD-R/RW
- MP3, JPEG og DivX
- USB tengi og SD/SDHC/MMC/MS kortalesari
- Heyrnartól, fjarstýring, innbyggðar hleðslurafhlöður og bílfesting
- Hleðslutæki og bíltengi

FULLT VERÐ 23.900 KR.

**18.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

muse

PUNKTAR GILDA x5





PUNKTAR GILDA x10

★ SILFURTILBOÐ 4

## TOPPASETT

**78 STK. 1/4" + 1/2"**

- ¼" toppasett 4-12 mm
- ½" toppasett 10-32 mm
- Fastir lyklar 7-19 mm
- Toppalyklar 8-15 mm
- Sexkantar 2-10 mm
- Skrúfbitar 22 stk.

FULLT VERÐ 25.950 KR.

**15.950 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

★ N1TILBOÐ

**REMINGTON HÁR- OG SKEGGSNYRTIR**

FULLT VERÐ 7.990 KR.

**4.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x3



PUNKTAR GILDA x2

★ N1TILBOÐ

**PANASONIC ÞRÁÐLAUS SÍMI**

FULLT VERÐ 6.990 KR.

**4.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

★ N1TILBOÐ

**CARS SPIL**

FULLT VERÐ 5.990 KR.

**2.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x3





PUNKTAR GILDA x2

★ N1TILBOÐ

**CD HJÁLMAR EÐA DIKTA**

FULLT VERÐ 2.790 KR. STK.

**790 KR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

★ N1TILBOÐ

**DVD BARBIE PRINSESSU-SKÓLINN EÐA JOHNNY ENGLISH REBORN**

FULLT VERÐ 2.790 KR. STK.

**790 KR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2



**SVONA NÝTIR ÞÚ ÞER TILBOÐIN**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í apríl eða meðan birgðir endast.

Fíton/SÍA

**Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!**

WWW.N1.IS

N1

## KJÖRKASSINN



*Hljópstu apríl í gær (sunnudag)?*

| | |
|---|---|
| Já | 6% |
| Nei | 94% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Væri rétt að svipta útgerðir veiðiheimildum ef þær brjóta lög?*

Segðu skoðun þína á Visir.is VÍSIR

Suðvestan- og vestanátt verða ríkjandi um allt land yfir hátíðarnar:

# Besta páskaveðrið fyrir austan

**VEÐUR** „Það verður suðvestan- og vestanátt ríkjandi næstu daga. Á norðan- og austanverðu landinu verður hins vegar norðvestan- og norðanátt hluta úr degi á laugardeginum. Þá verður snjókoma eða él," segir Óli Þór Árnason, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, spurður um páskaveðrið.

Óli Þór segir að suðvestanátt verði ríkjandi um mest allt land og að veðrið ætti að verða skást á Austurlandi þegar vestanáttin er búin að þvælast yfir allt land.

„Það eru hins vegar einhver skil sem koma yfir landið, líklega aðfaranótt páskadags, með rigningu en þau eiga að vera komin yfir landið undir hádegi," segir Óli Þór. Veðurstofan gerir ráð fyrir að hitinn verði lengst af 2 til 8 gráður og að sögn Óla er ekki enn orðið sumardekkjafært.

„Það má búast við því að það verði hálka á fjallvegum, sérstaklega á næturlagi, og svo verður dálítið kaldara loft eftir páska."

**- kh**



**VOR** Suðvestanátt verður ríkjandi um land allt yfir páskana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eldhús LSH sér um matsali:

# Starfsfólkið fær líka spítalamat

**HEILBRIGÐISMÁL** Framkvæmdastjórn Landspítala hefur ákveðið að eldhús spítalans taki við rekstri matsala fyrir starfsfólk þann 1. maí 2012. Frá þessu er greint á vef Landspítalans, lsh.is.

„ISS sagði upp samningi sínum frá og með 30. apríl og var því farið í annað útboð," segir í umfjöllun Landspítalans.

„Niðurstaða þess var sú að eldhús Landspítala gæti sinnt þessu verkefni á hagstæðastan hátt."

**- óká**

Annþór og Börkur áfram í haldi:

# Gæsluvarðhald til loka mánaðar

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald yfir Annþóri Kristjáni Karlssyni og Berki Birgissyni var fyrir helgi framlengt til 27. apríl.

Annþór og Börkur, sem báðir hafa hlotið fangelsisdóma fyrir alvarleg afbrot, voru handteknir ásamt hópi fólks um miðjan mars í umfangsmikilli lögregluraussíu. Þeir eru grunaðir um tvær alvarlegar líkamsárásir og þátttöku í skipulagðri glæpastarfsemi.

Lögregla fékk dómsúrskurð til að leita á fjölda staða í höfuðborginni vegna málsins og Guðmundur St. Ragnarsson, verjandi Annþórs, vill koma því á framfæri að við leit heima hjá Annþóri hafi ekki fundist þýfi, fíkniefni eða skotvopn, ólíkt öðrum stöðum. Þar hafi bara verið lagt hald á tölvur og síma.

**- sh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Óboðnir stungu sér til sunds

Lögreglu barst kvörtun um hávaða frá hópi fólks sem skemmti sér í sundlauginni í Grafarvogi í fyrrinótt. Hafði fólkið komist inn fyrir girðingu sem umlykur sundsvæðið.

### Barði konu með kertastjaka

Karlmaður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna alvarlegrar líkamsárásar á konu aðfaranótt sunnudagsins. Árásin átti sér stað á heimili konunnar og er talið að maðurinn hafi slegið hana í höfuðið með kertastjaka. Konan var flutt á slysadeild en mun ekki lífshættulega slösuð. Árásarmaðurinn og fórnarlambið þekktust.

### Framvísaði fölskum passa

Lögreglan handtók mann í Leifsstöð á föstudag en hann hafði framvísað fölsku vegabréfi. Maðurinn hefur að sögn ekki gefið upp rétt nafn og er þjóðerni hans í rannsókn. Alls hafa sjö fölsunarmál af þessu tagi komið upp á árinu.



**FJÖRUFERÐ LEIKSKÓLANS** Margvíslegur þari vex víða við landið og því ljóst að hægt ætti að vera finna stórframleiðslu stað þar sem aðstæður til framleiðslunnar eru góðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þörungar geta leyst af innflutt eldsneyti

**Lífeldsneyti má framleiða úr þörungum í slíku magni að komi í staðinn fyrir innflutt eldsneyti. Orkusparandi ljósdíóðutækni og aðgangur að jarðhita gera aðstæður hér til framleiðslunnar einstakar. Hægt væri að flytja út lífeldsneyti.**

**NÝSKÖPUN** Sérstakar aðstæður hér á landi gætu gert hagkvæma framleiðslu lífeldsneytis úr stórþörungum, eða þangi. Að sögn Ásbjörns Torfasonar, framkvæmdastjóra Vistvænnar orku ehf. gæti eldsneyti sem framleitt væri með þessum hætti komið í stað alls innflutts eldsneytis og er því eftir nokkru að slægjast. „Ísland gæti meira að segja komist í þá stöðu að flytja út eldsneyti sem framleitt væri hér innanlands," segir hann.

Fyrirtækið hyggur á sýnatöku í sumar þar sem leitað verður að hentugum svæðum til þörungaræktunarinnar. „Við auglýstum eftir líffræðingum í þessa vinnu og höfum fengið margar góðar umsóknir frá mjög hæfu fólki," segir Ásbjörn. Í framhaldinu væri svo hægt að hefja tilraunaræktun á hafi úti á völdum stöðum á landinu.

Erlendis eru hafnar tilraunir með vinnslu á lífeldsneyti úr þörungum, svo sem hjá fyrirtækjum á borð við Statoil, DuPont og Novozymes. Skortur á hentugum svæðum hamlar hins vegar ræktun og nýtingu ytra, sem og aðgangur að orkukostum til eftirvinnslu þar sem hitaskiljun yrði notuð til að vinna lífeldsneyti úr þörungunum.

Hér segir Ásbjörn ýmsa ákjósanlega staði þar sem setja mætti upp verksmiðju í nágrenni þörungaræktunarinnar. Til dæmis mætti horfa til jarðvarmavirkjana á Reykjanesi, sem og á Norðurlandi, á Þeistareykjum og við Kröflu.

Vænlegasta kostinn telur Ásbjörn að tengja framleiðsluna við þann mikla hita sem fá mætti með djúpborunarverkefnum, en einnig væri hægt að nýta fyrirliggjandi aðstöðu til framleiðslu við lægra hitastig.

Úr þaranum er hægt að framleiða nokkrar tegundir af eldsneyti, svo sem lífgas, bioetanól og svo biobutanól sem sé mjög líkt bensíni. Síðan megi líka hafa not af hliðarafurðum framleiðslunnar og nota til dæmis í dýrafóður eða sem áburð.

> „Ísland gæti meira að segja komist í þá stöðu að flytja út eldsneyti."
>
> **ÁSBJÖRN TORFASON** VISTVÆN ORKA

Vistvæn orka hefur náð árangri með þróun á ljósdíóðutækni sem notuð er við lýsingu í gróðurhúsum við margvíslega ræktun. Með tækninni hefur verið hægt að draga verulega úr orkunotkun við ræktunina, eða um helming eða meira miðað við hefðbundna lampa sem notaðir eru við ræktunina.

Þessa tækni segir Ásbjörn svo lykilinn að árangri sem ná megi í þörungaræktun. „Hún er þessi litla þúfa sem veltir þessu þunga hlassi," en tilraunir fyrirtækisins við þararæktun hófust þegar erlent stórfyrirtæki í fiskeldi leitaði til Vistvænnar orku um lýsingu fyrir ungplöntur.

Hér heima hefur fyrirtækið þegar, í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Atvinnuþróunarfélag Norðurlands, hafið tilraunir með ræktun á Reykjum í Ölfusi í gróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands. „Á því stigi framleiðum við ungplöntur," segir Ásbjörn, en þegar þær hafa náð þeirri stærð að þær þola flutning þá eru plönturnar fluttar í sjó þar sem þær fá bæði næringu og sólarljós.



**ÁSBJÖRN TORFASON** Vaxtarhraði og nálægð við vinnslu segir Ásbjörn gera þörunga mun álitlegri kost við framleiðslu á lífeldsneyti en ræktun í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með þeirri tækni sem Vistvæn orka hefur þróað við framleiðslu á ungplöntunum er hægt að framleiða mjög mikið magn af þörungum og tryggja þannig þá magnuppskeru sem þarf úr sjó til að standa undir framleiðslunni.

Miðað við það magn af eldsneyti sem flutt var til landsins árið 2011 segir Ásbjörn að miðað við norska útreikninga þyrfti tvær milljónir tonna af lífmassa til að framleiða samsvarandi magn af lífeldsneyti. „En það er algjörlega raunhæft að rækta þetta í þessu magni," segir hann og vísar til þess að erlendis sé þegar í gangi stórfelld stórþörungaframleiðsla, bæði til framleiðslu á lífgasi og svo jafnvel til manneldis líka. „Í tilraun í Noregi voru menn að fá svona 40 til 50 tonn af þurrvigt úr hverjum hektara."

olikr@frettabladid.is


PÁSKATILBOÐ



Mjög öflugt grill fyrir íslenskar aðstæður

44.900
FULLT VERÐ 54.900

16,5 kw/h

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Ryðfrítt lok og takkaborð
- Emaleraðar grillgrindur
- 3 kraftmiklir brennarar
- Sterk viðargrind
- Neistakveikja í rofa
- Grillgrindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 106 x 62cm

Nr.00553

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Opið laugardag til kl. 14

Grillbúðin www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

YFIR 30 GERÐIR GASGRILLA Á PÁSKATILBOÐI



BLÓMSTRAÐU MEÐ SIRRÝ!




**Sirrý** býður í spjall á **Súfistanum** í Bókabúð Máls og menningar, **Laugavegi 18, í kvöld, kl. 20.**

Hvernig laðar maður til sín það góða? **Láttu endilega sjá þig!**

VERÖLD

# Spennandi *bláskel*




## SPAGHETTI VONGOLE *fyrir 4 að hætti Rikku*

- 400 g spaghetti
- 1 msk smjör
- 1 msk ólífuolía
- 2 hvítlauksrif, pressuð
- ½ skalottlaukur, saxaður
- 1 tsk karrý
- ½ tsk chili flögur
- 1 sólþurrkaðir tómatar, grófsaxaðir
- 1 kg bláskel
- 250 ml hvítvín
- 50 ml rjómi
- 150 g ferskar grænar baunir (frosnar)
- salt og nýmalaður pipar
- 3 msk fersk söxuð steinselja

Sjóðið pastað samkvæmt pakkningu. Á meðan pastað er að sjóða hitið þá smjör og ólífuolíu á stórri pönnu, gott er að nota wok pönnu. Steikið laukana þar til að þeir verða mjúkir í gegn, kryddið laukana með karrý og chili flögum. Setjið tómatana saman við og steikið áfram í 2 mínútur. Bætið bláskelinni út á pönnuna og hellið hvítvíninu og rjómanum saman við og látið sjóða niður í 2-3 mínútur. Sigtið vatnið frá pastanum og hellið því út á pönnuna ásamt baununum. Kryddið með salti og pipar og stráið steinselju yfir.




Páskalambalæri Hagkaups




Hamborgarhryggur Hagkaups




Smjörsprautað kalkúnaskip




Ferskur kalkúnn




# Páskaegg *í úrvali*

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 7. apríl á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver varð Íslandsmeistari í badminton í níunda skipti um helgina?*
2. *Hver er formaður Lögmannafélags Íslands?*
3. *Hvað heitir flokkur Aung San Suu Kyi?*

**SVÖR**

*3. Lýðræðisfylkingin*
*1. Ragna Ingólfsdóttir 2. Brynjar Níelsson*

Sýrlendingar segjast fallast á friðaráætlun Sameinuðu þjóðanna:

# Lofa að draga herinn til baka

**SÝRLAND, AP** Kofi Annan, erindreki Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi, tilkynnti öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í gær að Sýrlandsstjórn hafi fallist á að draga herlið sitt frá íbúðahverfum fyrir 10. apríl.

Bashar Ja'fari, sendiherra Sýrlands hjá Sameinuðu þjóðunum, staðfesti þetta og ítrekaði að Sýrlendingar styddu sex punkta friðaráætlun, sem Kofi Annan kynnti þeim nýverið.

Enn hafa þó engin merki sést um að sýrlensk stjórnvöld ætli að framkvæma það, sem krafist er af þeim í friðaráætluninni.

Susan Rice, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, sagðist enn full tortryggni gagnvart Sýrlandsstjórn.

„Við höfum séð að þau hafa skuldbundið sig til að binda enda á átökin og í kjölfarið hafa átökin magnast um helming,“ sagði hún. „Þannig að Bandaríkin, í það minnsta, myndu skoða þessi loforð og segja enn og aftur að staðfesting þeirra felst í athöfnum en ekki orðum.“ **- gb**



**UPPREISNARMENN Í DAMASKUS** Enn er beðið eftir að Sýrlandsstjórn standi við loforðin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vetrarfærð á Holtavörðuheiði:

# Tveir bílar fóru út af á heiðinni

**LÖGREGLUMÁL** Lítil meiðsli urðu á fólki í tveimur bílslysum á Holtavörðuheiði aðfaranótt mánudags. Skafrenningur og hálka var á heiðinni.

Í fyrra slysinu rann bíll í hálkunni og fór út af veginum. Enginn meiddist en þegar verið var að draga bílinn upp á veginn kom annar bíll að. Ökumaður þess bíls náði ekki að stöðva og bíllinn rann út af veginum og valt. Fjórir voru í þeim bíl og kvartaði einn yfir eymslum. Fólkið var flutt í Borgarnes til skoðunar. **- þeb**


**Svefnsófadagar í apríl**

**Áttu von á gestum?**

Mikið úrval svefnsófa með dýnum í sérflokki





**Felix** svefnsófi
**TILBOÐ**
**Kr. 368.900,-**
**Verð áður 461.125,-**





**Felix** tungusófi
**TILBOÐ**
**Kr. 552.000,-**
**Verð áður 690.000,-**

12 mánaða vaxtalaus kjör á svefnsófum í apríl





**Lingen** svefnsófi
**TILBOÐ**
**Kr. 99.000,-**
**Verð áður 123.750,-**

*3,5% lántökugjald.

Betra BAK

**Leggur grunn að góðum degi**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16




**UPPLÝSINGAR** Tölvuþrjótar geta beitt ýmsum aðferðum til að nálgast trúnaðarupplýsingar, allt frá myndum á Facebook-síðu til trúnaðargagna um vopnaframleiðslu. NORDICPHOTOS/AFP

# Netvarnir hjá NATO efldar fyrir milljarða

**Atlantshafsbandalagið ætlar að verja nærri tíu milljörðum króna í að efla netvarnir bandalagsins. Ætla að koma upp viðbragðsteymum sem aðildarríki geta kallað til sé gerð netárás. Fölsk vinabeiðni aðmíráls kom bandalaginu í bobba.**

**VARNARMÁL** Atlantshafsbandalagið (NATO) hefur boðið út verkefni fyrir sem nemur 9,7 milljörðum króna til að efla netvarnir bandalagsins. Um er að ræða stærsta samning sem bandalagið hefur gert til að tryggja upplýsingaöryggi hjá bandalaginu og aðildarríkjum.

Með útboðinu er ætlað að styrkja netvarnarmiðstöð NATO. Miðstöðin er þegar starfandi, en henni er ætlað að starfa á fullum afköstum fyrir lok árs, og er útboðinu ætlað að tryggja það.

Miðstöðinni hefur hingað til fyrst og fremst verið ætlað að tryggja öryggi tölvukerfis bandalagsins. Fyrir árslok er ætlunin að auka áherslu á aðstoð við bandalagsríki, til dæmis með því að deila upplýsingum. Þá verða einnig sett á laggirnar sérstök viðbragðsteymi sem bandalagsríkin geta fengið aðstoð frá sé gerð alvarleg netárás.

„Almenna ályktunin sem má draga af þessu er að menn eru að leggja gríðarlega áherslu á netvarnir,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

Stofnunin starfrækir netöryggisteymi, svokallaðan CERT-hóp, en Hrafnkell segir hópinn leggja alla áherslu á borgaralegar netvarnir, ekki hernaðarlegar eins og NATO. Hópurinn horfi nú fyrst og fremst til samstarfs við Norðurlöndin, þó ekki sé hægt að útiloka samstarf við NATO í framtíðinni.

Reglulega eru gerðar netárásir á stofnanir og fyrirtæki hvar sem er í heiminum. Yfirleitt er ekkert gefið upp um slíkar árásir, þar sem stjórnendur fyrirtækja óttast að traust á fyrirtækjunum hrynji, og hlutabréfaverðið þar með, ef upplýst er um netárásir sem fyrirtækin ná ekki að verjast.

Dæmi eru um slíkar árásir á nokkur af stærstu olíu- og gasframleiðslufyrirtækjum heims nýverið. Árásirnar voru raktar til Kína. Þar sem þær áttu sér bara stað á skrifstofutíma í Peking telja sérfræðingar víst að kínversk stjórnvöld standi á bak við árásirnar.

brjann@frettabladid.is

## Vinabeiðni aðmíráls reyndist fölsk



Yfirmenn í herafla Bandaríkjanna og Bretlands, auk háttsettra embættismanna í löndunum tveimur, féllu í gildru njósnara þegar þeir samþykktu vinabeiðni á Facebook-samskiptasíðunni sem virtist vera frá James Stavridis, bandarískum aðmírál sem starfar nú sem yfirmaður herafla NATO í Evrópu.

Stavridis hafði hins vegar ekki tekið upp á því að setja upp síðu á Facebook, heldur er talið að kínverskir njósnarar hafi staðið á bak við tiltækið, að því er fram kemur í frétt breska dagblaðsins Telegraph um málið.

Tilgangurinn með þessu var að fá sem mest af persónulegum upplýsingum um þessa nýju vini falska aðmírálsins. Hvorki Facebook né NATO hafa gefið upp hversu margir féllu í gildruna.

Njósnararnir fengu með þessu upplýsingar á borð við persónuleg netföng, símanúmer, nöfn fjölskyldumeðlima, myndir og jafnvel upplýsingar um ferðalög viðkomandi. Slíkar upplýsingar geta nýst á margvíslegan hátt, til dæmis til að auðvelda tölvuþrjótum að hakka sig inn í mikilvæg kerfi, og mögulega til að kúga viðkomandi til að gera eitthvað vafasamt.

Afleiðingarnar af þessu urðu aðrar en einhverjir hefðu getað reiknað með. Í stað þess að setja hömlur á notkun á Facebook-síðunni krefst NATO þess nú að yfirmenn og erindrekar hjá bandalaginu séu með sína eigin Facebook-síðu til að koma í veg fyrir sambærileg atvik í framtíðinni.

> Almenna ályktunin sem má draga af þessu er að menn eru að leggja gríðarlega áherslu á netvarnir.



**HRAFNKELL V. GÍSLASON**
FORSTJÓRI PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR

# MacBook Air

## fermingarbókin þín



**Verð frá: 179.990.-**

# Nýr iPad er lentur

Stórkostlegur Retina skjár - 5MP iSight myndavél - Ofurhröð þráðlaus tækni

**Frítt**
iPad námskeið á laugardag
Kl. 13:00 - 14:00
www.epli.is/namskeid



Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**Smáralind**
Opnunartímar
**Virka daga** 11-19 | **Fimmtudaga** 11 - 21 | **Laugardaga** 11 - 18
**Sunnudaga** 13 - 18 | **Sími** 512 1300 | www.epli.is

**Laugavegi 182**
Opnunartímar
**Virka daga** 10-18 | **Laugardaga** 11 - 16
**Sími** 512 1300 | www.epli.is

epli.is



**IÐRUNARBÚNINGUR Í DYMBILVIKU** Þetta er ekki liðsmaður bandarísku öfgasamtakanna Ku Klux Klan heldur Spánverji í iðrunarklæðum kaþólsku samtakanna La Paz í borginni Sevilla. NORDICPHOTOS/AFP

Ákvörðun ÁTVR um að leyfa bjór kenndan við svarta dauða er sjálfstæð:

# Hefur ekki áhrif á önnur bönn

**VERSLUN** Ákvörðun ÁTVR um að heimila sölu á bjór kenndum við svarta dauða mun ekki hafa áhrif á tilvik þar sem fyrirtækið hefur hafnað öðrum tegundum áfengis. Þetta segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR).

ÁTVR hafði hafnað sölu á bjórnum Black Death vegna áletrunarinnar „drekkið í friði“ sem stóð á flöskunum. Ákvörðunin var byggð á því að umbúðum áfengis megi einungis vera skilaboð sem tengist vörunni, gerð hennar eða eiginleikum.

Eigandi vörumerkisins kærði ákvörðunina til fjármálaráðuneytisins. „Þetta er sjálfstæð ákvörðun og er ekki skyld öðrum málum sem eru í gangi,“ segir Sigrún Ósk.

Vegna stjórnsýslukærunnar og þeirra röksemda sem þar hafi komið fram hafi verið farið yfir málið á nýjan leik. Í framhaldi af því var ákveðið að heimila söluna.

Sölu á nokkrum áfengistegundum hefur verið hafnað að undanförnu, meðal annars hefur rauðvíni, sem kennt er við hljómsveitina Motörhead, og páskabjór með mynd af páskaunga verið hafnað af ÁTVR. **- þeb**




**SVARTI DAUÐI** Ákveðið var að leyfa Black Death bjórinn eftir að eigandi vörumerkisins hafði kært höfnunina.

Dópaður ökumaður á Ísafirði:

# Fjórir slógust eftir bílveltu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Ísafirði handtók mann grunaðan um ölvunar- og fíkniefnaakstur á föstudagskvöld. Maðurinn hafði keyrt á ljósastaur og velt bílnum til móts við Strandgötu í Hnífsdal, að því er segir á vef Bæjarins besta. Þrír aðrir voru í bílnum.

Þegar lögreglan kom á vettvang höfðu brotist út slagsmál meðal mannanna. Þeir sluppu allir með minniháttar áverka en ökumaðurinn var færður á lögreglustöð þar sem blóðsýni var tekið úr honum. **- kh**

Yfir 100 milljónum ríkari:

# Vinningshafinn gaf sig fram

**FÓLK** Þeim sem var með allar tölurnar réttar í síðasta útdrætti í Víkingalottóinu og fékk þar með 107.513.352 skattfrjálsar krónur í vinning brá að vonum mikið. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Íslenskri getspá. Fjölskyldan fór oftsinnis yfir miðann áður en vinningshafinn ákvað að gefa sig fram.

Hinn heppni er fjölskyldumaður með uppkomin börn og kveðst ætla að láta alla fjölskylduna njóta góðs af vinningnum þar sem miðinn sé eign hennar allrar.

Um var að ræða 5 raða sjálfvalsmiða á 350 krónur sem keyptur var í Olís við Glerá á Akureyri. **- ibs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Insúlíndælu stolið

Tösku með síma, greiðslukorti og insúlíndælu var stolið af ungri konu á skemmtistaðnum Faktorý aðfaranótt sunnudags. Lögreglan hefur skorað á þjófinn að skila insúlíndælunni, þar sem konan þarf sárlega á henni að halda en hún kemur þjófnum tæplega að gagni.

## HJÁLPARSVEITIR

### Gáfu dekkjadælu

Hjálparsveit skáta í Hveragerði fékk nýverið dekkjadælu að gjöf frá Byko. Nota á dæluna til að pumpa í dekk jeppa sveitarinnar. „Dælan, sem er af gerðinni Fini, á eftir nýtast vel í útköllum og öðrum verkefnum sveitarinnar á fjöllum þegar hleypa þarf úr dekkjum bifreiðanna í snjó og ófærum. Þá er bæði fljótlegt og auðvelt að pumpa í aftur,“ segir á vef sveitarinnar.

# Forskot Romneys nú orðið nánast öruggt

**Forkosningar Repúblikanaflokksins í Wisconsin þykja líklegar til að staðfesta nánast ófyrirstíganlegt forskot Mitt Romneys á mótframbjóðendur hans. Santorum talinn kominn á lokasprettinum. Ron Paul heldur þó ótrauður áfram.**

**BANDARÍKIN, AP** „Sannleikurinn er sá, að ég er að bjarga Repúblikanaflokknum frá sjálfum sér því þeir vilja endalaus stríð,“ sagði Ron Paul, einn fjögurra repúblikana sem sækjast eftir því að verða forsetaefni flokksins.

Nú þegar forkosningar flokksins eru að verða hálfnaðar þá virðist Paul eiga sáralitla möguleika á sigri. Hann ætlar þó ótrauður að halda áfram baráttunni og gagnrýnir mótframbjóðendur sína harðlega fyrir að ætla að halda áfram að ausa fé úr ríkissjóði til stríðsrekstrar í Afganistan og jafnvel víðar um heim.

„Þetta er sóun, endalokin verða ekki góð, og ég held að repúblikanar hafi grafið sig niður í holu vegna þess að þeir eru að reyna að yfirkeyra forsetann með hernaði, segja að við eigum að gera meira af þessu. Samt segjast 75 prósent Bandaríkjamanna hafa fengið nóg af þessu,“ sagði Paul í sjónvarpsviðtali.

Næstu forkosningar flokksins verða haldnar í Wisconsin, Washington-borg og Maryland í dag. Mestu munar þar um Wisconsin, þar sem 42 kjörmenn eru í boði.

Mitt Romney er með yfirburðastöðu. Hann hefur þegar tryggt sér að minnsta kosti 453 kjörmenn af þeim 1.144 sem hann þarf til að verða fyrir valinu á landsfundi Repúblikanaflokksins í ágúst. Að auki hafa 110 kjörmenn lýst yfir stuðningi við hann, þótt þeir séu óbundnir þegar til atkvæðagreiðslu kemur.

Rick Santorum hefur tryggt sér stuðning 193 kjörmanna og fengið stuðningsyfirlýsingu frá 71 til viðbótar. Newt Gingrich hefur tryggt sér stuðning 132 kjörmanna og á líklega stuðning 33 vísan til viðbótar. En Ron Paul hefur aðeins tryggt sér 26 kjörmenn, þótt hann eigi líklega stuðning 52 vísan til viðbótar.

„Ég held að það séu yfirgnæfandi líkur á því að Mitt Romney verði forsetaefni okkar,“ segir Mitch McConnell, leiðtogi minnihluta Repúblikanaflokksins í öldungadeild Bandaríkjaþings. „Mér sýnist að við séum á lokasprettinum við að klára þetta val. Flestir þingmenn repúblikana í öldungadeildinni annað hvort styðja hann, eða eru á sama máli og ég um að nú sé kominn tími til að beina athygli okkar að kosningabaráttunni í haust og byrja að beina spjótum okkar að forseta Bandaríkjanna.“

Samkvæmt skoðanakönnunum hefur Romney til þessa þótt líklegastur repúblikananna fjögurra til að vinna sigur á Barack Obama þegar kosningar verða haldnar í nóvember. Fylgi Obama hefur hins vegar aukist á síðustu dögum.

Þá eru stuðningsmenn Obama strax byrjaðir að skjóta föstum skotum að Romney, meira en hálfu ári fyrir kosningar.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**FJÓRIR MEÐ FORSETADRAUMA** Ron Paul, Rick Santorum, Mitt Romney og Newt Gingrich hlýða á þjóðsöng Bandaríkjanna í sjónvarpskappræðum nýverið. NORDICPHOTOS/AFP

> Mér sýnist að við séum á lokasprettinum við að klára þetta val. “
>
> **MITCH MCCONNELL**
> LEIÐTOGI MINNIHLUTA REPÚBLIKANAFLOKKSINS


## KAUPTHING FUND

Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002
(the “Sicav“)

**ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS**

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KAUPTHING FUND to attend the annual general meeting to be held at the registered office of the Sicav on 19 April 2012 at 10.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the Independent Auditor
2. Approval of the financial statements as at 31 December 2011
3. Allocation of the results
4. Discharge to the Directors
5. Renewal of the mandate of the Independent Auditor
6. Statutory elections
7. Miscellaneous

The shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the Sicav. Shareholders, who wish to attend the annual general meeting, are requested to inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 – ifs.fds@bdl.lu) at least five calendar days prior to the annual general meeting.



## Auglýsing um framlagningu kjörskrár og framboðsfrest vegna kosningar vígslubiskups í Hólaumdæmi 2012

Kjörstjórn við vígslubiskupskosningu hefur, í samræmi við starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011, samið kjörskrá vegna kjörs vígslubiskups í Hólaumdæmi. Á kjörskrá eru 181.

Kjörskráin, sem miðast við 1. apríl 2012, liggur frammi til sýnis á Biskupsstofu, Laugavegi 31, Reykjavík, og hjá prófóstum til þriðjudagsins 10. apríl 2012.
Hún er enn fremur birt á vef þjóðkirkjunnar (kirkjan.is).

Kærur til breytinga á kjörskránni þurfa að hafa borist kjörstjórn á Biskupsstofu fyrir kl. 16.00, þriðjudaginn 10. apríl nk., eða hafa verið póstlagðar og póststimplaðar í síðasta lagi þann dag.

Kjörstjórn úrskurðar kærur og gengur endanlega frá kjörskrá innan viku frá lokum kærufrests. Niðurstöður kjörstjórnar munu liggja frammi á Biskupsstofu og geta kærendur kynnt sér þær þar.

Sá sem hyggst gefa kost á sér sem vígslubiskup í Hólaumdæmi skal tilkynna það kjörstjórn. Tilkynningu þess efnis skal afhenda kjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum eftir að kjörskrá er lögð fram. Tilkynning skal hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi skilafrests, þ.e. 30. apríl 2012 eða hafa verið póstlögð og póststimpluð í síðasta lagi þann dag.

Reykjavík, 1. apríl 2012
F. h. kjörstjórnar
Gísli Baldur Garðarsson,
formaður kjörstjórnar


Kötturinn Lóló lést í grimmilegri árás tveggja hunda í Grafarvogi:

# Eigandi Husky-hunda kærður

**LÖGREGLUMÁL** Eigandi tveggja hunda af Husky-kyni sem drápu kött í Foldahverfinu í Grafarvogi í fyrradag hefur verið kærður til lögreglu. Árásin var svo grimmileg að dýrið hryggbrotnaði.

Hundarnir réðust á læðuna Lóló um eittleytið í gærdag. Það var eigandi hennar sem hrakti hundana tvo á brott og var aðkoman hræðileg. Kötturinn, sem var útataður í blóði og stjarfur af hræðslu, drapst á leiðinni á dýraspítala en hann hryggbrotnaði í árásinni og var allur útbitinn.

Eigandinn hringdi á Neyðarlínuna um leið og árásin átti sér stað en auk þess fékk lögregla tilkynningu um að sömu hundar hefðu farið hálfir ofan í barnavagn á öðrum stað í hverfinu. Lögreglan elti hundana um hverfið og eftir nokkra stund tókst að loka þá inni í garði við Fjallkonuveg. Að því loknu var haft samband við eiganda þeirra sem kom á vettvang og tók dýrin í sína vörslu en annar hundurinn var blóðugur um kjaftinn eftir að hafa ráðist á köttinn.

Eigandi kattarins fór til lögreglu í gærmorgun og lagði fram kæru á hendur eiganda Husky-hundanna. Hann hefur einnig haft samband við hundaeftirlit Reykjavíkur en þar bíða eftirlitsmenn eftir gögnum frá lögreglu. Eigandinn lítur málið grafalvarlegum augum og segist ekki vilja hugsa til þess hvað hefði geta gerst ef barnabörnin hefðu verið að leik fyrir utan húsið þegar hundana bar þar að. **- kh**



**HUSKY-HUNDUR** Eigandi Husky-hundanna hefur verið kærður til lögreglu. MYND/ÚR SAFNI



GRÆNT BÍLALÁN
ergo
ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD
Grænn og vænn
apríl hjá Ergo
2012
GRÆNN
APR L
Ergo vill stuðla að fjölgun á umhverfishæfari bílum á Íslandi og býður því græn bílalán. 15.000 kr. eldsneytis-inneign hjá N1 fylgir öllum grænum lánum í apríl.
N1
Kannaðu kosti grænna bílalána á ergo.is
Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is
ergo

**FRÉTTASKÝRING:** Falklandseyjar þrjátíu árum síðar

## Stríðið stóð í 74 daga

**1982**

- 2. apríl Innrás argentínska hersins hefst að skipun Leopoldo Galtieris, leiðtoga herforingjastjórnarinnar í Argentínu.
- 3. apríl Argentínuher hertekur eyjuna Suður-Georgíu, sem er um 1.400 kílómetra austur af Falklandseyjum.
- 5. apríl Breski herinn sendir 65 herskip og 15.000 hermenn af stað frá Bretlandi til Falklandseyja.
- 12. apríl Bretar lýsa yfir 200 sjómílna bannsvæði í kringum Falklandseyjar.
- 22. apríl Bresk herskip koma að Falklandseyjum.
- 25. apríl Lítil bresk hersveit nær Suður-Georgíu á sitt vald.
- 26. apríl Ronald Reagan Bandaríkjaforseti lýsir yfir stuðningi við Breta.



- 1. maí Breskar sprengjuþotur varpa sprengjum á flugvöllinn á Falklandseyjum.
- 3. maí Umdeildasti atburður stríðsins: Breski kafbáturinn HMS Conqueror skýtur tundurskeytum á argentínska beitiskipið General Belgrano, 30 sjómílur fyrir utan stríðssvæðið. Árásin kostar 323 Argentínumenn lífið. Bretar bera við sjálfsvörn.
- 4. maí Argentínumenn skjóta flugskeyti á breska tundurspillinn HMS Sheffield og sökkva honum. 22 Bretar láta lífið.
- 14. maí Bretar gera árásir á Falklandseyjar og eyðileggja 11 herflugvélar frá Argentínu.
- 20. maí Friðarviðræður fara út um þúfur.
- 21. maí Breskir hermenn ná landi á Falklandseyjum. Argentínumenn sökkva bresku freigátunni HMS Ardent.
- 23. maí Sprengjuárás á breska herskipið HMS Antelope. Bretar eyðileggja 22 argentínskar herþotur á þremur dögum.
- 25. maí Argentínumenn sökkva bresku herskipunum HMS Coventry og MV Atlantic Conveyor.
- 28. maí Bretar ná bænum Goose Green á sitt vald. Átökin kosta 150 argentínska hermenn og 18 breska hermenn lífið.
- 8. júní Um 200 breskir hermenn féllu eða særðust þegar sprengjuárásir voru gerðar á birgðaskipin Sir Galahad og Sir Tristram.
- 11.-13. júní Breskir hermenn ná fjöllunum Longdon og Tumbledown á sitt vald eftir bardaga í návígi.
- 14. júní Argentínska setuliðið í Port Stanley gefst upp.
- 17. júní Galtieri segir af sér.
- 20. júní Stríðsátökum lýkur formlega.


# Hjálpum heima

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fjölbreytta aðstoð á Íslandi. Við hjálpum til sjálfshjálpar.

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann **907 2002**, gefa framlag á **framlag.is**, **gjofsemgefur.is** eða á söfnunarreikning **0334-26-886**, kt. 450670-0499.

**Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn.** Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 120744

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Sími 528 4400


# Argentínumenn ítreka tilkall til Falklandseyja

**Þess var minnst bæði í Argentínu og á Bretlandi í gær að þrjátíu ár eru liðin frá því Falklandseyjastríðið hófst. Stríðsátökin stóðu í 74 daga og kostuðu 907 manns lífið. Vaxandi spenna er á milli ríkjanna vegna olíuleitar fimm breskra fyrirtækja við Falklandseyjar.**

Spenna hefur farið vaxandi milli Argentínu og Bretlands undanfarna daga vegna áforma breskra olíuleitarfyrirtækja sem eru að kanna möguleikann á olíuvinnslu út af Falklandseyjum.

Þrjátíu ár eru liðin frá Falklandseyjastríðinu, sem hófst 2. apríl árið 1982 og lauk 74 dögum síðar með sigri Breta. Átökin kostuðu 907 manns lífið, þar af 649 argentínska hermenn, 255 breska hermenn og þrjá íbúa eyjanna.

Argentínubúar hafa allar götur síðan á 19. öld gert tilkall til eyjanna, sem þeir nefna reyndar Malvínaseyjar en ekki Falklandseyjar. Sú afstaða hefur ekki breyst, þótt ólíklegt sé að Argentínumenn muni leggja út í hernað á ný í von um að ná loks yfirráðum á eyjunum.

### Viðskiptastríð

Argentínustjórn hefur hins vegar hótað lögsókn á hendur nokkrum bönkum, sem hyggjast fjármagna olíuleit fimm breskra fyrirtækja á landgrunninu við Falklandseyjar.

Þótt Argentínumenn hafi látið sér lynda að Bretar ráði á Falklandseyjum, þá eru of miklir hagsmunir fólgnir í olíuvinnslu á svæðinu til þess að hún verði látin afskiptalaus með öllu.

Argentínumenn saka Breta um að brjóta gegn alþjóðasáttmálum með því að vera með herafla á Falklandseyjum. Einnig hafa Argentínumenn reynt að torvelda samgöngur og viðskipti Falklandseyjabúa við umheiminn, meðal annars með því að banna bæði skipasiglingar og flugferðir milli eyjanna og Argentínu.

### Galtieri herforingi

Það var argentínski herforinginn Leopoldo Galtieri, leiðtogi þáverandi herforingjastjórnar í Argentínu, sem tók ákvörðun um að senda herlið sitt til Falklandseyja í byrjun apríl árið 1982. Hann sagði af sér þann 17. júní sama ár, þegar ljóst var að stríðið við Breta var tapað eftir að átökin höfðu kostað hundruð manna lífið.

Íbúar eyjanna vildu hins vegar ekki segja skilið við Bretland og Margaret Thatcher, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, sem hikaði ekki við að senda öflugt breskt herlið til að berjast við Argentínumenn.

### Herforingjastjórnin

Herforingjastjórninni í Argentínu hefur jafnan verið kennt um að hafa látið sverfa til stáls, en íbúar Falklandseyja virðast sannfærðir um að almenningur í Argentínu geti ekki hugsað sér að missa tilkallið til eyjanna.

Christina Fernandez, forseti Argentínu, hefur nú birt opinberlega skýrslu um öll þau mistök sem herforingjastjórnin gerði í Falklandseyjastríðinu. Skýrsluna átti ekki að birta fyrr en eftir fimmtíu ár, en Fernandez leggur mikla áherslu á að draga fram í dagsljósið þann þátt sem herforingjastjórnin átti í stríðinu. Argentínskum almenningi megi ekki kenna um það, hvað þá núverandi stjórnvöldum sem segja fráleitt að þau ætli að fara út í hernaðarátök á ný, þrátt fyrir lítt dulbúnar hótanir um viðskiptastríð vegna olíuáforma.

### Hávaði

Bresku fyrirtækin, sem stunda nú olíuleit við Falklandseyjar, gefa hins vegar lítið fyrir hótanir Argentínu um viðskiptastríð.

„Þetta er eins og að gelta að tunglinu," hefur AP-fréttastofan eftir John Foster, framkvæmdastjóra breska fyrirtækisins Falkland Islands Holding, sem á hlut í einu fyrirtækjanna sem stundar olíuleit við Falklandseyjar.

„Tilkallið er hvorki viðurkennt af íbúum Bretlands né íbúum Falklandseyja. Fjárfestar átta sig á að Argentína er með hávaða, en þetta er bara hávaði."

## Spenna vegna olíuvinnslu

Stjórnvöld í Argentínu hafa hótað breskum og bandarískum bönkum lögsókn í von um að koma í veg fyrir að þeir útvegi fé til fimm breskra olíuleitarfyrirtækja sem eru að kanna landgrunnið í kringum Falklandseyjar.




Heimildir: Oil company reports, Sunday Telegraph © GRAPHIC NEWS



**MINNISMERKI Í ARGENTÍNU** Stúlka skoðar nöfn hinna föllnu á minnismerki í Ushuaia í Argentínu, þar sem skráð eru nöfn allra þeirra 649 argentínsku hermanna sem létu lífið. NORDICPHOTOS/AFP

**907** manns féllu í stríði Breta og Argentínumanna um Falklandseyjar árið 1982.



**MINNISMERKI Í BRETLANDI** Eiginkona eins hinna föllnu bresku hermanna við nafn hans á minnismerki í Staffordshire, þar sem skráð eru nöfn allra þeirra 255 Breta sem létu lífið í átökunum árið 1982. NORDICPHOTOS/AFP




**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is

# Þetta er rafmagnsgítar, sjónvarp, myndavél, leikjatölva og orðabók...

...og auðvitað tölva svo fermingarbarnið geti
sent þér skilaboð til að segja „takk“ !




Samsung Galaxy Tab 7.7

## 6.490 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 114.900 kr.

Nett, hraðvirk og meðfærileg.

Samsung Galaxy Tab 8.9

## 4.990 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 84.900 kr.

Frábær græja til að nota í leik og starfi.

Samsung Galaxy Tab 10.1

## 5.990 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 99.900 kr.

Skarpur skjár og öflugur vafri.

siminn.is

Síminn

*Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán. gjald



# VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?

**Heimilið**
**Líf- og heilsa**
**Bíllinn**
**Fyrirtækið**

**Í gegnum árin byggjum við upp heimili utan um líf okkar.** Við gerum okkur ekki grein fyrir verðmæti þess sem er í kringum okkur í daglegu lífi – ekki fyrr en eitthvað kemur fyrir.

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. **Reiknivélin á www.vordur.is hjálpar þér fyrstu skrefin.**

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.**



vörður

**766 MILLJÓNIR KRÓNA** var meðalvelta á dag með hlutabréf í íslensku Kauphöllinni í mars. Í febrúar var meðalvelta á dag 183 milljónir króna.

Frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra:

# Gjaldeyrishöftin bæði hert og rýmkuð í senn

Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefur lagt fram frumvarp á Alþingi um frekari breytingar á núgildandi gjaldeyrishöftum. Boðað var að frekari breytinga á lögum um gjaldeyrismál væri að vænta þegar Alþingi lokaði fyrir glufu í haftalögunum í síðasta mánuði.

Segja má að breytingarnar sem lagðar eru til í nýja frumvarpinu séu tvenns konar. Annars vegar eru undanþágur frá höftunum rýmkaðar og hins vegar er eftirlit með þeim hert og viðurlög við brotum gerð strangari.

Helstu breytingarnar sem lagðar eru til í nýja frumvarpinu og miða að rýmkun undanþága eru hækkun framfærsluheimilda, rýmkun endurfjárfestingaheimilda, frekari heimildir til gjaldeyrisviðskipta í tengslum við atvinnustarfsemi og rýmkun á heimild til erlendrar lántöku. Þá er gert ráð fyrir heimild fyrir innlenda aðila til kaupa á farartæki til eigin nota innanlands.

Eins og áður sagði er eftirlit með höftunum hert, til að mynda eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum vegna greiðslu vaxta, verðbóta, arðs og samningsbundinna afborgana. Þá er almenn heimild Seðlabankans til upplýsingaöflunar í þágu eftirlits hert og heimilaðar stjórnvaldssektir vegna brota hækkaðar.

Loks eru Seðlabankanum veittar heimildir til þess að setja reglur sem kveða á um undanþágur frá ákveðnum takmörkunum laganna. Þannig geti bankinn losað um takmarkanir eins og aðstæður leyfi en einnig brugðist skjótt við komi í ljós að undanþágur opni á sniðgöngumöguleika eða misnotkun.

- mþl

Líf og fjör í Kauphöll í mars:

## Mikið keypt og selt í Marel

Heildarviðskipti með hlutabréf í Kauphöllinni námu 16,9 milljörðum króna í mars sem jafngildir 766 milljónum á dag. Til samanburðar var velta með hlutabréf 3,8 milljarðar í febrúar eða 183 milljónir á dag.

Mest voru viðskipti með bréf Marels eða sem nam 9,5 milljörðum. Því næst komu viðskipti með bréf Haga, sem námu 4,8 milljörðum, og með bréf Icelandair eða sem nam 1,3 milljörðum.

Í mánuðinum hækkaði úrvalsvísitalan OMXI6 um 6,1% og stendur nú í 1040 stigum.

Þá voru heildarviðskipti með skuldabréf 279 milljarðar í mars sem samsvarar 12,7 milljarða veltu á dag.

- mþl

Rekstraraðili Pitstop kaupandi:

## Söluferli á Sólningu lokið

Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans, hefur selt hjólbarðafyrirtækið Sólningu til Gunnars Justinussen sem átti hagstæðasta tilboðið í opnu söluferli. Heildarvirði félagsins í viðskiptunum er 440 milljónir króna en salan er tilkynnt með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Sólning rekur fjögur hjólbarðaverkstæði í Reykjavík, Kópavogi, Njarðvík og á Selfossi. Þá rekur Gunnar fyrir hjólbarðafyrirtækið Pitstop.

Alls skilaði 21 áhugasamur kaupandi inn óskuldbindandi tilboði í fyrirtækið. Þar af fengu fimm aðgang að gagnaherbergi til að afla sér frekari upplýsinga.

- mþl

FÍR
FÉLAG ÍSLENSKRA RAFVIRKJA

Aðalfundur

Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja verður haldinn mánudaginn 16. apríl, kl. 17:30.
Fundurinn verður haldinn í sal Rafiðnaðarskólans
á Stórhöfða 27, 1. hæð.
Gengið inn Grafarvogsmeginn.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Kosning fulltrúa FÍR á aðalfund Stafa lífeyrissjóðs
Tillaga að lagabreytingum
Önnur mál

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja.

http://www.rafis.is/fir/



**SAMDRÁTTUR** Íbúðalánasjóður lánaði 24 milljarða króna í ný útlán í fyrra. Það er um þremur milljörðum krónum minna en árið áður. Sjóðurinn ætlar að bjóða upp á óverðtryggð lán frá og með næstkomandi hausti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hafa ekki uppfyllt markmiðið frá 2008

**Íbúðalánasjóð vantar um tíu milljarða króna til að uppfylla markmið um eiginfjárhlutfall sjóðsins sem sett er fram í reglugerð. Íslenska ríkið mun þurfa að leggja fram upphæðina. Stefnir að því að bjóða upp á óverðtryggð lán í haust.**

Íbúðalánasjóður (ÍLS) hefur ekki uppfyllt langtímamarkmið sitt um eiginfjárhlutfall, sem er 5%, í tæp fjögur ár. Það var 8% um mitt ár 2008 en var 2,3% um síðustu áramót, þrátt fyrir að íslenska ríkið hafi lagt sjóðnum til 33 milljarða króna fyrir rétt um ári. Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri ÍLS, segir að eigandi sjóðsins, íslenska ríkið, þurfi að leggja honum til um tíu milljarða króna svo hann nái að uppfylla langtímamarkmið sitt um eiginfjárhlutfall.

ÍLS birti ársreikning sinn í lok síðustu viku. Þar kom fram að sjóðurinn hefði skilað 986 milljóna króna hagnaði á síðasta ári samanborið við 34,5 milljarða króna tap á árinu áður. Á fjáraukalögum ársins 2010 fékk fjármálaráðherra heimild til að leggja sjóðnum til 33 milljarða króna til að styrkja eiginfjárstöðu hans. Loforðið var fært til eignar og hækkunar á eigin fé í árslok 2010. Framlagið var síðan greitt út í lok mars 2011 í formi ríkisskuldabréfa.

Heildareignir ÍLS námu 864 milljörðum króna um síðustu áramót. Þar af voru útlán til viðskiptavina 782 milljarðar króna. Ný útlán á árinu 2001 voru 24 milljarðar króna sem var þremur milljörðum króna minna en árið áður. Alls voru 21,8 milljarðar króna bókfærðir á ársreikningi sjóðsins í árslok 2011 og 8,3 milljarðar króna voru afskrifaðir endanlega á því ári.

Eiginfjárhlutfall sjóðsins var 2,3%, sem er töluvert undir því langtímamarkmiði hans að hlutfallið sé yfir 5%. Sigurður segir markmiðið þó enn raunhæft. Til að ná því séu tvær leiðir færar. Önnur er sú að það komi í ljós að sjóðurinn hafi ofmetið afskriftarþörf sína, og geti þar af leiðandi nýtt fé sem er á afskriftarreikningi sem eigið fé. Sigurður segist þó ekki sjá annað í stöðunni en að afskriftasjóðurinn verði nýttur að fullu. Hin leiðin er að ríkið leggi ÍLS til nýtt eigið fé, sem þyrfti þá að vera um tíu milljarðar króna. „Öll okkar samskipti við eigandann ganga út frá því að það muni þurfa eiginfjárframlag frá honum fyrr eða síðar. Þá erum við að tala um svona tíu milljarða króna. Hins vegar hafa stjórnvöld ekki gefið okkur alveg skýr svör um hvenær við fáum þetta aukna eiginfjárframlag. Það hefur verið rætt um að það verði á þessu ári, en við höfum þó ekki fengið skýr svör við því.“

ÍLS hefur tilkynnt að sjóðurinn ætli sér að bjóða upp á óverðtryggð íbúðalán frá og með komandi hausti. Að sögn Sigurðar er sú vinna komin vel á veg. „Miðað við þau viðbrögð sem við höfum fengið þá er engin ástæða til að ætla annað en að þetta verði hægt.“

thordur@frettabladid.is

### Fasteignum sjóðsins fjölgaði um 537

Íbúðalánasjóður hefur leyst til sín fjölda eigna á síðustu misserum vegna greiðsluerfiðleika lántakenda hjá sjóðnum. Í ársreikningi Íbúðalánasjóðs fyrir árið 2011 kemur fram að sjóðurinn leysti til sín 691 íbúð á árinu en seldi 154 íbúðir. Til samanburðar leysti sjóðurinn til sín 854 fasteignir á árinu 2010. Í lok árs 2011 voru alls 1.606 fullnustueignir í eigu sjóðsins og hafði fjölgað um 537 á árinu. Um 40% þessara eigna eru í útleigu en sjóðurinn býður íbúðir til leigu á þeim svæðum þar sem skortur er á leiguhúsnæði og sjóðurinn er ekki með ráðandi markaðshlutdeild. Aðrar eignir fara í söluferli. Samanlagt bókfært virði fasteigna sjóðsins er 22,5 milljarðar króna en bókfærða virðið tekur mið af áætluðu markaðsvirði. Loks kemur fram í ársreikningnum að um 80% eignanna eru á landsbyggðinni, flestar á Suðurnesjum eða um fjórðungur allra eigna.

Stoðir draga saman seglin á árinu með sölu eigna:

# Högnuðust um 1,1 milljarð

Stoðir, sem áður hétu FL Group, högnuðust um 1,1 milljarð króna á síðasta ári. Helstu eignir félagsins eru 99,94% hlutur í Tryggingamiðstöðinni (TM), 40,3% hlutur í hollenska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco og 16% hlutur í Geysi Green Energy. Þær voru metnar á 35,4 milljarða króna um síðustu áramót og eiginfjárhlutfall félagsins var 89%. TM var nýverið auglýst til sölu og því ljóst að Stoðir munu enn frekar draga saman segl sín á þessu ári.

Helstu breytingar í rekstri Stoða á árinu 2011 voru þær að félagið seldi 5,9% hlut sinn í Royal Unibrew á 5,3 milljarða króna. Hagnaðurinn af sölunni rann beint í að greiða niður lán og við það lækkuðu bæði skuldir og eignir félagsins um sömu upphæð.

Þetta kemur fram í ársreikningi Stoða sem birtur var eftir aðalfund félagsins síðastliðinn föstudag.

Kröfuhafar Stoða samþykktu nauðasamning í júní 2009. Samkvæmt honum fengu allir óverðtryggðir kröfuhafar eina milljón króna eingreiðslu og 5% af viðbótarkröfu greidda með almennum hlutum í Stoðum. Á meðal þeirra kröfuhafa sem hafa fengið greitt með þessum hætti er íslenska ríkið, sem fékk virðisaukaskattaskuld greidda í formi 0,015% eignarhluts í Stoðum greidda til sín í fyrravor.

Stærstu eigendur Stoða eru þrotabú Glitnis (40,2%), Landsbankinn og dótturfélag hans Horn (13,4%) og Arion banki (16,3%). - þsj




**TM** Tryggingafélagið fór í formlegt söluferli fyrr í þessum mánuði. Þegar búið verður að selja það mun Refresco verða langstærsta eignin sem Stoðir eiga áfram.

husa.is

# KOMDU OG FÁÐU TILBOÐ Í SÓLPALLINN

## LANDSINS MESTA ÚRVAL AF PALLAEFNI








## SÉRFRÆÐINGAR OKKAR SJÁ VEL UM ÞIG

1. ÞÚ KEMUR TIL OKKAR MEÐ ÞÍNAR HUGMYNDIR
2. VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ EFNISTAKA OG ÚTFÆRA PALLINN Á GÓÐU VERÐI
3. ÞÚ SÆKIR EFNIÐ EÐA VIÐ SENDUM ÞÉR ÞAÐ HEIM AÐ DYRUM

HÚSASMIÐJAN SELUR EINGÖNGU GAGNVARIÐ TIMBUR FRÁ FRAMLEIÐENDUM SEM NOTA VIÐURKENND EFNI GAGNVART UMHVERFI OG HEILSU FÓLKS.



## NÝTT UPPHAF!

Sameining Húsasmiðjunnar og Bygma markar nýtt upphaf á íslenskum byggingavörumarkaði. Það eru spennandi tímar framundan í Húsasmiðjunni þar sem Íslendingar hafa fengið allt frá grunni að góðu heimili síðan 1956.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslensk náttúra þarf bæði virðingu og vernd:

## Sterkasta aðdráttaraflið

Náttúra Íslands er „Íslendingurinn sem raunverulega meikaði það í útlöndum,“ svo vitnað sé í ágæta bakþanka Sifjar Sigmarsdóttur sem birtust hér í blaðinu á föstudaginn.

Í sama blaði er viðtal við Árna Gunnarsson formann Samtaka ferðaþjónustu. Að hans mati eru brýnustu verkefni íslenskrar ferðaþjónustu að fjölga ferðamönnum á veturna, byggja upp aðstöðu á ferðamannastöðum og hlúa að náttúrunni.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Vinsældir Íslands sem áfangastaðar ferðamanna hafa aukist gríðarlega á umliðnum árum. Sem betur fer hefur aukningin ekki aðeins orðið á sumarmánuðum heldur hefur hægt og bítandi tekist að fjölga einnig ferðamönnum utan hásumartímans. Þetta þýðir að fjárfesting í ferðamannaþjónustu nýtist mun betur en þegar ferðamenn þjappast fleiri á styttri tíma og dreifir einnig álagi á fjölsótta staði.

Engu að síður verður að gæta vel að því að álag á vinsæla áfangastaði ferðamanna verði ekki meira en staðirnir geta borið á þeim tíma sem þeir eru fjölsóttastir. Auk þess að leitast við að dreifa ferðamannastraumnum meira yfir árið mætti dreifa álaginu á fleiri staði á landinu.

Þótt goshverir séu ekki á hverju strái þá má upplifa töfra jarðhitans talsvert víðar en á þeim stöðum sem ferðamönnum er nú beint á. Tilkomumikil vatnsföll og fossa má finna hringinn í kringum landið og áfram mætti lengi telja.

Alltaf verður þó að gera ráð fyrir að nokkrir staðir á landinu standi upp úr í vinsældum og þurfi því að bera þungan straum ferðamanna. Þessa staði, til dæmis svæðin í kringum Gullfoss og Geysi, verður að gera þannig úr garði að mannvirki verji náttúruna eins og kostur er, auk þess sem huga þarf að öryggismálum ferðamanna. Þetta kostar peninga.

Í viðtalinu við Árna Gunnarsson kemur meðal annars fram að í könnun sem gerð var meðal erlendra ferðamanna á nokkrum vinsælum áfangastöðum kom í ljós að 95 prósent þeirra voru fúsir til að greiða hóflegt aðgöngugjald að viðkomandi stað yrði fénu varið til uppbyggingar á viðkomandi stað. Kannanir hafa einnig sýnt að meðal Íslendinga nýtur hugmyndin um aðgangseyri að vinsælum ferðamannastöðum talsverðs fylgis. Með slíkri gjaldtöku getur uppbygging þjónustu og vernd vinsælla ferðamannastaða orðið mun markvissari en nú er.

Ástæður þess að þeim fjölgar sífellt sem vilja sækja Ísland heim eru ýmsar. Veik staða gjaldmiðilsins gerir að verkum að sá hópur er stærri en áður sem á þess kost að taka sér ferð til Íslands á hendur. Grunnástæða þess að útlendingar vilja koma hingað er þó alltaf Íslendingurinn sem meikaði það í útlöndum; íslensk náttúra. Það er fyrst og fremst til að upplifa íslenska náttúru og njóta hennar sem fólk um heim allan sækist eftir að koma til landsins. Það er því nauðsynlegt að hlúa að náttúrunni og verja hana fyrir ágangi um leið og við bjóðum ferðamönnum að njóta hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

COSTA TUNGUSÓFI !




betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
Betra BAK

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Innsýn í viðræðuferlið

Þrír meðlimir í samninganefnd Íslands vegna aðildarviðræðnanna við ESB skrifuðu grein um gang þeirra sem birtist hér í blaðinu á laugardag. Þar kom fram að samningskafla um utanríkis-, öryggis- og varnarmál hefði verið lokað og að í viðræðum vegna hans hefði samninganefndin lagt þunga áherslu á herleysi landsins. Virðist hafa verið auðsótt að fá þá sérstöðu viðurkennda í yfirlýsingu sem verður hluti aðildarsamningsins sem fyrirhugað er að leggja í þjóðaratkvæði. Þar sem aðildarsamningar eru jafn réttháir sáttmálum ESB er um markverða yfirlýsingu að ræða.



### EVRÓPUSAMBANDSHER!

Það þarf ekki að koma á óvart að slík yfirlýsing hafi verið auðsótt enda hernaðarbrölt ekki hluti af ESB-samstarfinu. Í ljósi þessara tíðinda má þó kannski rifja upp auglýsingar sem Samtök ungra bænda birtu fyrir nokkrum misserum þar sem bar að líta brynvarðan fallbyssubíl og textann: „Við viljum ekki senda afkomendur okkar í Evrópusambandsherinn!“ með stríðsletri. Raunar hafa talsvert fleiri en ungir bændur talað í þessa veru, þar á meðal Heimssýn, og það þrátt fyrir að slíkur her sé ekki til né áætlanir um að koma slíkum her á fót. Forvitnilegt verður að sjá hvort þessum fráleita málflutningi linni nú.



### Tröllasögur hraktar

Dæmi þetta varpar ágætis ljósi á þann ábata fyrir umræðuna sem felst í að ljúka aðildarviðræðunum. Þá þarf ekki lengur að deila um hvað hægt er að semja um því það mun nefnilega liggja fyrir. Með öðrum orðum ættu ýmiss konar mýtur og tröllasögur um ESB að hverfa úr umræðunni. En það er kannski einmitt þess vegna sem sumir vilja hætta viðræðunum.

magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR




## Hvað er Sahel?

Hjálparstarf



Stefán Ingi Stefánsson
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Daginn sem Snæfríður Emilía komst til læknis var hún aðframkomin. Bústnar kinnarnar voru orðnar innfallnar, hendurnar beinaberar. Foreldrarnir þekktu vart lengur tveggja ára gömlu stúlkuna sína. Hvað yrði um barnið þeirra?

En kraftaverkin gerast enn. Fjórum vikum eftir að fislétt stúlkan var lögð í hvítmálað rúm hafði hún þyngst vel og var farin að brosa. Tveimur mánuðum síðar var hún orðin eins og hún átti að sér að vera. Foreldrarnir önduðu léttar. Síðan litu þeir eitt andartak ringlaðir hvor á annan. Ef dóttir þeirra hefði ekki fengið meðhöndlun hefði hún veslast upp og dáið.

Það skal nú upplýst að Snæfríður Emilía heitir í raun og sanni Fatíma. Hún á ekki heima í Grafarvogi eða Grundarfirði heldur í Tsjad. Slæmu fréttirnar eru að þessar vikur eru mörg börn í Tsjad í sömu stöðu og hún var – bráðavannærð. Góðu fréttirnar eru að það er mögulegt að hjálpa þeim.

Vannærð börn þurfa alls ekki að láta lífið. Leiðir til að koma í veg fyrir það eru vel þekktar og UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, notar þær á hverjum einasta degi. Vítamínbætt og orkuríkt jarðhnetumauk, svokallað „plumpy-nut“, er meðal þess sem gerir kraftaverk fyrir börn eins og Fatímu. Þrír pakkar á dag, ásamt hreinu vatni, þurrmjólkurblöndum, saltupplausnum og lyfjum ef þess þarf – og meiri hluti barna nær sér á einungis fáeinum vikum.

Í dag hringir UNICEF viðvörunarbjöllum um allan heim og biður fólk að beina sjónum að einu fátækasta svæði veraldar: Sahel-svæðinu í Vestur- og Mið-Afríku. Þar hefur hættuástand skapast. Miklir þurrkar valda búsifjum í átta ríkjum, uppskera hefur brugðist, skepnur drepist og vatnsból þornað. Ung börn eru iðulega fyrri til að veikjast en fullorðnir – og fljótari að falla. UNICEF er á staðnum og metur það svo að ein milljón ungra barna eigi á hættu að látast af völdum alvarlegrar bráðavannæringar. En það þarf ekki að gerast.

Í dag hefst neyðarsöfnun UNICEF fyrir Sahel. Allt starf samtakanna – stærstu barnahjálparsamtaka heims – er rekið með frjálsum framlögum. Á síðunni www.unicef.is má leggja söfnun UNICEF á Íslandi lið. Framlag þitt skiptir máli. Saman getum við komið þúsundum barna til hjálpar á næstu vikum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu

HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT



Róbert R. Spanó
prófessor við lagadeild HÍ

Undanfarin misseri hefur talsvert verið rætt um þróun skipulagðrar brotastarfsemi hér á landi og hvernig eigi að bregðast við henni. Umræðan hefur einkum beinst að því hvort og þá að hvaða marki lögreglunni skuli fengnar víðtækari rannsóknarheimildir en hún hefur samkvæmt gildandi lögum til að stemma stigu við slíkri starfsemi. Eru heimildir af þessu tagi jafnan nefndar „forvirkar rannsóknarheimildir“.

Afar brýnt er að þessi umræða fari fram á málefnalegum forsendum þar sem rök með og á móti því að veita lögreglu auknar heimildir til inngrips í líf borgaranna séu metin af yfirvegun. Er því tilefni til að ræða þetta efni að þessu sinni í þágu upplýstrar umræðu.

### Sakamálalög og forvirkar rannsóknarheimildir

Samkvæmt sakamálalögum er grundvallarskilyrði fyrir því að lögreglan geti rannsakað háttsemi tiltekins manns að fyrir liggi rökstuddur grunur á því hann hafi framið refsivert brot. Af þessu leiðir í fyrsta lagi að lögreglan getur ekki aðhafst gagnvart manni á grundvelli orðróms, sögusagna eða getgáta. Skilyrðið um rökstuddan grun felur í sér að áþreifanlegar upplýsingar, eitthvað sem hönd er á festandi, verði að liggja fyrir um að tiltekinn maður hafi framið refsivert brot. Í öðru lagi getur lögreglan almennt ekki brugðist við fyrr en maður hefur a.m.k. hafið undirbúning að því að fremja brot og það sé því komið á tilraunarstig.

Eins og lögum er nú háttað getur lögreglan þannig ekki ákveðið að maður eða hópur manna skuli sæta rannsókn án þess að þessi tvö grundvallarskilyrði séu uppfyllt. Þátttaka manns í tilteknum félagsskap, samneyti hans við aðra menn sem vitað er að hafa brotið af sér eða regluleg vera manns á tilteknum stað eru því ekki atvik sem geta legið til grundvallar ákvörðun lögreglu um að hefja sakamálarannsókn án þess að meira komi til. Heimildir lögreglu eru fyrst og fremst bundnar við að rannsaka brot sem þegar hafa átt sér stað eða eru í þann mund að eiga sér stað. Lögreglan hefur því samkvæmt gildandi lögum ekkert svigrúm til að rannsaka fyrir fram mann eða hóp manna sem þykja líklegir til að fremja brot sem telst liður í skipulagðri brotastarfsemi eða sem ógnar öryggi ríkisins. Álitaefnið er þá hvort veita eigi lögreglu meira svigrúm í þeim efnum með svokölluðum „forvirkum rannsóknarheimildum“.

Í þingsályktunartillögu um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu, sem lögð var fram á 139. löggjafarþingi 2010-2011, segir að í slíkum heimildum felist „að lögreglan fær heimild til að safna upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila þótt ekki liggi fyrir rökstuddur grunur um tiltekið afbrot sem framið hefur verið. Rannsókn fer fram áður en brot er framið og markmiðið er að koma í veg fyrir brot. Rannsóknin beinist að atferli sem talið er ógna almenningi, öryggi ríkisins og sjálfstæði þess.“

Forvirkum rannsóknarheimildum er þannig ætlað að veita lögreglu vald til að rannsaka og kortleggja einstaklinga og hópa sem ekki er hægt að tengja fyrirfram beinlínis við tiltekið brot. En hver eru rökin með og á móti því að lögreglan hafi slíkar heimildir?

### Rökin með forvirkum rannsóknarheimildum

Valdheimildir lögreglu verða að taka mið af þeim raunveruleika sem mannleg samfélög búa við á hverjum tíma. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum lögreglu hefur sú þróun átt sér stað að skipulögð brotastarfsemi er við það að festa rætur hér á landi. Sú staða leiðir til þess að refsivörslukerfið verður að þróast í takt við eðli þess vanda sem við er að etja. Skipulögð brotastarfsemi vegur að undirstöðum hvers lýðræðisríkis. Ekki verður brugðist við kerfisbundnu og skipulögðu samstarfi manna um að fremja brot og nýta sér veikleika stofnana samfélagsins með hefðbundnum úrræðum lögreglu sem útiloka að tekið sé á vandanum áður en brot er framið. Upplýsingaöflun og greining upplýsinga er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að taka á slíkum vanda í þágu alls almennings. Með þetta í huga sé óhjákvæmilegt að borgararnir játi nauðsyn þess að skýr lagafyrirmæli veiti lögreglu heimildir til að safna saman og greina upplýsingar um tiltekna menn og hópa. Nágrannaþjóðir Íslands hafa talið nauðsynlegt að veita lögreglu forvirkar rannsóknarheimildir með slík sjónarmið í huga.

### Rökin gegn forvirkum rannsóknarheimildum

Athafnafrelsi borgaranna er meginreglan í lýðfrjálsu þjóðfélagi. Verður það aðeins takmarkað þegar maður hefur í reynd brotið af sér og þá til tjóns fyrir samfélagið. Rannsóknir lögreglu og inngrip í líf borgaranna geta ekki byggst á óáþreifanlegu mati eða líkum á því að maður eða hópur manna muni standa að brotum. Með því opnast möguleikinn á handahófskenndum ákvörðunum valdhafanna. Erfitt er að tryggja með lögum að val á viðfangsefnum af hálfu lögreglu sé byggt á málefnalegum forsendum. Þá er vandasamt að koma öflugu og skilvirku eftirliti við. Nærlæg hætta er á því að gagnagrunnur upplýsinga verði til hjá lögreglu sem kann að verða nýttur í ómálefnalegum tilgangi. Ísland er mjög lítið samfélag. Forvirkar rannsóknarheimildir henta slíku samfélagi illa.

### Hvaða atriði þarf að huga að við setningu laga um forvirkar rannsóknarheimildir?

Við mögulega útfærslu lagaheimilda um forvirkar rannsóknarheimildir skipta þrjú atriði grundvallarmáli, en þau verður að hafa í huga þegar framangreind rök með og á móti þessum heimildum eru metin:

Í fyrsta lagi verður að vanda vel til verka við að orða í lagatexta þau sjónarmið sem þurfa að vera uppfyllt til að forvirkum rannsóknarheimildum verði beitt. Ekki er mögulegt í ljósi grundvallarreglna stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu að veita lögreglu óhóflegt svigrúm í þessum efnum. Á hinn bóginn liggur í eðli slíkra heimilda að ekki verður gerð krafa um rökstuddan grun um refsivert brot eða vitneskju um að brot sé beinlínis fyrirhugað.

Í öðru lagi skiptir verulegu máli að hugað sé að samtímaeftirliti með ákvörðunum lögreglu um beitingu slíkra heimilda. Lögregla yrði jafnan að leita úrskurðar dómstóla áður en rannsóknaraðgerðum sem lið í forvirku eftirliti sé beitt. Þá kæmi til greina að sérstakir talsmenn úr hópi lögmanna væru skipaðir til að gæta hagsmuna þeirra manna eða hóps manna sem í hlut eiga.

Í þriðja lagi væri nauðsynlegt að mælt yrði fyrir um reglubundið eftirlit Alþingis með aðgerðum lögreglu á vettvangi fastanefnda þingsins á grundvelli skýrslugjafar innanríkisráðherra. Þá kæmi til greina að umboðsmanni Alþingis yrði fengið sérstakt eftirlitshlutverk í þessu sambandi.

Það er hlutverk Alþingis að taka afstöðu til þess hvort veita eigi lögreglu heimildir til að taka saman og greina upplýsingar um menn og hópa manna með forvirkum hætti. Þar verður að gæta varfærni. Að mati höfundar er þó hægt með góðum undirbúningi og vandaðri vinnu að feta einstigið á milli andstæðra sjónarmiða í þeim efnum ef pólitískur vilji stendur til þess.



# Dorma býður

Glæsileg fermingartilboð á 120 og 140 cm Nature's Rest

Það er gott að dorma!

Hlífðardýna fylgir fermingartilboðum



Fermingar-tilboð kr. 78.900,-

STÆRÐ 120X200

FRÁBÆR KAUP

## Dorma-verð

### Nature's Rest

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 39.000,- | 65.900,- |
| 100x200 | 42.000,- | 69.900,- |
| 120x200 | 48.000,- | 78.900,- |
| 140x200 | 53.000,- | 84.900,- |
| 160x200 | 67.900,- | 99.900,- |
| 180x200 | 73.900,- | 109.900,- |

Aðeins kr. 159.000,-

Tunga báðum megin

Tveir litir

## Frábærir svefnsófar í sumarbústaðinn og gestaherbergið



217 cm br.

Tunga 155 cm

## Dún...dur tvennutilboð!

**Frábær fermingar-gjöf, hlý og mjúk dúnsæng ásamt dúnkodda.**



Tvennutilboð kr. 16.900,-

Fermingargjöf

HLÝ OG MJÚK



Gaflar verð frá kr. 29.900,-

MARGIR LITIR

Komdu og skoðaðu úrvalið ! Allar stærðir



Náttborð kr. 15.900,-

ÞRÍR LITIR

Brúnt svart eða hvítt

OPIÐ: Í dag og á morgun frá kl. 10.00-18.00 • Laugardag frá kl. 11.00-16.00

# betra verð!

KOMDU NÚNA

# Stillanlegt að þínum þörfum!

## Aðeins kr. 34.754 á mán.

12 mán. vaxtalaus greiðsludreifing*

eða 399.900 kr. staðgreitt

SHAPE þrýstijöfnunar heilsudýna á C&J stillanlegum botni.
**Verðdæmi 2x90x200 cm.**



Charlotte & Julien
Dream your world™

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og enda-stopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- Þráðfjarstýring

**Heilsudýna sem:**

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- 5 ára ábyrgð !

Settu þig í þægilegar stellingar og láttu þreytuna eftir amstur dagsins líða úr þér.

### Tilboðsverð

**C&J + Shape dýna**

| Stærð cm. | Með still. botni |
|---|---|
| 2x80x200 | 375.800,- |
| 2x90x200 | 399.800,- |
| 2x90x210 | 405.800,- |
| 2x100x200 | 423.800,- |
| 120x200 | 230.900,- |
| 140x200 | 257.900,- |

* 3,5% lántökugjald

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



**Shape Comfort** kr. 4.900,- ★★★★★ Alhliða heilsukoddi — MJÚKUR

**Shape Classic** kr. 5.900,- ★★★★★ Ótrúlega þægilegur — ÞÉTTUR

**Shape Original** kr. 8.900,- ★★★★★ Veitir réttan stuðning — STUÐNINGS LAG

Shape heilsukoddarnir gefa þann stuðning og þægindi sem tryggja þér góða næturhvíld. Shape heilsukoddarnir eru gerðir úr byltingarkenndu Visco-Elastic þrýstijöfnunarefni. Shape heilsukoddarnir tryggja að höfuð þitt er í náttúrulegri svefnstöðu og létta því á öxlum. Byltingarkennda Shape Visco-Elastic þrýstijöfnunarefnið tryggir góða öndun í heilsukoddanum. AloeVera áklæði fyrir einstaka mýkt og öndun.

**Kominn aftur!**

Svefnsvæði 120x195 cm
Einnig til án arma.

**Daisy svefnsófi** kr. 89.900,- ★★★★★ BRÚNN & GRÁR



Með rúmfatageymslu

**Milano hægindastóll** kr. 39.900,- ★★★★★ Til í 4 litum — Frábært verð



## DORMA HOLTAGÖRÐUM!



DORMA
– býður góða nótt

**Holtagörðum • Sími 512 6800 • dorma.is**

# Flaggskip þjóðkirkjunnar

Biskupsembættið
Sigurður Árni Þórðarson
prestur



Í aðdraganda biskupskjörs var ég spurður um fyrstu verkefni í starfi ef ég yrði kjörinn biskup. Af þremur forgangsverkefnum er varða ungt fólk, fjármál og starfsfólk tel ég að mikilvægasta verkefnið varði æsku þjóðarinnar.

Heilbrigð kirkja þjónar fólki. Þjóðkirkjan á að leggja sérstaka rækt við framtíðarfólkið, börn og unglinga, og þjóna barnafjölskyldum vel. Sem barn naut ég þeirra forréttinda að alast upp í barnvænu trúarumhverfi kirkjunnar. Þjónusta mín við kirkju Krists í landinu á rætur í þeirri sáningu og umönnun, sem ég naut í æsku. Ég á sjálfur ung börn og uppeldismál eru mér því áhugaefni og daglegt viðfangsefni.

Við upphaf 21. aldar er trúaruppeldi þeirrar kynslóðar, sem nú er að vaxa úr grasi, mikilvægasta fjárfesting kirkjunnar. Brýn verkefni eru að tryggja góða þjónustu við börn og unglinga óháð búsetu og að efla fagmennsku í æskulýðsstarfi.

Æskulýðsstarf kirkjunnar er grunnþjónusta, sem á að vera í boði í öllum sóknum. Aðstæður eru ólíkar og söfnuðir í dreifbýli og þéttbýli hafa ólíkar þarfir. Þess vegna skiptir höfuðmáli að greina þarfir sóknanna á landsvísu og byggja upp frá grasrótinni glaða og ríka kirkju. Uppbygging í barna- og unglingastarfi hefur margfeldisáhrif því á bak við hvert glatt barn í kirkjustarfi eru ánægðar fjölskyldur.

Kirkjan þarf að tryggja faglegt umhverfi fyrir barna- og æskulýðsstarf. Það verður aðeins gert með fagmenntuðu fólki, sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á starfinu. Á landsbyggðinni sinna sóknarprestar barna- og unglingastarfi og þeim þarf að tryggja aðgang að kennsluefni og faglegu baklandi til að sinna unga fólkinu sem best. Nýta þarf samstarfssvæði safnaða þar sem margar sóknir starfa saman líkt og nýtt átaksverkefni í æskulýðsmálum í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi er vísir að. Þar verður ráðinn æskulýðsfulltrúi í hálft starf til að styðja minni söfnuði í prófastsdæminu við uppbyggingu æskulýðsstarfs. Þá þarf að tryggja aðgang ungs fólks að leiðtogaþjálfun.

Samstarf er lykillinn að árangri. Með því að færa efnisgerð og forystu um einstaka þætti æskulýðsstarfs út til safnaðanna nýtist mannauður kirkjunnar til fulls. Þannig gætu sóknir, sem skara fram úr á einstökum sviðum, fengið fjárveitingu til að leiða þann málaflokk í ákveðinn tíma og orðið „móðurkirkjur“ þess starfs. Með því að færa verkefni út í söfnuðina má nýta sérþekkingu þeirra í þágu heildarinnar. Hlutverk biskupsstofu verður síðan að miðla því efni, sem til verður og samþætta samstarf safnaðanna.

Barna- og æskulýðsstarf er flaggskip kirkjunnar og ætti að vera forgangsverkefni á komandi árum. Unga fólkið er framtíð kirkjunnar og starf í þess þágu kallar fjölskyldur í landinu til liðs við kirkjuna.




# Nýliðun fyrir hvern?

Sjávarútvegsmál
Þórhallur Hjaltason
stýrimaður Eskifirði



Nú hefur ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur komið með enn eitt sjávarútvegsfrumvarpið sem á að leysa allan ágreining um sjávarútvegskerfið. Nú á að ná sáttum við þjóðina – reyndar aðra hluta þjóðarinnar en sjómenn og fiskverkafólk, sem höfum þó af þessarri atvinnugrein lifibrauð. Einn af helstu útgangspunktum ríkisstjórnarinnar er að auka „nýliðun“ í kerfinu með stórauknum ríkispottum sem stjórnmálamenn deila eftir eigin reglum og hagsmunum heima í héraði.

Þegar stjórnmálamenn tala um nýliðun í greininni sjá þeir fyrir sér syngjandi trillusjómenn haldandi til veiða. Þessi rómantíska sýn á sjávarútveg er eins og að sjá fyrir sér sveitir landsins fullar af fólki – bændur að heyja með ljá og Bjössi á mjólkurbílnum keyrir um á gömlum Ford T, sækir mjólkurbrúsana heim í hlað og flautar í áttina að heimasætunum. En allir vita að þannig er ekki íslenskur landbúnaður í dag og engum dytti í hug að koma með frumvarp þess efnis að hverfa aftur til þess tíma.

> Í mínum huga er nýliðun í sjávarútvegi að ungir menn geti farið og menntað sig í vélstjórn eða skipstjórn, komið heim aftur og…

Í mínum huga er nýliðun í sjávarútvegi að ungir menn geti farið og menntað sig í vélstjórn eða skipstjórn, komið heim aftur og haft öruggar og góðar tekjur af því að vinna í öruggu starfsumhverfi. Ég þekki þó nokkuð af mönnum sem skuldsettu sig til að kaupa trillu á 7-10 milljónir og treysta á að geta veitt frítt í boði ríkisins annaðhvort á strandveiðum eða byggðakvóta. Útgerð þessarra einstaklinga hefur gengið mjög illa og það sem hefur bjargað afkomu þessarra manna og heimila þeirra eru afleysingar á togurum og nótaskipum hér í Fjarðabyggð. Er þetta nýliðun byggð á öruggri afkomu í öruggu starfsumhverfi? Hins vegar vegnar þeim ágætlega sem fyrir áttu trillurnar, skuldlausar, með nokkra tugi milljóna inni á bók eftir kvótasölu. Þessir einstaklingar halda nú frítt til veiða í boði ríkisstjórnarinnar og mér segir svo hugur að þeir muni uppfylla rómantíska sýn Jóhönnu og Steingríms um syngjandi trillukarlana. Og hver veit, kannski ná þeir að selja sig síðan í annað eða þriðja skiptið út úr kerfinu.

# Samsærið gegn fórnarlömbum læknamistaka

Heilbrigðismál

Árni Richard Árnason
stærð- og verkfræðingur



Haustið 2007 gekkst ég undir krossbandsaðgerð og tilheyrandi endurhæfingu í Orkuhúsinu. Í aðgerðinni voru skornar sinar úr tveimur vöðvum í hnésbótinni til að endurbyggja nýtt krossband. Eftir aðgerðina slitnaði nýja krossbandið tiltölulega fljótt þó ég hafi ekki hafið íþróttaiðkun að ráði. Einnig eyðilögðust sinarnar í hnésbótinni að fullu og tilheyrandi vöðvar visnuðu.

Fyrir þessa örlagaríku aðgerð stundaði ég keppnishlaup í mörg ár með slitið krossband. Eftir aðgerðina hef ég ekki getað hlaupið, og tapaður vöðvastyrkur hefur leitt til alvarlegra erfiðleika við að standa og hræðilegrar veikingar hnésins. Ég hef gengist undir 11 aðgerðir í Danmörku og Finnlandi í því skyni að bæta fyrir skaðann. Eftir þessar aðgerðir hef ég verið rúmliggjandi alls í meira en eitt ár. Ég gekkst undir nýja krossbandsaðgerð hjá fremsta krossbandssérfræðingi Dana, en í þeirri aðgerð kom í ljós að fyrra krossbandið hafði verið rangt staðsett. Sá læknir, sem heldur námskeið í krossbandsaðgerðum, telur að læknar Orkuhússins hafi gerst sekir um þekkt byrjendamistök þegar borað var fyrir nýja krossbandinu.

Eftir krossbandsaðgerðina í Orkuhúsinu gekkst ég undir sjúkraþjálfun sem á sér engin fordæmi í heiminum. Daginn eftir aðgerðina var ég látinn þjálfa hnésbótarvöðvana með margvíslegum æfingum, en staðreyndin er sú að þessa vöðva má alls ekki þjálfa fyrr en sinarnar hafa vaxið aftur, u.þ.b. sex vikum eftir aðgerð. Þetta kemur fram í hverri einustu kennslubók í krossbandsaðgerðum sem ég hef fundið. Ég hef lýst umræddri sjúkraþjálfun fyrir fjölda lækna og enginn þeirra hefur heyrt um þvílíka meðferð.

Ég sendi viðkomandi heilbrigðisstarfsmönnum og landlæknisembættinu bréf í upphafi árs 2009 og varaði við umræddum æfingum. Svo virðist sem ekki hafi verið tekið mark á mér því annar sjúklingur með slitinn vöðva í hnésbótinni hefur haft samband við mig, en hann hlaut samskonar meðferð hjá sama sjúkraþjálfara seinna það árið.

Í kjölfarið skipaði embætti landlæknis tvo álitsgjafa til að gefa umsagnir um kvartanir mínar. Umsagnaraðili aðgerðarhluta var Magnús Páll Albertsson, meðstofnandi læknastöðvar Orkuhússins og starfandi handarskurðlæknir þar til margra ára. Umsagnaraðili sjúkraþjálfunarhluta var Sigrún Vala Björnsdóttir, lektor við Háskóla Íslands. Þeirra niðurstaða var sú að engin mistök hafi verið gerð.

Magnús segir í umsögn sinni að krossbandið hafi verið staðsett „á nákvæmlega sama stað og hið gamla“. Magnús rökstyður ekki niðurstöðu sína né sýnir fram á hana með myndrænum hætti. Ennfremur reynir hann ekki að skýra hvers vegna færasti krossbandssérfræðingur Dana taldi krossbandið rangt staðsett heldur gagnrýnir Magnús hann harðlega með því að segja hann beita ótraustvekjandi aðferðum án þess þó að skýra það að nokkru leyti.

Ég brást við með að kynna mér krossbandsaðgerðir í þaula og las hundruð fræðigreina um anatómíu krossbanda og leitaði álits fjölda sérfræðinga sem allir hafa sammælst um að krossbandið var rangt staðsett. Í ljósi vitneskju minnar í dag er það mér hulið að Magnús hafi komist að þessari niðurstöðu og ég fullyrði að hann sé að segja ósatt. Ég hef getað fært sönnur á að krossbandið var rangt staðsett í báðum festingum sínum með margvíslegum hætti og með tilvísunum í fjölda greina og myndræn gögn.

Ennfremur leynir Magnús þeirri staðreynd að sömu vöðvar slitnuðu og skorið var úr. Meira að segja gefur hann í skyn að annar vöðvi hafi slitnað en sá sem tilgreindur er í læknaskýrslu. Tilgangur Magnúsar er að hylma yfir þá staðreynd að um sömu vöðva voru að ræða. Magnús gengur svo langt að fullyrða að skemmdir á vöðvunum séu ekki afleiðing af aðgerðinni.

Sigrún réttlætir sjúkraþjálfunina með því að vísa í fjölda greina sem fjalla eingöngu um krossbandsaðgerðir með sinatöku frá hnéskeljarsin, en það er ekki sú aðgerð sem ég gekkst undir. Það er velþekkt að þjálfun má byrja mun fyrr eftir slíkar aðgerðir. Ennfremur reynir

> Ég var fórnarlamb ótrúlegrar vanþekkingar heilbrigðisstarfsmanna. Sjúklingar eiga að fá réttlátar bætur …

Sigrún að réttlæta æfingar í tækjasal með því að vitna í grein án þess að minnast á að í henni er varað við notkun lóða í tvo mánuði eftir aðgerð. Ég sendi fyrirspurn til höfundar þeirrar greinar og fékk til baka afgerandi skoðun hans um að ég hafi fengið ranga sjúkraþjálfun. Sigrún varar við að sjúklingar fái skriflegt endurhæfingarplan eftir krossbandsaðgerðir, þó það tíðkist almennt, og einnig varar Sigrún við æfingum sem þó er mælt með í greinum sem hún vitnar sjálf í.

Þessar ásamt fjölda annarra athugasemda sendi ég til landlæknis. Einnig kvartaði ég yfir málsmeðferð embættisins í 17 liðum. Síðar barst bréf frá landlækni þar sem segir að álitsgjafar hafi ekki svarað athugasemdum mínum og álit landlæknis standi því óbreytt. Ég fékk því engin svör við athugasemdum mínum. Kvörtunarbréfi mínu var heldur ekki svarað. Hér er um að ræða skipulagt og glæpsamlegt samsæri til að hindra að ég fái þær bætur sem ég á rétt á.

Það gera allir mistök en það er ekki sama hvers eðlis mistökin eru. Ég var fórnarlamb ótrúlegrar vanþekkingar heilbrigðisstarfsmanna. Sjúklingar eiga að fá réttlátar bætur og heilbrigðisstarfsfólk á að tryggja sig fyrir mistökum. Ef landlæknir gegndi hlutverki sínu þá væri hægt að koma í veg fyrir mörg mistök.

Frekari upplýsingar um mitt mál er að finna á vefsíðu minni, *www.arnirichard.dk*.


## Gefðu sparnað í fermingargjöf




**Fermingarkortið er inneignarkort** sem hentar þeim vel sem vilja gefa sparnað í fermingargjöf. Landsbankinn greiðir 5.000 króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn.

**Fermingarkortið er gjöf** sem leggur grunn að fjárhag framtíðarinnar.
Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst án endurgjalds í útibúum Landsbankans.



# Af fordómum í garð Hjálpræðishersins

Trúmál

Pétur Björgvin Þorsteinsson
djákni



Hjálpræðisherinn var varla kominn til Reykjavíkur um aldamótin þarsíðustu, meðlimir hans höfðu varla byrjað samkomuhald þegar út kom smárit í Reykjavík þar sem höfundur valdi að hæðast að trúargjörningum þeirra. Þar mátti lesa setningar eins og: „Sálma sína syngja þeir og spila með mjög mikilli léttúð.“ Á Akureyri gekk andófið svo langt að einni herkonu var troðið ofan í kartöflusekk og átti að henda henni í sjóinn.

Að sjálfsögðu er umfjöllunin um þessi félagasamtök sem nú hafa starfað í hartnær 120 ár hér á landi fjölbreytt. Um samkomuhald þeirra sagði Þórbergur Þórðarson á sínum efri árum að þar „talaði lífið en ekki guðfræðin,“ en Þórbergur sótti samkomur í Herkastalanum á árunum 1906 til 1912 og er áhugavert að lesa bók hans Ofvitann í því samhengi sem hér er skrifað. Halldór Laxness þekkti líka vel til Hjálpræðishersins eins og greinilega kemur fram í bók hans um Sölku Völku. Af orðum hans má greina hrifningu á því hvernig einstaklingunum sem kenna sig við Hjálpræðisherinn tekst að samsama sig þeim sem eru staddir á erfiðum stað í lífinu.

**Fjölbreytt trúarflóra**

Sú staðreynd að kirkjur hafa ekki lengur einokandi hlutverk í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við og að nú ríkir samkeppni hefur breytt trúarbrögðunum og hugsunarhætti fólks um trú, líka á Íslandi. Einstaklingar búa ekki lengur almennt yfir trúarreynslu, efinn hefur fengið á sig ríkara form fræðimennskunnar og honum er gjarnan beint gegn kennisetningum. Siðferðisdómar birtast í fjölbreyttari myndum, hinn félagslegi stuðningur er annar og á tímum upplifir fólk sem það sé skilið eftir bjargarlaust. Þessi upplifun, samhliða minni virkri þátttöku fólks á trúarlegum vettvangi vill svo aftur leiða til þess að fólk hættir þátttöku og segir sig jafnvel úr trúfélagi. Gott er að hafa í huga að trúfrelsi var innleitt á Íslandi með nýrri stjórnarskrá 1874 á sama tíma og önnur mikilvæg mannréttindi eins og rétturinn til atvinnu, rétturinn til framfærslu, skoðana-, prent-, félaga- og fundafrelsi.

**Viðhorf í garð þeirra sem eiga öðruvísi trú**

Í þessu samhengi er ljóst að við þurfum að spyrja okkur hvaða mynd við gerum okkur af þeim sem hafa aðra trúarafstöðu eða lífssýn, sérstaklega ef þeir eru virkir þátttakendur í trúfélögum, og hvernig við umgöngumst aðra í fjöltrúarlegu samhengi. Leita þarf leiða til að við sem samfélag getum lifað í sátt og samlyndi, þrátt fyrir ólíka trú. Sá sem leggur upp í slíka leit verður að vera þess meðvitaður hvernig eigin trúarhefð og eigin trú eða lífsskoðun rúmar þá staðreynd að til sé fólk sem á sér aðra trú og trúarhefðir. Slík vinna felur einnig í sér sjálfsskoðun sem snýr að því hvernig einstaklingurinn getur tekist á við fjöltrúarlega færni þannig að hann sé ekki fastur í djúpum hjólförum eigin lífsskoðunar.

> Saga Hjálpræðishersins hefur að geyma hvort tveggja, það sem vel hefur verið gert sem og það sem hefur mistekist hörmulega.

**Að byggja á því sem vel er gert**

Hlutverk okkar allra hlýtur að vera að byggja á því sem vel er gert og spyrja hvernig hindra megi það sem brýtur samfélagið niður. Hvert sem litið er sjáum við að þeim sem vel tekst til með sumt, tekst hrapallega til með annað. Við erum ekki fullkomin. Við erum manneskjur. En með sameiginlegu átaki getum við bætt margt í mannlegu samfélagi. Saga Hjálpræðishersins hefur að geyma hvort tveggja, það sem vel hefur verið gert sem og það sem hefur mistekist hörmulega. Hjálpræðisherinn verður að læra að taka gagnrýni og byggja starf sitt á faglegum forsendum. En um leið verða þeir sem gagnrýna starf Hjálpræðishersins að reyna að draga úr alhæfingum og sleggjudómum og setja þess í stað fram faglega gagnrýni, ábendingar um góða starfshætti eða á annan hátt koma skilaboðum sínum þannig á framfæri að fólki og aðstæðum sé sýnd virðing.

SÍÐUSTU FORVÖÐ
Aðeins tveir dagar eftir af páskatilboðsdögum



Miele
PÁSKAVERÐ*
Miele þvottavél W1634
áður kr. 184.500
nú kr. 169.900
Miele þvottavél W1714
áður kr. 202.500
nú kr. 184.900
* á meðan byrgðir endast
EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Rafbækur í skólastarfi

Menntamál

Óskar Þór Þráinsson
upplýsingafræðingur og stofnandi rafbókaveitunnar Emma.is



Það gera fáir sér grein fyrir því hve mikið magn bóka fer í gegnum hendur hvers nemanda sem stundar nám í tólf til átján ár. Útlit þeirra og innihald er breytingum háð en í grunninn eru þetta allt bækur sem kenna okkur að nema, skilja heiminn í kringum okkur og undirbúa okkur undir lífið. Bækurnar breytast og tæknin með og nú er rafbókin, nýjasta form bóka, farin að láta á sér kræla í íslenska skólakerfinu.

Rafbækur eru skrár á tölvutæku formi sem virka á hliðstæðan hátt og bækur. Þær eru til á ólíkum formum sem hægt er að lesa í mismunandi tækjum en byggja allar á sömu grundvallarreglu. Rafbækur eru tölvuskrár sem innihalda texta og myndir og eru framsettar á staðlaðan hátt. Ákveðnar tegundir rafbóka geta einnig komist lengra og innihaldið margmiðlunarefni svo sem hljóð, myndskeið, tengla á ítarefni og geta jafnvel verið gagnvirkar. Að hluta til eiga rafbækur meira sameiginlegt með vefsíðum heldur en prentuðum bókum enda byggir rafbókatæknin á sömu stöðlum og vefsíður. Rafbækur eru ólíkar bókum á Pdf formi að því leyti að staðsetning texta og mynda er ekki fast negld niður heldur er flæðandi og getur breyst.

Helsti kostur rafbóka fram yfir prentuðu bókina er að lesandinn stjórnar lestrarupplifuninni. Lesandinn getur aðlagað rafbókina að sínum þörfum með því að stjórna stærð texta, leturgerð, lit texta og bakgrunns og getur oft stækkað og minnkað myndir. Þetta eru dýrmætir möguleikar sem veita ýmsum hópum svo sem lesblindum, sjóndöprum og blindum aukið aðgengi að bókum. Rafrænn texti eykur einnig möguleika á að leita í texta, finna viðeigandi upplýsingar fljótt og örugglega og býður upp á að glósa heilu málsgreinarnar án fyrirhafnar.

Það er útbreiddur misskilningur að rafbækur þurfi að lesa í sérstökum lestækjum. Reyndin er að rafbækur er hægt að lesa í mörgum tækjum svo sem í hefðbundnum borð- og fartölvum, snjallsímum, lófatölvum, snjalltöflum eins og GalaxyTab eða iPad eða í sérhönnuðum lestöflum eins og Kindle eða Nook. Þessi tæki innihalda eða geta notað hugbúnað til þess að lesa ákveðnar tegundir rafbóka.

> Helsti kostur rafbóka fram yfir prentuðu bókina er að lesandinn stjórnar lestrarupplifuninni. Lesandinn getur aðlagað rafbókina að sínum þörfum með því að stjórna stærð texta, leturgerð, lit texta og bakgrunns og getur oft stækkað og minnkað myndir.

Lestæki eru heldur ekki háð ákveðnum rafbókaveitum. Öll ofangreind tæki geta lesið rafbækur frá fjölda netverslana og rafbókaveitna. Rafbækur og lestæki eru því algjörlega aðskildir hlutir og óháð hvert öðru. Það er því mikilvægt að hafa í huga að rafbókavæðing náms- og lestrarbóka er ekki háð ákveðnum tækjum. Tölvukostur leik-, grunn-, framhalds- og háskóla er þegar reiðubúinn til þess að veita kennurum og nemendum aðgang að rafbókum án fjárfestinga í lestækjakosti.

Gerð rafbóka lýtur að mestu leyti sömu lögmálum og gerð prentaðra bóka. Skrifa þarf texta, setja inn myndir, skipuleggja framsetningu efnis og vanda til frágangs og uppsetningar. Með vandaðri ritstjórn geta rafbækur verið í stöðugri þróun. Þar sem rafbækur eru í eðli sínu rafrænar er auðvelt að lagfæra villur, endurskoðun efnis getur átt sér stað reglulega og þróun námsefnis getur verið lifandi án þess að því fylgi kostnaður við prentun, endurprentun og dreifingu.

Rafbókavæðing skólakerfisins snýr ekki eingöngu að námsbókum. Skólakerfið byggir einnig á lestri bókmennta. Um leið og nemendur og kennarar tileinka sér rafrænar námsbækur liggur beint við að nota almennar bækur á rafbókaformi. Nemendur geta tileinkað sér rafbækur í lestrarnámi og til afþreyingar. Skólabókasöfn geta þannig þróast í rafskólabókasöfn fyrir náms-, fræði- og afþreyingabækur og miðstöð þekkingar innan skólanna. Nemendur, kennarar og starfsfólk geta nálgast nýjar og gamlar bækur á bókasöfnum skólanna.

Rafbækur bjóða upp á gífurlega marga möguleika í skólastarfi. Það er skylda okkar að vera opin fyrir nýjungum og leita leiða til framþróunar og endurbóta. Tökum fagnandi á móti nýrri tækni og tileinkum okkur hana skólakerfinu til framdráttar.

# Fjölskylduvænn bær í miklum blóma

Stjórnsýsla

Erling Ásgeirsson
formaður bæjarráðs Garðabæjar



Í ársreikningi fyrir árið 2011 kemur fram að rekstur Garðabæjar var jákvæður um 352 milljónir króna og að hann gekk vel á öllum sviðum á árinu. Bærinn er í miklum blóma um þessar mundir. Bæði er fjárhagsstaðan traust og íbúarnir almennt ánægðir með þjónustu sveitarfélagsins og sitt nánasta umhverfi. Nýbirtur ársreikningur og viðhorfskannanir bera því glöggt vitni. Þessi niðurstaða er sérlega ánægjuleg, ekki síst í ljósi erfiðs árferðis undanfarinna missera.

Ein ástæða þess að rekstrarafgangur ársins 2011 er meiri en gert var ráð fyrir er fjölgun íbúa umfram spár. Garðbæingum fjölgaði um 3,4% á árinu. Þessi fjölgun ein og sér er til marks um að eftirsóknarvert sé að búa í Garðabæ en sem fyrr segir bera viðhorfskannanir að sama brunni. Þá eru álögur á íbúa lágar. Útsvar er til að mynda lægra í Garðabæ en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og með því lægsta sem gerist á landinu.

**Nýr leikskóli og hjúkrunarheimili**

Í Garðabæ hafa framkvæmdir og uppbygging þjónustustofnana haldið áfram, þrátt fyrir erfitt efnahagsástand. Nýr leikskóli tók til starfa í nýju hverfi, Akrahverfinu, í janúar síðastliðnum. Með tilkomu hans er tryggt að bærinn geti áfram boðið öllum börnum leikskólavist sem eru orðin 18 mánaða þegar skólaárið hefst að hausti. Meginþungi framkvæmdanna var á árinu 2011. Engin lán voru tekin til að byggja leikskólann sem bæjarfélagið á því skuldlaust. Á árinu héldu einnig áfram framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem verið er að reisa í Sjálandshverfi. Þangað mun starfsemi hjúkrunarheimilisins Holtsbúðar, sem nú er staðsett á Vífilsstöðum, flytja í byrjun næsta árs. Húsið verður alls 4 hæðir, um 6.000 fermetrar og áætlaður kostnaður er 1,9 milljarðar króna sem er fjármagnað með útgáfu skuldabréfa. Bæjarsjóður fær 85% þeirrar fjármögnunar endurgreidd frá ríkinu í formi húsaleigu á 20 árum.

**Gott skólastarf skilar árangri**

Allt frá því að sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólanna hefur metnaður bæjarstjórnar staðið til þess að í bænum sé grunnskólastarf í fremstu röð. Í bænum starfa sex grunnskólar, fjórir þeirra eru reknir af bænum og tveir af einkaaðilum. Börn í Garðabæ eiga aðgang að öllum þessum skólum án þess að greiða skólagjöld og því geta foreldrar valið þann skóla sem þeir telja að henti sínu barni best. Á árinu 2011 uppskáru grunnskólar bæjarins ríkulega. Niðurstöður PISA-könnunar frá 2009 sem voru kynntar á árinu sýndu að nemendur í Garðabæ standa sig afburða vel. Árangur þeirra var marktækt betri en meðaltal Íslands í öllum þáttum, þ.e. lesskilningi, læsi á stærðfræði og læsi í náttúrufræði, og var sambærilegur við árangur nemenda í Finnlandi sem oftast hafa komið best út úr þessari könnun. Nýleg skýrsla leiddi ennfremur í ljós að í Garðabæ er ekki marktækur munur á lesskilningi drengja og stúlkna. Á árinu fékk Sjálandsskóli afhent Íslensku menntaverðlaunin og er það mikill heiður fyrir þennan unga skóla sem hefur verið í fararbroddi á mörgum sviðum m.a. hvað varðar einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta, sveigjanlega og lýðræðislega kennsluhætti og útikennslu. Við sama tækifæri fékk Gunnlaugur Sigurðsson, fyrrverandi skólastjóri Garðaskóla, verðlaun fyrir merkt ævistarf.

**Við viljum skara fram úr**

Það er mikil áskorun fólgin í því að reka gott sveitarfélag í þágu íbúa. Í Garðabæ tökumst við óhrædd á við þessa áskorun. Við leitumst við að gera það af ábyrgð og auðmýkt í senn. Við viljum skara fram úr og erum óbangin við að reyna nýjar leiðir að því markmiði. Við leggjum áherslu á að fara ábyrgum höndum um sameiginlega sjóði bæjarbúa í markvissri viðleitni til að standa undir kröfum þeirra um framúrskarandi rekstur og þjónustu. Árið 2011 var okkur heilladrjúgt og útlitið er gott í fyrirsjáanlegri framtíð. Ég vil þakka stjórnendum og starfsfólki Garðabæjar sérstaklega fyrir þennan góða árangur og bæjarbúum öllum fyrir gott samstarf um leið og ég óska lesendum öllum gleðiríks sumars.

# Europris

**OPNUNARTÍMI UM PÁSKA**
Skírdagur: **Opið**
Föstudagurinn langi: **Lokað**
Laugardagur, 7. apríl: **Opið**
Páskadagur: **Lokað**
Annar í páskum: **Opið**

**TILBOÐIN GILDA 3.4 - 10.4. 2012**
**EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.**

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

# Gleðilega páska!



50 í pk
**399**
**PÁSKASERVÍETTUR**



16 cm
**259**
**KUBBAKERTI**



**79**
**COCA COLA**
33 cl



50 metrar
**2790**
**PAPPÍRSDÚKUR**
50 metrar
6 metrar, kr 399



**24.990**
**GARÐHÚSGÖGN**
Tveir stólar og borð
Hvítt ál



**11.999**
**GRÓÐURHÚS**
Með hillum



50 ltr!
**1590**
**GEYMSLUKASSI**
59 x 40 x 38 cm
Fleiri litir



**25%**
afsláttur á páskaskrauti



**20%**
afsláttur á prjónagarni

europris.is




# 49.990

**22" LED SJÓNVARP**
Full HD (1920 x 1080)
Með innbyggðum DVD spilara
~~Verð áður: kr 59.990~~

DENVER®



# 13.990

**BARNABÍLSTÓLL**
9-36 kg






# 9990 pr stk

**MYNDAVÉLAR**
HP CA 350 og Pentax Optio E90

# 9990

**BARNABÍLSTÓLL**
15-36 kg
Með stillanlegu baki og hnakkapúða



# 4999

**VAGNPOKI**
Fjólublá/ljósbrúnn/svartur



# 7990

**RUGGUSTÓLL**



# 2499

**BARNABÍLSÆTI**
15-36 kg



# frá 3990

**FERÐATÖSKUR**
Á hjólum
45x18x29 cm, kr 3990
52x22x38 cm, kr 5990



# 3990

IT INTERNATIONAL TRAVELLER
**FERÐATÖSKUR**
Á hjólum
76 cm



# frá 9990

IT INTERNATIONAL TRAVELLER
**FERÐATÖSKUR**
Sterkar og léttar töskur á hjólum
46 cm, kr 9990
61 cm, kr 10.990
68,5 cm, kr 12.990



## JEPPA- OG SKÍÐAFERÐ UM PÁSKA

**Útivist efnir til jeppa- og skíðaferðar um páskana. Ekið er á eigin bílum inn á Dómadalsleið. Þaðan er farið á skíðum í Dalakofann en jepparnir flytja farangurinn. Á laugardag og páskadag verður skíðað í nágrenni skálans, meðal annars um falleg hverasvæði. Nánar á utivist.is.**

# Í KEPPNISFORM MEÐ FITNESS BURRITO

**CULIACAN KYNNIR** *Próteinríkur og hitaeiningasnauður heilsubiti er góður valkostur fyrir íþróttamenn sem vilja ná árangri.*

Íþróttamenn sem vilja ná góðum árangri þurfa sífellt að huga að mataræði sínu. Veitingastaðurinn Culiacan býður upp á hollan skyndibita sem er bæði næringarríkur og hitaeiningasnauður.

Elmar Diego er einn þeirra íþróttamanna sem borðar reglulega á Culiacan en hann keppir á Íslandsmótinu í Fitness næsta föstudag. Hann hefur æft lyftingar í meira en 20 ár. „Ég er búinn að vera að keppa með hléum síðan 1990. Í fyrra átti ég góða endurkomu eftir langt hlé, en ég sigraði þá,“ segir hann.

**PRÓTEINRÍKUR MATUR SKIPTIR ÖLLU MÁLI**

Að sögn Elmars er það erfiðasta við að stunda fitness að mega ekki borða það sem mann langar í. Mataræðið sé númer 1, 2 og 3 ef fólk ætlar að ná árangri. „Þar á eftir koma stífar æfingar. En það er alveg sama hversu mikið maður æfir ef maður velur ekki réttan mat ofan í sig. Þá gerist ekki neitt. Maður er það sem maður borðar, það er bara staðreyndin.“

Elmar er nú á lokasprettinum við að skera sig niður fyrir Íslandsmótið. Þá skiptir mestu máli að hans sögn að borða próteinríkan mat sem inniheldur ekki margar hitaeiningar. „Þá fæ ég mér oftast Fitness-burrito eða Supremo-salat á Culiacan. Þannig hjálpa ég líkamanum að halda í vöðvamassann en ganga á fituforðann.

Þegar ég er hins vegar ekki að skera finnst mér hrikalega gott að fá mér Quesadillas.“

**ÚRVAL HEILSUBITA AUKIST MIKIÐ**

Elmar hefur keppt síðan árið 1994. Hann finnur mikinn mun á úrvali heilsubita í dag og þegar hann hóf keppni. „Ég finn svakalegan mun á úrvalinu af heilsubitum núna eða þegar ég var að keppa 1994. Þá var ekkert svona í boði og maður þurfti að útbúa sinn mat heima fyrir fram. Þetta er algjör lúxus, að geta komið við á veitingastað og fengið það sem mann vantar, það er fitulítinn og próteinríkan mat,“ segir Elmar. Hann merkir einnig að fólk sé almennt miklu meðvitaðra um hvað það setur ofan í sig en áður.

**MAÐUR ER ÞAÐ SEM MAÐUR BORÐAR, ÞAÐ ER STAÐREYND.**

Elmar segir ganga vel að skera sig niður og vonast eftir góðu gengi á mótinu næsta föstudag. „Það eru þrettán keppendur í Fitness-flokki karla. Þar sem ég vann í fyrra er ég mátulega bjartsýnn núna,“ segir Elmar brosandi. Culiacan er á Suðurlandsbraut 4a, og er opið alla daga 11.30 - 22.00.




**VELLÍÐAN Í HVERJUM BITA** Fitulítill og próteinríkur matur hjálpar íþróttamönnum að ná toppárangri. MYND/SÓLVEIG

Eirberg
Rodalon innanhús
Áhrifarík hreingerning og sótthreinsun
Opið kl. 9 -18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

NÝTT SNIÐ
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur
teg 3371 - létt fylltur og voða sætur í B,C skálum á kr. 5.500,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

friendtex
LAGERSALA
LOKADAGUR Á MORGUN
ÓTRÚLEG VERÐ
opnunartimi Lagersölu þriðjud-miðvikudag; 11-18.00
laugardag; lokað
Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Allar Sonett hreinlætisvörurnar eru ECO vottaðar
Grænn apríl
2012 GRÆNN APRÍL
LIFANDI markaður býður **15% afslátt** af völdum vörum frá Sonett í apríl. Öll hreinsiefni frá Sonett eru unnin úr jurtahráefnum og eru því **100% niðurbrjótanleg** í náttúrunni. Veldu Sonett þegar þú tekur þín fyrstu skref í átt að **grænum lífsstíl.**
15% afsláttur
www.lifandimarkadur.is
Borgartúni 24 | Reykjavík
Hæðasmára 6 | Kópavogi
Sími: 585 8700
LIFANDI MARKAÐUR

# ÞAÐ LÆRA BÖRNIN SEM FYRIR ÞEIM ER HAFT

**MANNVIRÐING** *Kanntu að umgangast börn af virðingu, einlægni, hluttekningu, umhyggju og í trúnaði? Samskiptaboðorðin sex gefa þér gott veganesti.*

Góð framkoma fullorðinna lifir með börnum ævina út. Ég bið stundum fullorðið fólk að hugsa til bernsku sinnar og hvort það muni eftir fullorðinni manneskju sem kom sérstaklega vel fram við það, og flestum er það í fersku minni, rétt eins og manneskjur sem komu illa fram við það,“ upplýsir Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur á Barnaspítala Hringsins.

Í lok mars kom út bæklingur með sex samskiptaboðorðum sem Aðalbjörg hefur þróað. Boðorðin eru í senn aðgengileg og auðskiljanleg, og ætlað að efla þekkingu fullorðinna á eðli uppbyggjandi og nærandi samskipta við börn.

„Samskiptaboðorðin urðu til þegar ég bjó til forvarnaverk um uppbyggjandi samskipti fyrir skólaliða í Langholtsskóla, en hvergi var til aðgengilegt eða þægilegt efni til fræðslu þess efnis. Markmið mitt var því að ná utan um kjarnann í uppbyggjandi samskiptum á einfaldan hátt,“ útskýrir Aðalbjörg.

Samskiptaboðorðin byrja öll á bókstafnum H og eru: horfa, heilsa, hlusta, hljóma, hrósa og hjálpa. En hvert þeirra telur Aðalbjörg mikilvægast að fullorðnir tileinki sér í samskiptum við börn?

„Boðorðin mynda saman heild og eru því öll jafnmikilvæg. Þó tel ég hlustun með öllum skilningarvitum einna mikilvægasta því beiti fullorðnir virkri hlustun á börn kemur hitt í framhaldinu og þeir geta hjálpað barninu og hrósað því,“ segir Aðalbjörg og útskýrir betur virka hlustun.

„Með virkri hlustun reynum við að ná því sem börnin eru að segja okkur, því þau segja oft ekki hvað þau meina. Við þurfum því að kenna börnum að meina það sem þau segja, og gera það sem við segjum, því börn taka mjög vel eftir því.“

Samskiptaboðorðunum verður dreift á Barnaspítala Hringsins, í heilsugæslustöðvar og í skóla, en einnig má nálgast þau hjá Aðalheiði í gegnum tölvupóstinn addahelga@gmail.com.

**thordis@365.is**



**BARNAGÆLA** Aðalbjörg starfar sem hjúkrunarfræðingur á vökudeild Barnaspítala Hringsins og er sjálf fimm barna móðir. Hún segir Samskiptaboðorðin eiga erindi við alla fullorðna sem eru í samskiptum við börn. MYND/GVA

## GILDI SAMSKIPTABOÐORÐANNA

- **Virðing – að mæta hverjum einstaklingi af auðmýkt, því einstaklingur sem sýnir öðrum virðingu nýtur sjálfur virðingar.**
- **Einlægni – að vera heiðarlegur, hreinskiptinn og ótvíræður.**
- **Hluttekning – að auðsýna samhygð og setja sig í spor annarra af tillitssemi og nærgætni.**
- **Umhyggja – að koma fram við hvern einstakling af heiðarlegri umhyggju.**
- **Trúnaður – að sýna trúnað og vera sannarlega traustsins verður.**



Mind Xtra
OUTLET
3 VERÐ
1990 • 2990 • 3990
Einnig stelpufatnaður fyrir 4-12 ára.
Erum við hliðina á Herra Hafnarfirði á 2. hæð.
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is



John Sellars
“Maga teygju” aðgerð (Gastric Band Therapy) án skurðaðgerðar – með dáleiðslu


Rannsóknir sýna að þeir sem þjást af alvarlegri offitu njóta minni lífsgæða og lifa að meðaltali 15 árum styttra en eðlilega þungir jafnaldrar

Það er því til mikils að vinna að losna við aukakílóin

Offita er alvarlegt heilsufarsvandamál víða um heim. Það færist í vöxt að minnka maga með skurðaðgerð þar sem teygja er sett magann til að minnka hann (Gastric Band Therapy)

Þessi aðgerð getur verið hættuleg og er aðeins notuð þegar öll önnur ráð hafa brugiðst.

Komið hefur í ljós að með dáleiðslumeðferð er hægt að hjálpa mörgum þannig að þeir upplifi að þeir hafi farið í slíka aðgerð og áhrifin eru þau sömu og hjá þeim sem í raun hafa lagst undir hnífinn, en án áhættunnar.

Þannig virðist maginn fullur fyrr og skammtar minnka sjálfkrafa. Ég hef framkvæmt margar slíkar “aðgerðir” undanfarna mánuði með góðum árangri.

Í dáleiðslu er ímyndunaraflið afar frjótt. Við getum ímyndað okkur hvernig teygja um magann myndi líta út og hvernig hún væri viðkomu.

Sjúklingurinn er beðinn um að ímynda sér teygjuna og koma henni fyrir á sínum stað um magann. Honum er síðan boðið að herða á teygjunni þar til hún situr þægilega og rækir sitt hlutverk: að minnka magamálið

Þessi dáleiðslumeðferð tekur aðeins einn til tvo klukkutíma í eitt skipti.
Þeir sem hafa fengið þessa meðferð hjá mér segja mér að þeir þurfi að borða miklu minna en áður.

Nauðsynlegt er að gæta að því að þeir sem gangast undir þessa dáleiðslumeðferð kunni skil á heilbrigðu matarræði. Rétt er að veita slíka ráðgjöf auk dáleiðslunnar

Vilt þú minnka magann með dáleiðslu?
Þú finnur hæfan dáleiðslutækni á http://dáleiðsla.is

Vilt þú læra dáleiðslu?
Næsta námskeið hefst 4. maí Sjá http://4.is/dt



LAGERTILTEKT Í FLASH
50%
afsláttur af völdum vörum

SKOKKAR – KJÓLAR
frá 2.000 kr.
20% afsláttur af öðrum vörum
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201
Við erum á Facebook




## LÉTT PITSA

**Italiano Pizzeria hefur nú fyrst íslenskra pitsuveitingahúsa reiknað út hitaeiningafjölda allra rétta á matseðli sínum.**

**Pitsur hafa oft að ósekju á sér neikvæðan stimpil sem hitaeiningaríkur skyndibiti. Því fengu hjónin og eigendur Italiano Pizzeria, þau Högni Jökull Gunnarsson og Marta Halldórsdóttir, næringarfræðinginn Ragnheiði Ástu Guðnadóttur til að reikna út fjölda hitaeininga í pitsum og öðrum réttum veitingahússins.**

**Með þær upplýsingar að leiðarljósi geta viðskiptavinir sjálfir stjórnað hversu hitaeiningarík pitsan þeirra er, en á Italiano er að finna lista yfir hitaeiningafjölda réttanna, sem og á www.italiano.is.**

**Á hitaeiningalistanum kemur einnig fram dagleg orkuþörf og því auðvelt fyrir hvern og einn að sjá hvað honum hentar best.** ***Italiano Pizzeria er í Hlíðasmára 15 í Kópavogi. www.italiano.is.***


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

## Bátar



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Bílaþjónusta




## Varahlutir




### VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Varahlutir í MMC Carisma '98, Kia Rio '01, primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '98. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. S. 896 8568.

### Japanskar vélar Bílapartasala

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99 Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

### Varahlutavaktin Sími 555 6666

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

### Er öspin til ama ?

Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

### Vy-þrif ehf.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja






### Garðaþjónusta Reykjavíkur 20% afsláttur fyrir eldri borgara.

Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.







Snyrtum og klippum allan trjágróður. Fáðu verðtilboð í síma 692-1962. Engi ehf.

Klippi, felli snyrti tré og runna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími: 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, ársreikningar og skattframtöl. Fagleg og vönduð þjónusta. Bókhaldsstofan Stapar ehf. S: 456-2500 bstapar@bstapar.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Skattframtöl 2012

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 897-1877. www.fob.is.

## Málarar

### Málarameistari

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald










HLAÐBÆR COLAS

### MALBIKSVIÐGERÐIR

Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun

Hreinsa þakrennur, garð og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

### Hellulagnir/Pallasmíði

Tökum að okkur alla lóðalögun. Leitið tilboða. S. 869-1700, jardlausnir@gmail.com

## Tölvur




## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar




### 661 3839 - Símaspá

Tímapantanir frá kl. 13.00.

Símaspá ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.



### Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.

Full búð af nýjum flottum vor vörum. Einnig vörur frá EIK design. Opið 13-18 Njóttu þess að versla í rólegu og kósy umhverfi og alltaf kaffi á könnunni. Velkomin í Beauty in Black.

B.S.VERKTAKAR

Malbikun og malbiksviðgerðir S 551 4000 & 690 8000 www.verktak.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 868 7204 eða á www.myranaut.is



### Afmæli afmæli

30% afsláttur af öllum fatnaði, töskum og skarti Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook

## Þjónusta

### Leiguumsjón

**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

Gerð leigusamninga.
Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.
Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.
Umsjón og eftirlit með fasteigninni.
Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.
Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.
Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2 2 BÍÓ 2 BÍÓ 2 EXTRA 2 EXTRA AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**799** SALATSKÁL

**499** VÍNGLAS

**279** BOLLI

**329** SKÁL

**499** DISKUR 27,5 CM

**359** DISKUR, 23 CM

**1399** MATARBAKKI

**499** GLAS



**2199** KAFFIKANNA

**599** ÖSKUBAKKI

# frá 279

ALLT Í LAUTARFERÐINA



**2990**

**KÖRFUR - PICNIC**
46x29x26 cm
Fleiri litir



Þrjár í setti

**14.999**

**ÚTILUKTIR**
Hæð: 78,5/59/39 cm
Til í hvítu og svörtu



50 í pk

**499**

**EINNOTA DISKAR**
50 í pk, 23 cm



50 í pk

**699**

**KAFFIMÁL**
Premium




**1990**

**DYRAMOTTA**
45x75 cm



frá **6990**

**REGNKÁPUR**
S-XL, dömu



**3990**

**GÚMMÍSTÍGVÉL**
St 36-41
Fleiri litir



**2990**

**MOKKASÍUR**
St 36-41






# 57.990

**GRÓÐURHÚS**
118 cm breidd x 118 cm lengd
x 146,5 cm hæð




# 50 ltr 1290

**GRÓÐURMOLD**
50 ltr



# 5990

**SEKKJATRILLA**
60 kg




# 499

**GRILLKOL**
2 kg



# 499

**GRILLBURSTI**



# 3990

**KÚLUGRILL**
43 cm

## *SENDUM UM ALLT LAND!*

*Pöntunarsími í Reykjavík* **511 3322**
*Pöntunarsími á Akureyri* **466 2533**
*Visa / MasterCard*



# 54.990

**GASGRILL**
Þrír brennarar
Grillman



# 799

**HLIÐARBORÐ**
Fyrir "Oxford" stól




# 11.990

**HÁÞRÝSTIDÆLA**
**BLACK & DECKER**
100 bör, 1300 W
3ja metra slanga
~~Verð áður: kr 13.999~~



# 7999

**SÓLSTÓLL**
Oxford
Rauður/svartur/blár

## *Verslanir*

- *Korputorgi - S: 533 3353*
- *Fiskislóð 3 (Granda) - S: 511 3322*
- *Dalvegi 10-14, Kópavogi- S: 544 2333*
- *Austurvegi 69, Selfossi - S: 483 3366*

*Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar.*

**Europris** *ÓDÝRT FYRIR ALLA!*

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, frystikystur, frystiskápar. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Þjónusta



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 08. maí. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Tveggja herb. íbúð til leigu á Grensásvegi. Uppl. í s. 867 9003.

Til leigu 3 herb. íbúð í 111 Rvk 78 fm. 125/mán, 2 mán. í tryggingu. Uppl. 7722347

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð þar sem gæludýr eru leyfð. Uppl í síma 587 3445 og 773 0809

Óska eftir 3 til 4 herbergj íbúð í grafarvogi helst langtíma leigu sem fyrst mikill þörf erum á götunni fljótlega upplýsingar í síma 6125060

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaraðhúsnæði með innkeyrsludyrum óskast, 500 til 1200 m2. Fyrirtæki í rekstri til 20 ára vantar húsnæði á stór Reykjavíkursvæðinu til leigu fyrir 500 kr á fermeter. Áhugasamir senda e-mail á verkefni@nailart.is

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Fasteignir

**HRAUNHAMAR**
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Lyngmóar 4 - Gbæ. OPIÐ HÚS**






Hraunhamar kynnir smekklega 4ra herbergja íbúð á fyrstu hæð í fínu fjölbýli á þessum friðsæla stað í Garðabænum. Íbúðin er 104,8 fm auk þess er bílskúr sem er 18,1 fm. Yfirbyggðar svalir og þaðan er utangengt út á verönd með skjólgirðingu. Björt og falleg eign sem vert er að skoða. **Verð 31,9 millj.**
**Opið hús í dag, Þriðjudaginn 3. apríl. milli kl. 18-19.**
**Guðrún býður ykkur velkomin.**
**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**TILBOÐ 3 fyrir 2 af hunda-fóðri**

15kg poki kostar frá 3.326,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Skammtímaleiga, 3ja herb. íbúð í Laugarnesi. Með húsgögnum. Uppl. s. 899 6400.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

## Til sölu

**SVALALOKANIR**
**fyrir íslenskar aðstæður**



- lipur og þvingunarlaus opnun
- viðhaldsfrítt
- vindlokun
- skrölt frítt
- þolir hreyfingar hússins

**Gæði er okkar merki**

**SMIÐJA HEIÐARS**
Skemmuvegi 24 - 200 Kópavogi
Sími 554 2570 - smidjaheidars.is

## Tilkynningar

**Stjórn Reykjanesfólkvangs boðar til kynningar á drögum að stjórnunaráætlun fyrir fólkvanginn.**

Kynningin verður haldin í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði og hefst í dag 3. apríl kl. 15.

Fundarstjóri er **Róbert Ragnarsson**, bæjarstjóri í Grindavík
Erindi flytja:
**Margrét Gauja Magnúsdóttir**
Bæjarfulltrúi í Hafnarfirði
**Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir**
Deildarstjóri Náttúruverndar Umhverfisstofnun
**Fríða Björg Eðvarðsdóttir** og **Björn H. Barkarson**
Ráðgjafar stjórnar VSÓ Ráðgjöf
**Sverrir Bollason**
Formaður stjórnar Reykjanesfólkvangs

Áhugafólk um náttúru, útivist og ferðamál er hvatt til að koma og taka þátt í umræðunni.
Heitt á könnunni.

## Atvinna




**Meiraprófsbílstjóri óskast í sumarafleysingar**

**AÐFÖNG óska eftir meiraprófsbílstjóra.**
Viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn.
Unnið er á vöktum við útkeyrslu á vörum í verslanir Haga.

Sækja skal um starfið á **www.adfong.is**
Upplýsingar eru veittar í síma 6935620 milli 8-17.

**AÐFÖNG**

## Tilkynningar

**Skipulagsstofnun**

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**
Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Lagning heitavatnspípu frá Reykjum í Húnavatnshreppi um Blönduós og Skagabyggð að Skagaströnd.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis– og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011) og er kærufrestur til **4. maí 2012.**

**Skipulagsstofnun**

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi, Vogar – Iðndalur, Sveitarfélaginu Vogum.**

Með vísan til ákvæða 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 28. mars, 2012 samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi, Vogar – Iðndalur, Sveitarfélaginu Vogum.

Breytingin afmarkast af reit sem tekur til allra lóða við Iðndal og einnar lóðar við Stapaveg, norðan Iðndals. Breyting er gerð á grein 3.0 Almennt í sérákvæðum skipulags og byggingarskilmála. Nýtingarhlutfalli er breytt úr 0,3 í 0,4.

Tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð dags. 13.03.2012 og vísast til hennar um nánari upplýsingar.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar frá og með mánudeginum 2. apríl nk. til og með mánudagsins 14. maí 2012. Tillagan er einnig aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eigi síðar en mánudaginn 14. maí 2012. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við breytingartillöguna innan tilskilins frests telst samþykkur henni.

Vogum, 29. mars 2012.
F.h. bæjarstjórnar,
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MARLON BRANDO** leikari (1924-2004) fæddist þennan dag

*„Leikari er náungi sem hlustar ekki, nema verið sé að tala um hann.“*

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SIGURVIN GUÐBRANDSSON**
**frá Veiðileysu í Árneshreppi,**

lést á Sólvangi í Hafnarfirði þann 31. mars.

**Guðrún S. Aðalbjörnsdóttir**
**Jónína Ingibjörg Sigurvinsdóttir**
**Baldur A. Sigurvinsson** **Guðný Guðjónsdóttir**
**Ragnheiður S. Sigurvinsdóttir** **Bjarni Árnason**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BRYNDÍS EIRÍKSDÓTTIR**
**Stöðulfelli,**

andaðist á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 30. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Margrét Bjarnadóttir** **Viggó K. Þorsteinsson**
**Eiríkur Bjarnason** **Ásdís J. Karlsdóttir**
**Sigríður Bjarnadóttir** **Guðmundur B. Kristmundsson**
**Guðrún Elísabet Bjarnadóttir** **Benedikt S. Vilhjálmsson**
**Jón Bjarnason** **Lilja Árnadóttir**
**Oddur Guðni Bjarnason** **Hrafnhildur Ágústsdóttir**
**Guttormur Bjarnason** **Signý B. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinsemd við andlát okkar ástkæra,

**GUNNARS ÓLAFSSONAR**
**vélstjóra.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks 11G á Landspítalanum við Hringbraut.

**Sólveig Gyða Guðmundsdóttir**
**og fjölskylda.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**VALTÝR SÆMUNDSSON**
**grunnskólakennari**
**frá Reyðarfirði,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði miðvikudaginn 28. mars. Hann verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 3. apríl kl. 14.00.

**Sæmundur Valtýsson**
**Guðlaugur Valtýsson** **Sigríður Björnsdóttir**
**Anna Marta Valtýsdóttir** **Árni Ólafur Þórhallsson**
**Brynja Þóra Valtýsdóttir** **Grétar I. Guðlaugsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HÓLMFRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
**Dvalarheimili aldraðra,**
**Borgarnesi,**

verður jarðarsungin frá Borgarneskirkju, miðvikudaginn 4. apríl kl. 14.00.
Þeim, sem vilja minnast hennar, er bent á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi.

**Ása Baldursdóttir** **Sveinn Gunnar Hálfdánarson**
**Erlendur Sigurður Baldursson** **Kristrún Ísaksdóttir**
**Kristín Ingibjörg Baldursdóttir** **Flemming Jessen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN MAGNÚSSON**
**Blikanesi 27, Garðabæ,**

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 27. mars. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 4. apríl kl. 13.00.

**Dóra Björg Guðmundsdóttir**
**Ástríður Jónsdóttir**
**Hanna Hjördís Jónsdóttir** **Sigurður Sigurjónsson**
**Magnús Jónsson** **Sigrún Þ. Þóroddsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

EGGERT ÞÓR BERNHARÐSSON: RANNSAKAR MYNDAALBÚM FJÖLSKYLDUNNAR

# Fatatíska, húsbúnaður og híbýli í fjölskyldualbúminu



**EGGERT ÞÓR BERNHARÐSSON** Með eitt af fjölmörgum myndaalbúmum fjölskyldunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eggert Þór Bernharðsson prófessor í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ flytur í dag erindi í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands sem ber heitið Minningar í myndum. Fjölskyldusaga í albúmum. Í erindinu ætlar Eggert að velta upp ýmsum spurningum sem hafa vaknað hjá honum við grannskoðun ljósmynda sem teknar voru á tímabilinu 1930 til 1970 en afi hans, Guðjón H. Guðnason, tók margar þeirra.

„Það blossaði upp hjá mér áhugi á fjölskyldumyndum þegar fimmtugsafmælið mitt nálgaðist. Ég vissi að það voru til fjölmargar gamlar myndir af mér í albúmum afa míns og ömmu, Klöru Eggertsdóttur, og ég fór að skoða þær í tengslum við myndasýningu sem ég ætlaði að búa til með myndum af mér, svona eins og fólk gerir stundum við slík tækifæri.“

Í framhaldinu tók Eggert að velta fyrir sér hvernig hægt væri að skoða og nýta myndir úr lífi fjölskyldunnar „Mér fór að finnast það verðugt verkefni að skoða myndirnar nánar og þá út frá fleiri sjónarhornum. Viðfangsefni myndanna er vissulega mikið: Fjölskyldan, börnin og merkisviðburðir í lífi fjölskyldunnar. En það er ýmislegt annað sem hægt er að reyna að lesa út úr þeim. Til að mynda um fatatísku, híbýlahætti og húsbúnað. Þá geta myndir frá jólum verið heimildir um matinn sem var á borðum og kökurnar á veisluborðum er líka áhugavert að skoða. Í tilfelli fjölskyldunnar minnar eru þær líka ákveðinn vitnisburður um flutning úr sveit í bæ. Fyrstu myndirnar eru teknar í Miðfirði í Vestur-Húnavatnssýslu en árið 1939 flutti fjölskyldan til Reykjavíkur og settist að þar.“

Eggert Þór hefur nú þegar skannað inn nærri 2000 myndir en rannsóknin á myndunum er þó í raun skammt á veg komin að hans sögn. „Ég er ekki kominn til botns í albúmunum þannig að það er mikið verk fram undan,“ segir hann. Fyrirlestur Eggerts hefst klukkan 12.05 í Þjóðminjasafni Íslands.

sigridur@frettabladid.is

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LÁRA ÁGÚSTSDÓTTIR**
**Akranesi,**

sem andaðist laugardaginn 31. mars á Sjúkrahúsi Akraness, verður jarðsungin frá Akraneskirkju þriðjudaginn 10. apríl. Athöfnin hefst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Hafsteinn Sigurbjörnsson**
**Jóhanna G. Þorbjörnsdóttir** **Ásgrímur Ragnar Kárason**
**Sigurbjörn Hafsteinsson** **Sesselja Laufey Allansdóttir**
**Ingólfur Hafsteinsson** **Heiðrún Hannesdóttir**
**Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir** **Jónas Geirsson**
**Berent Karl Hafsteinsson** **María Viðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJARNI JÓNSSON**
**frá Neðri-Svertingsstöðum,**

lést að kvöldi 31. mars sl. á Sjúkrahúsinu Hvammstanga. Útför fer fram laugardaginn 7. apríl kl. 14.00 frá Melstaðarkirkju, Miðfirði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hólmfríður Bára Bjarnadóttir**
**Ingi Hjörtur Bjarnason**
**Vilborg Valdimarsdóttir**
**Elsche Apel**

---

✝



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURGEIR SIGURPÁLSSON**
**framkvæmdastjóri,**
**Mýrarvegi 111, Akureyri,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á Dvalarheimilinu Hlíð mánudaginn 26. mars. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 4. apríl kl. 13.30.

**Eva Aðalsteinsdóttir**
**Aðalsteinn Sigurgeirsson** **Anna Gréta Halldórsdóttir**
**Páll Sigurgeirsson** **Aðalbjörg María Ólafsdóttir**
**Hanna Indíana Sigurgeirsdóttir** **Ragnar Daníelsson**
**Svanhildur Sigurgeirsdóttir**
**Halla Sólveig Sigurgeirsdóttir** **Valur Knútsson**
**Sigurgeir Heiðar Sigurgeirsson** **Ásgerður Hrönn Hafstein**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**EDDA FARESTVEIT**
**Lautasmára 3, Kópavogi,**

sem lést á krabbameinsdeild Landspítalans 22. mars, verður jarðsungin frá Hjallakirkju Kópavogi miðvikudaginn 4. apríl kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands, Karítas eða Ljósið.

**Gunnsteinn Gíslason**
**Guðrún Brynja Gunnsteinsdóttir**
**Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir** **Davíð Jónsson**
**Gísli Kristján Gunnsteinsson** **Lilja Ingimundardóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Hjartkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

KRISTJANA **ÞÓRDÍS** ANNA
**JÓNSDÓTTIR**
**Hamraborg, Hegranesi**

lést þann 30. mars síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 7. apríl næstkomandi kl. 11.00.

**Hannes Þorbjörn Friðriksson**
**Sævar Þröstur Tómasson** **Hulda Jóhannesdóttir**
**Ingi Þór Tómasson** **Katrín Sesselja Gísladóttir**
**Jónas Rafn Tómasson** **Andrea Guðrún Gunnlaugsdóttir**
**Sigurjón Hannesson** **Nikólína Jónsdóttir**
**barnabörn og langömmubarn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og dóttir,

**INGVELDUR TRYGGVADÓTTIR**
**Álfaskeiði 82, Hafnarfirði,**

lést föstudaginn 30. mars á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 4. apríl kl. 13.00.

**Hilmar Freyr Gunnarsson** **Ólöf Hanna Guðmundsdóttir**
**Kristín Ósk Gunnarsdóttir**
**Karen Dögg Gunnarsdóttir**
**Erlingur Helgi Magnússon**
**barnabörn og systkini**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS UM PÁSKANA

MATVÖRUVERSLANIR
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
BÓNUS 1. sæti
MÆLING Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA

## AFGREIÐSLUTÍMI Í VERSLUNUM BÓNUS UM PÁSKANA

| | | |
|---|---|---|
| Þriðjudagur | 3.apríl | 11.00-19.00 |
| Miðvikudagur | 4.apríl | 10.00-20.00 |
| Fimmtudagur | 5.apríl | 11.00-19.00 |
| Föstudagur | 6.apríl | LOKAÐ |
| Laugardagur | 7.apríl | 10.00-19.00 |
| Páskadagur | 8.apríl | LOKAÐ |

**AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS**
Mánudagur 9.apríl 12.00-18.00

Helluhraun - Fiskislóð - Grafarvogur
Smáratorg - Akureyri - Selfoss -
Reykjanes

AFMÆLISTILBOÐ
BÓNUS 23 ÁRA

1998 KR. 1 KG
1 KG.
BÓNUS PÁSKAEGG

1495 KR. KG
ALI HAMBORGAR-HRYGGUR M .BEINI

1295 KR. KG
BÓNUS HAMBORGAR-HRYGGUR M .BEINI

398 KR. 143 GR
98 KR. 5 STK
5 FLATKÖKUR 98 KR.
HANGIÁLEGG 143 GR. 398

KJARNAFÆÐI
1395 KR. KG
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB

139 KR. 185 ML
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
185 ML. - 10% OG 18%

298 KR. 250 GR
BÓNUS FETI-OSTUR
Í KRYDDOLÍU / MEÐ ÓLÍFUM

139 KR. 230 ML
BÓNUS MAYONNAISE

679 KR. 2 LTR.
MJÚKÍS - 2 LTR. SÚKKULAÐI & VANILLA

698 KR. 6 LTR.
COKE 4 X 1.5 LTR.= 6 LTR.

3598 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBAFILLET

1359 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI

759 KR. 8 LTR.
PEPSI 4 X 2 LTR. = 8 LTR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vellutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** andlegt áfall, **6.** í röð, **8.** klampi, **9.** keyra, **11.** öfug röð, **12.** mæling, **14.** konungur, **16.** nafnorð, **17.** guð, **18.** hress, **20.** íþróttafélag, **21.** betl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþróttafélag, **3.** tveir eins, **4.** tegund af brauði, **5.** málmur, **7.** hvasst horn, **10.** maka, **13.** sarg, **15.** innyfla, **16.** tangi, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** lost, **6.** rs, **8.** oki, **9.** aka, **11.** on, **12.** mætun, **14.** harri, **16.** no, **17.** goð, **18.** ern, **20.** kr, **21.** snap.

**LÓÐRÉTT:** **1.** fram, **3.** oo, **4.** skonrok, **5.** tin, **7.** skáhorn, **10.** ata, **13.** urg, **15.** iðra, **16.** nes, **19.** na.






# Tylft þroskaðra manna

**BAKÞANKAR**
**Svavar Hávarðsson**



Ég lærði það á fimmtudaginn að það er með öllu ónauðsynlegt, og í raun tímaeyðsla, að skipuleggja afmæli fimm ára barns. Hins vegar, vegna reynsluleysis, hafði ég um nokkurn tíma skipulagt afmælið hans Atla míns í þaula. Ef ég hefði lágmarkskunnáttu á Excel þá hefði ég sett dagskrána upp í skema, en studdist þó við skrifblokkina í þetta skiptið. Tólf guttar, fæddir á árunum 2006 og 2007, mættu stundvíslega. Eftir fimm mínútur áttaði ég mig á því að ég ekkert af því sem ég hafði reiknað með myndi ganga eftir. Tylft manna á þessu aldursskeiði hefur nefnilega gert lítið af því að skipuleggja sig. Næstu tveir tímarnir voru þeirra.

**VIÐ UNDIRBÚNINGINN** reiknaði ég með því að þurfa að skilja menn sundur í þrígang að minnsta kosti; blóðnasir og tár voru ekki útilokuð. Þetta reyndust óþarfar áhyggjur með öllu. Ekki í eitt einasta skipti létu þeir stuttu hendur skipta og náðu alltaf að leysa sjálfir úr þeim deilumálum sem risu. Hávaðinn var vissulega yfirgengilegur og ég er í samningaviðræðum við smið um að koma heimilinu; litlu bárujárnshúsi sem var reist af vanefnum 1933, í samt horf.

**ÉG VIÐURKENNI** að þegar piltarnir voru farnir til síns heima var ég úttaugaður. Eins og fullorðið fólk gerir þá leitaði ég hvíldar með því að kveikja á sjónvarpi. Vitandi að stórt mál (ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaga) var til umræðu niður við Austurvöll, þá var opnað fyrir beina útsendingu frá Alþingi. Þar komu saman 63 þjóðkjörnir fulltrúar fæddir á árabilinu 1942 til 1982.

**ÉG VIÐURKENNI** að það var lítil hvíld í því að fylgjast með umræðum á þinginu þetta kvöld. Menn létu reyndar ekki hendur skipta en á löngum stundum hélt ég að einhver myndi snýta rauðu áður en yfir lyki. Eins og í afmælinu fyrr um daginn var hávaðinn yfirgengilegur, en einn stór munur var þó á. Enginn náði niðurstöðu eða sátt. Samtalið færði þjóðina reyndar eitt skref aftur á bak. Kannski er ég ósanngjarn að stilla þessu upp saman en fullyrði að staðhæfingin „ég á þetta legó og þess vegna eigum við að horfa á Díegó", var vandlegra ígrundað en margt sem stöku þingmenn létu frá sér fara.

**SVO ÁTTAÐI** ég mig á því að það þarf meira en smið til að koma Alþingishúsinu; litlu húsi sem byggt er úr höggnu grágrýti árið 1881, í samt horf. En kannski þurfum við að bíða eftir þeim sem fæddust árin 2006 og 2007 til að annast það verk.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BT
FERMINGAR
OG ALLT HITT
vandaðar vörur - skemmtilegar hugmyndir
SAMSUNG
stærðin skiptir máli
51" Samsung D455 plasma
1366x768p - HD Ready
169.900
51" Samsung D535 plasma
1920x1080p - Full HD
179.900
NÝR OG GLÆSILEGUR
FERMINGARBÆKLINGUR
www.BT.is
vandaðar vörur
skemmtilegar hugmyndir
33 síður
11.6"
99.900
SAMSUNG
Samsung NP305U1A
Skjár: 11.6" 1366x768 LED
Örgjörvi: AMD E450
Vinnsluminni: RAM 4GB
Harður diskur: 500GB
15.6"
99.900
SAMSUNG
Samsung RV515E
Skjár: 15.6" 1366x768 LED
Örgjörvi: AMD E450
Vinnsluminni: RAM 4GB
Harður diskur: 500GB
13.3"
164.900
SAMSUNG
Samsung NP300V3AH
Skjár: 13.3" 1366x768 LED
Örgjörvi: I5 2450M
Vinnsluminni: RAM 6GB
Harður diskur: 500GB
17.3"
179.900
SAMSUNG
Samsung NP300E7A
Skjár: 17.3" 1600x900 LED
Örgjörvi: I5 2450M
Vinnsluminni: RAM 6GB
Harður diskur: 500GB
SKULL CANDY
5.999
Smokin' Buds
Uprock
5.999
7.999
Lowrider
17.999
SAMSUNG
Samsung PL20 / 21
14.4MP - 5 x zoom
33.899
SAMSUNG
Samsung SH100
14.4MP - 5 x zoom - WiFi
74.999
SAMSUNG
Samsung HMX-H320 upptökuvél
4GB kort og taska fylgir með
alvöru sett
fyrir alvöru trommara
59.999
ION Pro Session trommusett
lítil og nett
fyrir "action" fólkið
NO PROOF
NO GLORY.
veho
39.999
Muvi HD10 - Full HD - 1080p upptaka - 5mp ljósmyndir
1,5" LCD skjár - þyngd 81g - 4gb micro SD kort, festingar
og fjarstýring fylgir
3.999
5.999
COBY
Coby MP550 2GB
Coby MP620 2GB
VEFVERSLUN BT
auðvelt og þægilegt - opið allan sólarhringinn
www.BT.is
sendum frítt um allt land ef pantað
er fyrir 20.000 kr. eða meira
BT Skeifunni - BT Glerártorgi
www.BT.is - s. 550-4444

# menning

menning@frettabladid.is



**LJÓÐABÓK** eftir Gyrði Elíasson er væntanleg 18. apríl og hefur hún fengið heitið Hér vex enginn sítrónuviður. Það eru Uppheimar sem gefa bókina út en auk þess eru væntanlegar ljóðabækur eftir Ara Trausta Guðmundsson og Njörð P. Njarðvík.

## Andrés Þór í Múlanum

Kvartett gítarleikarans Andrésar Þórs Gunnlaugssonar kemur fram annað kvöld í Djassklúbbnum Múlanum. Tónleikarnir eru liður í dagskrá Jazzklúbbsins Múlans og Norræna hússins. Ásamt Andrési koma fram: Píanóleikarinn Agnar Már Magnússon, bassaleikarinn Þorgrímur Jónsson og Scott McLemore sem leikur á trommur. Kvartettinn mun leika nýja tónlist eftir Andrés sem nýlega var hljóðrituð, stefnir hann á útgáfu seinna á árinu. Í tónlistinni gætir áhrifa úr ýmsum áttum, allt frá djassi, poppi og þjóðlagatónlist.

Tónleikar Múlans fara fram í Norræna húsinu og hefjast klukkan níu.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 03. apríl 2012**

**→ Sýningar**

**17.00** Gunnhildur Þórðardóttir opnar sýningu sína Fráhvarf/Departure í gallerí SÍM, Hafnarstræti 16. Aðgangur er ókeypis.

**→ Málþing**

**15.00** Þorvarður Tjörvi Ólafsson og Karen Á. Vignisdóttir tala á málstofu Seðlabanka Íslands í fundarsal bankans, Sölvhóli. Efni málstofunnar er staða íslenskra heimila í aðdraganda og kjölfar hrunsins.

**→ Tónlist**

**12.00** Hörn Hrafnsdóttir, mezzósópran, heldur hádegistónleikana Örlagakerlur í Hafnarborg. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**20.30** Hljómsveitin Sálgæslan, ásamt Stefáni Hilmarssyni, kemur fram á jazztónleikaröðinni á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Aðgangur er ókeypis.



**21.00** Thin Jim halda vortónleika sína á Café Rosenberg. Fjöldi gesta koma fram, þar á meðal Páll Rósinkranz, Alma Rut og Margrét (Fabúla) Sigurðardóttir.

**→ Fyrirlestrar**

**12.05** Eggert Þór Bernharðsson talar á hádegisfundaröð Sagnfræðifélags Íslands: Hvað eru minningar? á Þjóðminjasafni Íslands. Umræðuefni hans verður Minningar í myndum: Fjölskyldusaga í albúmum. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


Hádegistónleikar í Fríkirkjunni

alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45

ENGINN AÐGANGSEYRIR ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil

LJÁÐU OKKUR EYRA

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK


# Yfir 100 listamenn taka þátt

**Sjálfið er tekið út fyrir sviga á myndlistarsýningum Listahátíðar Reykjavíkur. Samstarf listamanna verður í brennidepli og ekkert er hægt að spá fyrir um útkomuna að mati sýningarstjóra.**

„Við tökum egóið út fyrir sviga í þessari sýningu. Það verða engir listamenn sem sýna undir sínu nafni heldur erum við með hópa listamanna sem koma til með að sýna út um alla Reykjavík,“ segir sænski sýningarstjórinn Jonatan Habib Engquist sem stendur í ströngu þessa dagana. Jonatan er sýningarstjóri viðamikillar myndlistarsýningar Listahátíðar Reykjavíkur þar sem 29 samstarfshópar listamanna, með samanlagt yfir 100 listamenn, munu sýna verk sín á söfnum víða í höfuðborginni.

Yfirskrift sýningarinnar er „Sjálfstætt fólk“, eða (I)ndependent people. Jonatan hafði samband við samstarfshópana sem allir eru að vinna verk fyrir sýninguna, og segir Jonatan afar spennandi að sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu. „Lykilstef sýninganna er jafnvægisgangan sem felst í því að standa mitt á milli ráðandi valdakerfa, í því að gera opinbera samninga, innleiða viðmið og veita svigrúm fyrir breytingar. Á meðan á sýningunum stendur verður nokkrum mismunandi verkefnum fylgt úr hlaði, þótt endaleg útkoma þeirra sé enn óljós,“ segir í markmiðum sýningarstjórans um sýninguna sem verður opnuð um opnunarhelgi Listahátíðar í Reykjavík þann 18. til 20. maí.

„Verkin eru í vinnslu og verða í vinnslu á meðan á Listahátíð stendur og það verður áhugavert að sjá hver niðurstaðan verður úr vinnu hópanna sem eru skipaðir listamönnum frá Íslandi, hinum Norðurlöndunum og einnig Bandaríkjunum,“ segir Jonatan. Þess má geta að allir listamennirnir sem taka þátt í sýningunni hafa verið virkir í samstarfsverkefnum til lengri eða skemmri tíma.

„Með því að setja sjálfið í sviga og falla frá tilkalli til höfundarréttar á afmörkuðu, listrænu viðfangsefni myndast óvissa sem er sértæk í eðli sínu og það verður mögulegt að skapa aðra sjálfsmynd, eins konar blendingssjálfsmynd. Á svæðinu sem verður til í miðju slíkrar samvinnu geta átt sér stað félagslegar og menningarlegar breytingar,“ segir Jonatan einnig um sýninguna.

Meðal sýningarstaða sem verkefnið nær til eru Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Norræna húsið, Kling & Bang, Nýlistasafnið, SÍM og Listasafn ASÍ, auk almenningsrýma í Reykjavík.

Fjöldi viðburða fer fram í tengslum við sýningarnar, sem margar hverjar standa út sumarið.

sigridur@frettabladid.is



**JONATAN HABIB ENGQUIST** Egóið verður tekið út fyrir sviga á myndlistarsýningum Listahátíðar Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### STÝRÐI SÝNINGU UM ÍSLENSKA KREPPULIST

Jonatan Habib Engqvist er listfræðingur og sýningarstjóri sem býr í Stokkhólmi. Hann var áður fastráðinn hjá háskólanum í Södertörn og Konunglegu listastofnuninni í Stokkhólmi og er sem stendur í tímabundnu leyfi frá þeirri stöðu sem hann gegnir fyrir Iaspis – alþjóðlega deild myndlistar innan úthlutunarnefndar listamannalauna í Svíþjóð. Engquist hefur staðið að fjölda alþjóðlegra verkefna og sýninga og einnig skrifað fyrir og ritstýrt fagtímaritum á borð við Glänta, Ord&Bild, Motiv, Input og Divan. Hann er meðhöfundur bókarinnar Dharavi: Documenting Informalities (Stockholm 2008 & New Dehli 2009) og aðalritstjóri hjá tsnoK.se. Árið 2010 vakti sýning hans og samnefnd bók The Nordic Third World Country? – Icelandic Art in Times of Crises mikla athygli, en hún var í Färgfabriken í Stokkhólmi og Norr, Östersund. Frá árinu 2009 hefur hann einnig tekið virkan þátt í Thinking through painting, rannsóknarverkefni fyrir listamenn, í samstarfi við listamennina Kristinu Bength, Jan Rydén og Sigrid Sandström.

## Allt um ljóðlistina

Níunda hefti af Són, tímariti um óðfræði, hefur að geyma fjölbreytt efni um ljóðlist. Auk merkra þýðinga úr ítölsku eftir Guðbjörn Sigurmundsson og grísku eftir Kristján Árnason eiga skáldin Kristín Jónsdóttir á Hlíð, Kristbjörg Freydís Steingrímsdóttir og Sigríður Jónsdóttir frumsamin ljóð í ritinu.

Hér er eitt eftir Kristínu á Hlíð, ort í október 2009. Það heitir Samferða:

*Saman munum*
*sofna og vakna*
*við sömu kjör.*

*Draumskipum okkar*
*aldrei verður*
*ýtt úr vör.*

*Lífróðri skulum*
*að landi stefna*
*lekum knör*

*hvort sem það reynist*
*fagnaðar*
*eða feigðarför.*

Ragnar Ingi Aðalsteinsson, doktor í íslenskri stuðlasetningu, á tvær greinar í því sem tengjast stuðlum og rími og Þórður Helgason eina sem hann nefnir Rímnamál. Í grein Hauks Þorgeirssonar, Álfar í gömlum kveðskap, bregður hann upp nokkrum svipmyndum af álfum í verkum íslenskra skálda fyrir siðaskipti og Nokkrar vísur úr rúnahandritum nefnist grein eftir Þórgunni Snædal.





Helgi Skúli Kjartansson á tvær greinar, Þríkvæð lokaorð dróttkvæðra braglína og Fjórliðir – illnauðsyn í íslenskri braggreiningu? Þá birtir Kristján Eiríksson þýðingar íslenskra ljóða á esperanto.

# Lygabaróninn í Hafnarfirði

Leikhús ★★★★☆

**Ævintýri Múnkhásens**

Höfundur: Sævar Sigurgeirsson

**Leikarar:** Gunnar Helgason, Magnús Guðmundsson, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Virginia Gillard, Gunnar B. Guðmundsson, Huld Óskarsdóttir, Gríma Kristjánsdóttir, Sara Blandon, Jón Birgir Eiríksson; **Píanóleikur:** Jón Birgir Eiríksson; **Leikmynd og búningar:** Axel Hallkell Jóhannesson; **Ljósahönnun:** Súni Joensen; **Tónlist:** Ármann Guðmundsson, Eggert Hilmarsson, Þorgeir Tryggvason og leikhópurinn **Leikstjórn:** Ágústa Skúladóttir

**Sýnt í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði**

Stríðshetjan Karl Friedrich Hieronymus Freiherr von Münchausen mun hafa verið uppi 1720 til 1797. Ýkjusögur hans úr stríðinu milli Rússa og Tyrkja hafa lifað, vaxið og dafnað og nú eru þær komnar á svið suður í Hafnarfirði.

Gunnar Helgason fer með hlutverk Múnkhásens og sjaldan hefur hann notið sín eins og í hlutverki gamla barónsins sem rifjar upp ótrúlegar sögur úr lífi sínu. Að þetta væru lygasögur datt ekki nokkrum manni í hug enda hvers vegna skyldi uppfinningaríkur ungur maður ekki geta skotist til tunglsins eða hlunkast oní spúandi eldfjall og lifað það allt af?

Múnkhásen hinn ungi, sem var mjög spaugileg fígúra, var skotinn í fallegri gúrkuprinsessu og trúði hann hirðsveini sínum fyrir því en vissi ekki að hirðsveinninn var einmitt stúlkan í dulargervi. Magnús Guðmundsson sem fer með hlutverk Múnkhásens þegar hann var ungur er gæddur mjög spaugilegri áru og hefur einkar gott vald á líkamsbeitingu, ekki ósvipað meistara Chaplin. Stúlkuna og sveininn lék Ágústa Eva Erlendsdóttir og var unun að fylgjast með henni. Sjá brosin ná til augnanna og augun ranghvolfast í hlutverki sveinsins. Eitt annað stórt hlutverk fór Sara Blandon með. Hún söng sem matselja og rosalegur eldfjallaguð. Það hefði mátt styrkja allan söng með heldur meiri undirleik, en hér var aðeins leikið á eitt píanó. Gamla eiginkonan var komin með mikla gleymsku og höfðu áhorfendur mjög gaman af því hvernig hún misskildi alla hluti. Virginia Gillard fór með það hlutverk og þar sem dulítill erlendur hreimur fylgdi hverju orði varð hún enn spaugilegri.

Ævintýrin gerast enn, og það er víst öruggt að mörg þeirra ungmenna sem nú um þessar mundir fá að njóta frásagnarákefð, leikgleði og töfra sem boðið er upp á í Gaflaraleikhúsinu upplifa ævintýri. Margt í sýningunni hefði getað verið betra, eins og t.d. tónlistin en skemmtilegheitin og litirnir og ferðalögin voru þannig að börnum fannst gaman. Hitt er svo annað mál að þegar verið að höfða til barna er óþarfi að hafa svona óskaplega mörg orð um alla hluti, það var kannski talað of mikið í þessari annars ágætu umgjörð.

Leikmynd og búningar Axels Hallkells Jóhannessonar eru má segja í aðalhlutverki. Þegar Múnkhásen klifrar upp til tunglsins og hangir fastur í kaðlinum æptu áhorfendur og hlógu. Hvernig slæður verða að bárum hafsins og hnakkur að foringjahúfu var mjög skemmtilegt þannig að þó orðin hafi verið ansi mörg voru myndirnar sem fyrir augu bar mjög skemmtilegar.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaðan:** Sýning sem byggir á leikgleði sem smitar alla í salnum.



**GUNNAR HELGASON** Nýtur sín í hlutverki Múnkhásens.

*Ferming 2012*

# ÞÚ FINNUR GJÖFINA Í EYMUNDSSON




## VIÐ AÐSTOÐUM VIÐ VALIÐ OG PÖKKUM INN ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU!




AFMÆLISDAGABÓKIN
Verð kr. 2.999,-
**Tilboð kr. 2.699,-**




PRJÓNAÐ ÚR ÍSLENSKRI ULL
Verð kr. 5.999,-
**Tilboð kr. 5.599,-**




STÓRA SAUMABÓKIN
Verð kr. 5.999,-
**Tilboð kr. 5.599,-**




1001 ÞJÓÐLEIÐ
Verð kr. 22.999,-
**Tilboð kr. 19.999,-**




ÍSLENZKIR ÞJÓÐHÆTTIR
Verð kr. 5.499,-
**Tilboð kr. 3.999,-**




NÝJA TILVITNANABÓKIN
Verð kr. 4.999,-
**Tilboð kr. 1.999,-**




ÍSLENSKAR LÆKNINGAJURTIR
Verð kr. 4.799,-
**Tilboð kr. 4.299,-**




SAGA LISTARINNAR
Verð kr. 5.999,-
**Tilboð kr. 3.999,-**



PAKKI - ÍSLENSKIR
MÁLSHÆTTIR OG ORÐTÖK
Verð kr. 8.499,-
**Tilboð kr. 7.999,-**




AFMÆLISDAGABÓK
MEÐ MÁLSHÁTTUM
Verð kr. 3.499,-
**Tilboð kr. 3.199,-**




HUMAN PLANET DVD
Verð kr. 5.599,-
**Tilboð kr. 4.999,-**



BIBLÍAN
Verð kr. 7.490,-
**Tilboð kr. 6.899,-**

Tilboð gildir til og með 11.04.12



Minnum á gjafakortin I Bókin er best vina þegar til framtíðar er litið!

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!



**1498 kr. kg**

Lambalæri. Þú velur: ókryddað, New York eða hvítlauks og rósmarín marinerað

# PÁSKAMATUR Á FRÁBÆRU VERÐI!



**698 kr. kg**

Grísabógur, hringskorinn



20% afsláttur

**998 kr. kg**

Verð áður ~~1298~~ kr. kg
Grísahryggur með puru



30% afsláttur

**1049 kr. kg**

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur, magnpakkning



**998 kr. kg**

Krónu hamborgarhryggur



20% afsláttur

**2398 kr. stk.**

Verð áður ~~2998~~ kr. stk.
Dönsk herragarðsönd, 2,6 kg



**1978 kr. kg**

ÍM ferskar kjúklingabringur

## Opnunartímar

verslana Krónunnar yfir páskana og á www.kronan.is

| Akranes | Árbær | Bíldshöfði | Grandi | Hvaleyrarbraut |
|---|---|---|---|---|
| 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-21 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-21 |
| 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-21 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-21 |
| 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ |
| 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-21 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-21 |
| 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ |
| 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-21 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-21 |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

**40% afsláttur**





**20% afsláttur**



**2298 kr. kg**

Verð áður ~~3848~~ kr. kg
Ungnauta Roast Beef, erlent

**3899 kr. kg**

Verð áður ~~4980~~ kr. kg
Ungnautalundir, erlendar

## Þú kaupir 4x2 lítra af Coke, Coke Light eða Coke Zero, velur þér Freyju Rísegg nr. 4 eða Nóa Perluegg nr. 4







**Aðeins 1198 kr. tvennan**

– meðan birgðir endast!

| Jafnasel | Lindir | Mosfellsbær | Reyðarfjörður | Reykjavíkurvegur | Selfoss | Vestmannaeyjar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 4. apríl 10-21 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 11-19 | 4. apríl 10-21 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 11-19 |
| 5. apríl 10-21 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 11-18 | 5. apríl 10-21 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 11-19 |
| 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ |
| 7. apríl 10-21 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 11-17 | 7. apríl 10-21 | 7. apríl 10-19 | 7. apríl 11-18 |
| 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ |
| 9. apríl 10-21 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 12-16 | 9. apríl 10-21 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 11-19 |



**80 FYRIRSÆTUR** komu fram á Reykjavík Fashion Festival í Hörpu um helgina. Ellefu hönnuðir sýndu og var yngsta fyrirsætan níu ára gömul.

# HANDAGANGUR Í HÖRPU

Fjöldi manns vann baki brotnu baksviðs á Reykjavík Fashion Festival í Hörpu um helgina þar sem mikill handagangur var í öskjunni. Fyrirsætur æfðu sig í að ganga á himinháum hælum milli atriða. Förðunar- og hárteymi stóðu í ströngu og göldruðu fram ævintýralegt útlit á færibandi. Ljósmyndarinn Eygló Gísladóttir myndaði stemninguna baksviðs.



**GLIMMER OG GLAMÚR** Litadýrðin var mikil í sýningu Hildar Yeoman.



**LAGAR FYRIRSÆTURNAR TIL** Borghildur Gunnarsdóttir, hönnuður Millu Snorrason, lagar fyrirsæturnar til áður en þær stíga út á sviðið.



**SKREYTTUR** Daníel Ágúst tróð upp á sýningu Hildar Yeoman.



**MÁLAÐUR** Krummi söng af innlifun undir sýningu Zisku og fékk að sjálfsögðu förðun.



**Í GULLBUXUM** Fatahönnuðurinn Birna gefur fyrirsætunum sínum fyrirmæli fyrir sýninguna.



**MUNSTUR** Förðunarmeistarar undir styrkri stjórn Fríðu Maríu Harðardóttur gerðu munstur í anda henna-flúrs á fyrirsæturnar sem sýndu fyrir Zisku.



**GOTT SKIPULAG** Lykillinn að því að koma fyrirsætunum í réttu fötin á stuttum tíma er að hafa skipulagið gott baksviðs. MYNDIR/EYGLÓ GÍSLADÓTTIR



**BIÐ** Fyrirsætur úr sýningu Ellu biðu spenntar eftir að fara fram á svið.



**SÆTIR SKÓR** Þessir skór voru í sýningu Millu Snorrason.

VETURHÚS
PÁSKADAG KL. 20:20
EITT MESTA BJÖRGUNARAFREK ÍSLANDSSÖGUNNAR
- saga sem hefur aldrei verið sögð
Ný heimildarmynd eftir Þorstein J. um eitt stærsta björgunarafrek Íslandssögunnar. Í janúar 1942 lagði breskur herflokkur af stað í ferð frá herbúðunum á Reyðarfirði. Þeir lentu í miklu óveðri og hrakningum og hefðu trúlega flestir farist, ef fjölskyldan á bænum Veturhús hefði ekki komið þeim til bjargar. Þetta er saga sem aldrei hefur verið sögð.



2 skemmtilegri
FÍTON / SÍA
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


FULLT HÚS
AF TÖLVUTILBOÐUM!
15,6"
TOSHIBA
TOSHIBA Satellite C660-2K1
Frábær kaup. 15,6" með Intel örgjörva, 4 GB minni og 500 GB.
89.990
-10.000
D-Link Boxee Box
Einn flottasti margmiðlunarspilarinn. YouTube, Facebook, Twitter og fullt af skemmtiefni af netinu.
39.990
Fullt verð 49.990
FRÁBÆRT VERÐ Á 17"
17,3"
139.990
ASUS
ASUS K73TK-TY028V
Flott 17,3" fartölva með AMD Fusion Quad Core og 8GB minni.
-5.000
23,6"
PHILIPS
Philips 247E3LSU
24" FULL HD LED með frábærri skerpu og litadýpt.
29.990
Fullt verð 34.990
2TB
-5.000
WD
WD Elements
Traustur 2TB flakkari fyrir gögnin, kvikmyndirnar og tónlistina.
19.990
Fullt verð 24.990
-20.000
14"
acer
ACER A4755G-2334G50MN
14" Acer Aspire með Intel Core i3, 4GB minni og 500GB hörðum diski.
119.990
Fullt verð 139.990
50 PÁSKAEGG OG VINNINGAR AÐ VERÐMÆTI 500.000
GLEÐILEGA PÁSKA
Allir sem versla fyrir páska setja nafnið sitt í pott. Á Skírdag drögum við út 50 heppna viðskiptavini sem allir fá páskaegg nr. 7 frá Nóa-Síríus.
Inni í öllum páskaeggjunum leynast vinningar eins og fartölva, borðtölva, spjaldtölva, myndavél eða 16GB minnislykill.
Hægt er að taka þátt í leiknum í verslunum Tölvulistans um allt land.
COOLER MASTER
CM HAF G1.1
Hrikalega öflug borðtölva á flottu fermingarverði. CoolerMaster HAF 912 Plus turnkassi sem hannaður er fyrir mikið loftflæði. 3.6 GHz AMD X4 örgjörvi, 8GB vinnsluminni og hljóðlátur 1TB Seagate SATA3 harður diskur. Öflugt ASUS M5A97 móðurborð og AMD Radeon R6790 skjákort. Kemur með Windows 7 Home Premium.
139.990
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
tl.is
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6 Sími 414 1735
KEFLAVÍK HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740
SELFOSS AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745
HAFNARFJÖRÐUR REYKJAVÍKURVEGI 66 Sími 414 1750

# Brást illa við í viðtali

Hótelerfinginn Paris Hilton lenti í útistöðum við ástralska sjónvarpsstöð eftir að hún var spurð út í dalandi frægð sína. Hilton var gestur í morgunþættinum Sunrise á sjónvarpsstöðinni Channel 7 vegna heimsóknar sinnar til Ástralíu.

Fréttakonan Edwina Bartholomew stýrði viðtalinu og spurði Hilton hvað tæki við hjá henni þegar frægðarsól hennar væri sest. „Ég vil eignast börn og lifa eðlilegu lífi með þeim,“ svaraði Hilton en heimtaði stuttu síðar að spurningin yrði klippt út úr viðtalinu, ellegar yrði sjónvarpsstöðin sett á bannlista.

Bartholomew var aftur á móti illa við að vera hótað og því var viðtalið birt í allri sinni lengd og þar með fær Channel 7 ekki fleiri viðtöl við hótelerfingjann.



**REIÐ** Paris Hilton er illa við að vera spurð út í dalandi frægð sína. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kanye í samræðum við Dior

Enn hefur ekki verið ráðið í stöðu yfirhönnuðar tískuhússins Dior eftir að John Galliano var rekinn vegna ummæla sinna í garð gyðinga. Fjölmargir hönnuðir hafa verið orðaðir við stöðuna undanfarið ár og nú síðast var rapparinn Kanye West orðaður við tískuhúsið.

West hefur mikinn áhuga á hönnun og sýndi sína aðra fatalínu á tískuvikunni í París fyrir stuttu. Línan þótti heldur mislukkuð og fékk lélega dóma frá öllum helstu tískuspekingunum. Þrátt fyrir þetta hefur verið uppi sá orðrómur að West hafi átt í samræðum við Dior um stöðu yfirhönnuðar og líklega rennur mörgum kalt vatn milli skinns og hörunds einfaldlega við tilhugsunina um slíkt samstarf.



**VILL TIL DIOR** Orðrómur er uppi um að Kanye West gangi kannski til liðs við Dior-tískuhúsið. NORDICPHOTOS/GETTY






**VERÐUR PABBI** Robbie Williams á von á sínu fyrsta barni á árinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Verður pabbi

**Breski söngvarinn Robbie Williams og eiginkona hans, bandaríska leikkonan Ayda Field, eiga von á sínu fyrsta barni. Williams tilkynnti fréttirnar á bloggsíðu sinni fyrir helgi.**

**„Ég og Ayda verðum foreldrar á árinu. Við höfum þegar séð sónarmyndir og grátið yfir þeim. Barnaherbergið er komið vel á veg og ég get ekki beðið eftir því að verða pabbi,“ skrifaði hinn stolti söngvari á síðu sinni.**

**Williams og Field gengu í hjónaband árið 2010.**



**NÝTT LAG** Söngkonan Adele ætlar að gefa út nýtt lag á þessu ári.

# Nýtt lag á þessu ári

**Adele ætlar að gefa út nýtt lag á þessu ári og kemur það líklega út í lok ársins. Hún segir að það fari allt eftir því hversu fljót hún er að semja önnur lög.**

**Söngkonan vinsæla vill ekki lofa neinu varðandi nýja plötu og segir að aðdáendur sínir verði einfaldlega að vera þolinmóðir. „Ef ég myndi ekki semja sjálf lögin mín þá kæmi platan örugglega út í næstu viku,“ sagði hún við frönsku útvarpsstöðina NRJ. „Ég verð að taka mér smá hvíld og njóta lífsins. Það liðu tvö ár á milli fyrstu tveggja platnanna og ætli það verði ekki svipað í þetta sinn.“**

# Ef Cobain væri á lífi

Endurgerða myndin A Star is Born sem er í undirbúningi fjallar um fyrrum söngvara Nirvana, Kurt Cobain, ef hann væri enn á lífi. Þetta segir Will Fetters, handritshöfundur myndarinnar.

„Ég vildi taka að mér A Star is Born vegna þess að ég er mikill aðdáandi Kurts Cobain. Fyrir mig var það eins og morðið á Kennedy þegar hann dó. Það var hryllilegur atburður.“ Clint Eastwood mun leikstýra myndinni. Þetta verður í fjórða sinn sem A Star is Born er framleidd. Síðasta mynd kom út 1976 með Barböru Streisand og Kris Kristoffersson í aðalhlutverkum.



**KURT COBAIN** A Star is Born fjallar um Cobain ef hann væri á lífi í dag.

# Átta af tíu í útliti

Nicole Scherzinger gefur útliti sínu átta af tíu í einkunn. Hin 33 ára söngkona, sem var áður í Pussycat Dolls, er ánægðust með kinnbeinin sín en er ekki sátt við lærin.

„Ég er óánægð með lærin á mér og búttuð hnén. Ég klæðist fötum sem sýna leggina á mér á ljósmyndum og í myndböndum en ekki oft þegar ég er að syngja á tónleikum,“ sagði Scherzinger í viðtali við The Daily Mirror. Hún hefur gaman af því að stunda líkamsrækt við eigin tónlist og segir að æfingar veiti henni aukið sjálfstraust. „Ég fæ aukinn kraft með því að halda mér í formi. Það heldur musterinu mínu sterku.“



**ÁTTA AF TÍU** Nicole Scherzinger gefur útliti sínu átta af tíu í einkunn.



**HAMINGJUSÖM** Bruce Willis og Emma Heming Willis eru í skýjunum með dótturina.

# Willis faðir í fjórða sinn

Bruce Willis er orðinn pabbi í fjórða sinn. Hinn 57 ára leikari og eiginkona hans, Emma Heming Willis, eru alsæl með dótturina Mabel Ray Willis sem kom í heiminn 1. apríl. Willis á fyrir dæturnar Rumer, Scout og Tallulah, sem eru 18 til 23 ára, með fyrrverandi eiginkonu sinni Demi Moore.

Willis sagðist eitt sinn í viðtali vera sama þótt hann eignaðist mörg börn eða engin börn með núverandi eiginkonu sinni. „Mig langar í þúsund börn í viðbót eða engin börn. Mér er alveg sama. Mér líður svo vel með Emmu.“



**Á TOPPNUM** Madonna hefur átt tólf plötur í efsta sæti breska vinsældalistans. NORDICPHOTOS/GETTY

# Madonna slær út Elvis

**Madonna hefur slegið met Elvis Presley yfir þá sólólistamenn sem hafa átt flestar plötur í efsta sæti breska vinsældarlistans. Plata hennar, MDNA, fór beint á toppinn um helgina og varð þar með hennar tólfta til að ná efsta sætinu þar í landi. Á plötunni nýtur hin 53 ára Madonna aðstoðar upptökustjórans Williams Orbit og fleiri aðila.**

**Í nýlegu viðtali sagði Madonna börnin sín ekki hafa gaman af tónlistinni hennar og skipa henni að lækka niður í hennar eigin lögum þegar hún spilar þau á heimilinu.**




midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075







ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| LORAX 3D ISL TAL | 2, 4, 6 |
| LORAX 2D ISL TAL | 2, 4 |
| LORAX 2D ENS TAL | 8, 10 |
| HUNGER GAMES | 4, 7, 10 |
| SVARTUR Á LEIK | 8, 10.15 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| WRATH OF THE TITANS | 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS VIP | 3:40 - 5:50 - 8 -10:10 | 2D | VIP |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| PROJECT X | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 7 |
| PÁSKATILBOÐ KR.450 | | | 7 |
| THE MUPPETS MOVIE | KL. 3:20 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ÍSL TALI | KL. 3:20 | 2D | L |
| JOURNEY 2 | KL. 3:40 | 2D | 7 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | L |
| HUGO MEÐ TEXTA | KL. 5:30 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 | 2D | 12 |
| JOHN CARTER | KL. 10:10 | 2D | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
| --- | --- | --- |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| THE WOMAN IN BLACK | KL. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| PROJECT X | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| JOHN CARTER | KL. 8 | 2D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 | KL. 3:10 - 5:50 | 2D | 7 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTUR | KL. 3:10 | 2D | L |
| PRÚÐULEIKARARNIR | KL. 3:10 | 2D | L |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ | KL. 3.10 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| WRATH OF THE TITANS | 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| THE LORAX- 3D M/ ÍSL TALI | KL. 4 - 6 | 3D | L |
| THE LORAX M/ ÍSL TALI | KL. 4 - 6 | 2D | L |
| THE LORAX M/ ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 | 2D | 12 |
| PROJECT X | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | KL. 10 | 3D | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:20 | 3D | L |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| LORAX | KL. 6 | 3D | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
| --- | --- | --- |
| HUNGER GAMES | KL. 4 - 5 - 8 - 10.20 - 11 | 12 |
| HUNGER GAMES LÚXUS | KL. 5 | 12 |
| LORAX 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 6 | L |
| LORAX 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |
| ACT OF VALOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 8 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
| --- | --- | --- |
| HUNGER GAMES | KL. 6 - 9 - 10.30 | 12 |
| LORAX 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| LORAX 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| ACT OF VALOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 8 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
| --- | --- | --- |
| HUNGER GAMES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX 3D | KL. 6 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio




**VINKONUHÓPUR** Leikkonan Molly C. Quinn mætti með vinkonur sínar á hátíðina en allar klæddust þær heldur ljótum kjólum.



**LITRÍKIR** Strákasveitin Restart ákváð að vera vel stíliseruð á hátíðinni. Takið eftir vel geluðu hárinu og rauðu leðurbuxunum.

# Ósmekkleg á Kids Choice Awards

**Verðlaunahátíðin Kids Choice Awards fór fram í Hollywood um helgina. Hátíðin er á vegum Nickelodeon-stöðvarinnar en það var kántrísöngkonan Taylor Swift sem vann aðalverðlaun kvöldsins en forsetafrú Bandaríkjanna, Michelle Obama, afhenti þau. Kynnir kvöldsins var Will Smith og Katy Perry var meðal þeirra sem komu fram. Klæðnaður stjarnanna var óvenju ósmekklegur í ár þar sem margir ákváðu að láta reyna á skrítnar fatasamsetningar með misgóðum árangri.**



**BLÁTT** Hin 16 ára leikkona, Gracie Dzienny, klæddist mjög stuttum glimmerkjól og háum hælum.



**RAUÐUR** Leikkonan Ashley Tisdale er yfirleitt smekkleg til fara en að þessu sinni hefði hún getað gert betur í kjólavali.



**ÓSMEKKLEG** Söngkonan Katy Perry klæddist ljótustu fötum ársins. Eiturgrænt frá toppi til táar við fjólubláar strípur í hári er einfaldlega ekki málið.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Jack and Jill fékk öll verðlaunin

Gamanmyndin Jack and Jill með Adam Sandler setti nýtt met þegar hún hrifsaði til sín öll verðlaunin á Razzies-skammarhátíðinni í Kaliforníu.

Aldrei áður í 32 ára sögu Golden Rasberry-hátíðarinnar hefur ein mynd hlotið öll verðlaunin, sem í þetta sinn voru tíu. Myndin var valin versta mynd ársins og Sandler var kjörinn versti leikarinn og versta „leikkonan“ en hann fór með hlutverk tvíburasystkinanna Jacks og Jill í myndinni. Al Pacino var valinn versti aukaleikarinn og David Spade versti aukaleikarinn í kvenhlutverki. Alls tóku 657 meðlimir Golden Rasberry-stofnunarinnar þátt í kosningunni.

„Hann lék ekki þríbura en hann hefði ekki hlotið fleiri verðlaun hefði hann gert það,“ sagði John Wilson, stofnandi Razzies-verðlaunanna. Hann bætti við að Sandler hafi ekki sýnt mikinn metnað í að gera vel í myndinni. Hann hafi haldið að aðdáendur hans væru tilbúnir til að láta hvað sem er yfir sig ganga. „Ef viðhorf þitt er þannig að þú ætlir bara að gera það sem rétt sleppur, þá sleppurðu alveg inn í Razzies-verðlaunin.“



**MARGVERÐLAUNUÐ** Jack and Jill hlaut öll verðlaunin á Razzies-skammarhátíðinni.


BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

ÞRIÐJUDAGUR: CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00 ■ AMMA LO-FI 18:00, *20:00* ■ MARGIN CALL 17:50, 20:00, 22:10 ■ *BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 22:20* ■ THE SKIN I LIVE IN 22:20
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!



# Láttu hjartað ráða




„Svalandi engiferdrykkur alveg eftir mínu höfði, enda er engifer bæði hollt og gott. Það hefur lengi verið einn af hornsteinum austurlenskra náttúrulækninga.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · **www.lífrænt.is**

HIMNESKT

# sport

sport@frettabladid.is



**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON** skoraði sigurmark Norrköping í 1-0 sigri liðsins á Svíþjóðarmeistarum Helsingborg í gær en þá lauk fyrstu umferð tímabilsins. Markið skoraði Gunnar Heiðar með skalla af stuttu færi í fyrri hálfleik en hann spilaði allan leikinn fyrir Norrköping.

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**8-LIÐA ÚRSLIT, LEIKIR NR. 2**

**Snæfell - Þór Þorl.** **94-84 (47-49)**

**Snæfell**: Jón Ólafur Jónsson 27/7 fráköst, Marquis Sheldon Hall 22/10 fráköst/8 stoðsendingar, Quincy Hankins-Cole 22/13 fráköst, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 11, Hafþór Ingi Gunnarsson 7, Sveinn Arnar Davidsson 3.

**Þór Þorlákshöfn**: Darrin Govens 32/6 fráköst, Blagoj Janev 18/6 fráköst, Matthew James Hairston 16/7 fráköst, Guðmundur Jónsson 12, Darri Hilmarsson 4/6 fráköst, Grétar Ingi Erlendsson 2.

*Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1.*

**Keflavík - Stjarnan** **88-82 (45-50)**

**Keflavík**: Charles Michael Parker 24/12 fráköst, Jarryd Cole 22/14 fráköst, Valur Orri Valsson 16/6 stoðsendingar, Magnús Þór Gunnarsson 15/6 stoðsendingar, Halldór Örn Halldórsson 6, Almar Stefán Guðbrandsson 5.

**Stjarnan**: Justin Shouse 20/8 fráköst, Marvin Valdimarsson 18/7 fráköst, Keith Cothran 14, Jovan Zdravevski 11/7 fráköst, Renato Lindmets 9/8 fráköst, Sigurjón Örn Lárusson 4, Dagur Kár Jónsson 4, Fannar Freyr Helgason 2.

*Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1.*

**ODDALEIKIR**

| | |
|---|---|
| Þorlákshöfn: Þór - Snæfell | fim. kl. 19.15 |
| Garðabær: Stjarnan - Keflavík | fim. kl. 19.15 |



**FÖGNUÐUR** Ashley Young fagnaði marki sínu í gær vel og innilega. NORDIC PHOTOS/GETTY

United vann Blackburn, 2-0:

## Fimm stiga forysta á toppnum

**FÓTBOLTI** Manchester United er í lykilstöðu á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir 2-0 sigur á Blackburn á útivelli í gær. Liðið er nú með 76 stig og fimm stiga forystu á granna sína í Manchester City, sem hefur fatast flugið að undanförnu.

Antonio Valencia og Ashley Young skoruðu mörk United í gær á síðustu tíu mínútum leiksins. Valencia skoraði fyrra markið með föstu skoti úr þröngu færi og lagði svo upp síðara markið fyrir Young en mark hans var einnig glæsilegt.

Sjö umferðir eru eftir af tímabilinu í Englandi og fátt sem bendir til annars en að United verði fyrsta liðið í sögunni til að vinna 20 deildarmeistaratitla þar í landi. **- esá**



**SIGUR** Quincy Hankins-Cole átti flottan leik í gær en hann skoraði 22 stig og tók þrettán fráköst. Hér fagnar hann í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Lömbin rotuðu drekann

**Snæfell og Þór Þorlákshöfn þurfa að mætast í oddaleik í átta liða úrslitum Iceland Express-deildar karla. Snæfell lagði Þór, 94-84, í öðrum leik liðanna í Fjárhúsinu. Keflavík knúði einnig fram oddaleik í rimmu sinni gegn Stjörnunni.**

**KÖRFUBOLTI** „Við festumst í 72 stigum á föstudaginn og núna festumst við í 73 stigum. Ég get alveg viðurkennt að ég fékk aðeins fyrir hjartað þá,“ sagði sigurreifur þjálfari Snæfells, Ingi Þór Steinþórsson, og glotti við tönn. Hans menn í Snæfelli lögðu Þór frá Þorlákshöfn í gær, 94-84, og þarf því oddaleik til að útkljá einvígið.

Hið sama má segja um rimmu Keflavíkur og Stjörnunnar en fyrrnefnda liðið vann sigur í hörkuleik í gær, 88-82.

### Nonni Mæju með stórleik

Snæfell og Þór buðu upp á hreint frábæran leik í Fjárhúsinu í gær. Stuðningsmenn Þórsara, Græni drekinn, fór á kostum í stúkunni og heimamenn tóku vel undir. Leikurinn í járnum nær allan tímann en Snæfellingar sterkari þegar á reyndi.

Jón Ólafur Jónsson átti stórbrotinn leik fyrir Snæfell og þegar hann lenti í villuvandræðum undir lokin stigu Hankins-Cole og Sheldon Hall upp. Þórsarar hættu að hitta og virtust ekki hafa nógu sterkar taugar þegar mest á reyndi.

„Nonni var geggjaður og dró vagninn á meðan þeir hittu ótrúlega fyrir utan þriggja stiga línuna. Heimavöllurinn gaf okkur kraft líka. Ég var virkilega ánægður með spilamennskuna og menn stigu upp er á þurfti að halda,“ sagði Ingi sem bíður spenntur eftir oddaleiknum. „Við eigum helmingslíkur í þeim leik. Þessi lið eru það jöfn. Ég er ekkert gapandi hissa að þetta sé að fara í oddaleik.“

### Þeir voru einfaldlega betri

Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórs, var svekktur en alls ekki af baki dottinn eftir leikinn í gær.

„Við fáum á okkur allt of mikið af stigum og svo ræðum við ekkert við Mæjuna [Jón Ólaf] lungann úr leiknum. Hann skildi liðin að lengi vel. Villuvandræðin fóru líka illa með okkur og við verðum að vinna okkur út úr því,“ sagði Benedikt en hann vildi ekkert kvarta yfir dómgæslunni samt.

„Við áttum að spila betur og þeir voru einfaldlega betri í dag. Nú er hreinn úrslitaleikur fram undan og ég er ekkert fúll yfir því enda gaman af svoleiðis leikjum. Ég hef farið í þá ófáa í gegnum tíðina. Ég fagna því þó svo vissulega hefði ég viljað klára þetta dæmi í kvöld.“

### Hiti í Sláturhúsinu

Einvígi Keflavíkur og Stjörnunnar ræðst í oddaleik en hitinn í báðum liðum var mikill og baráttan tók yfir gæði körfuboltans á löngum köflum.

Heimamenn byrjuðu leikinn betur og leiddu með níu stiga mun eftir fyrsta fjórðung þar sem Valur Orri Valsson var að gera Stjörnunni lífið leitt. Meiri ákefð var í Garðbæingum í öðrum leikhluta sem skilaði þeim fimm stiga forystu í hálfleik. Marvin Valdimarsson var í fararbroddi.

Keflvíkingar voru með eins stigs forystu í fyrir síðasta leikhlutann. Eftir erfiða byrjun á honum náðu þeir að klára leikinn á spennandi hátt.

„Þessi leikur tók á taugarnar fyrir bæði lið eðlilega. Svona á þetta að vera og svona mun þetta vera,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur. „Ég er hrikalega ánægður með baráttuna hjá okkur. Margir voru voða öruggir um að Stjarnan myndi vinna okkur sem mér finnst í raun og veru fáránlegt.“ **- hbg, egm**



**JAKOB ÖRN** Varð að játa sig sigraðan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslendingaliðið Sundsvall:

## Meistararnir úr leik í Svíþjóð

**KÖRFUBOLTI** Svíþjóðarmeistararnir og Íslendingaliðið Sundsvall Dragons er úr leik í úrslitakeppni sænsku úrvalsdeildarinnar í körfubolta eftir tap í oddaleik rimmu sinnar gegn LF Basket í fjórðungsúrslitum, 88-79, í gær.

Þetta eru vitanlega mikil vonbrigði fyrir drekana sem lentu 2-1 undir í einvíginu. Þeir náðu svo að knýja fram oddaleik með naumum sigri á útivelli í síðustu viku en urðu svo að játa sig sigraða á heimavelli í oddaleiknum.

Jakob Örn Sigurðaron skoraði fimmtán stig, Hlynur Bæringsson sex, auk þess að taka tíu fráköst, og Pavel Ermolinskij var með fimm stig fyrir Sundsvall. Ekkert Íslendingalið komst áfram í undanúrslitin í Svíþjóð að þessu sinni. **- esá**

Skíðamóti Íslands lauk í gær:

## Sextán ára Íslandsmeistari

**SKÍÐI** Skíðamóti Íslands lauk í Hlíðarfjalli í gær með keppni í stórsvigi karla og kvenna. Katrín Kristjánsdóttir frá Akureyri varð hlutskörpust kvenna og Dalvíkingurinn Jakob Helgi Bjarnason í karlaflokki, en hann er einungis sextán ára gamall og vann þar með sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í flokki fullorðinna. Jakob Helgi er í hópi bestu skíðagarpa Evrópu í sínum aldursflokki og þykir mikið efni. Hann varð í öðru sæti í svigi á laugardaginn.

Katrín er tvítug og yngri systir Dagnýjar Lindu sem lengi bar höfuð og herðar yfir aðrar skíðakonur á Íslandi. Hún hætti árið 2008 eftir langan og gæfuríkan feril. Katrín var í öðru sæti eftir fyrri ferð í sviginu á laugardaginn en féll úr leik í seinni ferðinni. Sigurvegari í svigi kvenna, hin átján ára María Guðmundsdóttir, meiddist á hné í gær og er óvíst hversu alvarleg meiðslin eru. **- esá**





Borgar þú of mikið fyrir öryggiskerfið?

Það er einfalt að skipta um þjónustuaðila. Gerðu verðsamanburð.

Hringdu núna í 570 2400.

ÖRYGGI VELFERÐ

Góð ráð frá Trausta á facebook.com/oryggi

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

# RUGL VERÐ

# Panasonic

## PANASONIC SJÓNVÖRP Á RUGLVERÐI




WHAT HI-FI? SOUND AND VISION AWARDS 2011 TV OF THE YEAR PANASONIC TXP42GT30

COMPUTER SHOPPER BEST BUY

expert REVIEWS BEST BUY

T3

**Panasonic TXP42GT30**

- Hágæða THX NeoPlasma sjónvarp
- Full HD Active 3D
- Infinite Black Pro skerpa 5.000.000:1
- Svartími 0.001 msek.
- Viera Connect Nettenging
- Innbyggður gervihnattamóttakari
- 3 USB tengi og 4 HDMI tengi
- Eitt með öllu á rugl verði

neo plasma

**RUGL VERÐ 199.990**




**Panasonic TXL32UX3**

- 32" Full HD 1080p LCD sjónvarp
- 1920x1080p upplausn
- Vreal Pro Engine
- 24p Playback Plus/Playback
- x.v Colour og Progressive Scan
- Digital Cinema Colour 3D Colour
- Háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari
- Scart, 2 HDMI, heyrnatólstengi o.fl.
- SD/SDHC kortalesari

**RUGL VERÐ 89.990**




**Panasonic TXP42G30Y**

- 42" Full HD 1080p THX Plasma sjónvarp
- 1920x 1080p upplausn
- Vreal Live Engine
- 600 Hz Sub Field Drive
- High Contrast Filter
- Pro 24p Smooth Film/ Play Back
- Infinite Black 5.000.000:1 skerpa
- 0.001 msec svartími
- Stafrænn háskerpu DVB-T/T2 móttakari
- 2x USB, 4 HDMI 1.4, SD kortalesari ofl.

neo plasma

**RUGL VERÐ 179.990**




**Panasonic TXP46ST32Y**

- 46" Full HD 1080p 3-D NeoPlasma sjónvarp
- Með 3-D converter (breytir 2-D í 3-D)
- 1920x 1080p upplausn
- Vreal 3-D Engine
- 600Hz Sub-field Drive
- Pro 24p Smooth Film/Play Back
- Infinite Black 5.000.000:1 skerpa
- High Contrast Filter, 0.001msec svartíma,
- Háskerpu HDTV DVB-T/2 stafrænum móttakari
- Innbyggður gervihnattamóttakari
- SD kortalesari, 2x USB ofl.

neo plasma

**RUGL VERÐ 219.990**




**Panasonic TXP46GT30Y**

- 46" Full HD 3D 1080p THX NeoPlasma sjónvarp
- 1920x 1080p upplausn
- Vreal 3D myndvinnsla
- High Contrast Filter
- 0.001 msec svartími
- 2D-3D conversion (breytir 2D í 3D)
- 600Hz Intelligent Frame Creation PRO
- Pro 24p Smooth Film/ Play Back
- Infinite Black Pro (+5.000.000:1 Native) skerpa
- Stafrænn háskerpu DVB-T/T2 móttakari
- Wi-Fi möguleiki
- 2x USB, 4 HDMI 1.4, SD kortalesari ofl.

neo plasma

**RUGL VERÐ 249.990**

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

Panasonic ideas for life

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.



FYRIRLIÐINN Guðrún Ósk er hér með boltann í umræddum leik gegn Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tveir lykilmenn í Haukum:

## Slitu krossband í sama leiknum

**KÖRFUBOLTI** Haukar verða án tveggja lykilmanna í úrslitarimmunni gegn Njarðvík í Iceland Express-deild kvenna. Fyrirliðinn Guðrún Ósk Ámundadóttir er með slitið krossband en fyrir aðeins fáeinum dögum kom í ljós að Íris Sverrisdóttir er einnig með slitið krossband en báðar meiddust þær í sama leiknum; leik númer tvö í undanúrslitarimmunni gegn deildarmeisturum Keflavíkur. Haukar unnu þó rimmuna 3-0 en þær Guðrún Ósk og Íris misstu vitanlega báðar af þriðja leiknum.

Báðar eru byrjunarliðsmenn í Haukum og því er þetta mikið áfall fyrir Hafnfirðinga. Úrslitarimman hefst í Njarðvík á miðvikudagskvöldið. - esá



DALGLISH Hefur ekki náð því besta úr leikmönnum Liverpool að undanförnu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool tapar og tapar:

## Versta gengi liðsins í 58 ár

**FÓTBOLTI** Liverpool hefur aðeins fengið átta stig í síðustu tólf leikjum sínum en það er versti tólf leikja sprettur liðsins síðan 1954. Aðeins Wolves hefur fengið færri stig en Liverpool frá áramótum.

„Ég held að við verðum einfaldlega að standa saman,“ sagði Kenny Dalglish, stjóri Liverpool sem tapaði fyrir Newcastle um helgina, 2-0. „Leikmenn vilja ná árangri og besta leiðin til þess er að standa saman og hafa trú á því sem þeir eru að gera. Það nýtur þess enginn að tapa leikjum enda værum við í verulegum vandræðum ef svo væri,“ bætti hann við.

Liverpool mætir næst Aston Villa á heimavelli á laugardaginn næsta. - esá

Þrír aðilar togast á um það hvað sé best að gera í meiðslum landsliðsmannsins Alexanders Peterssons:

# Einföld aðgerð á öxlinni myndi bjarga ÓL

**HANDBOLTI** Alexander Petersson gefur ekki kost á sér í forkeppni Ólympíuleikanna vegna meiðsla á öxl en hann hefur engu að síður verið að spila með Füchse Berlin. Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari, var spurður út í mál Alexanders á blaðamannafundi í gær.

Það má segja að þrír aðilar séu að togast þarna á. Alexander að klára sitt síðasta tímabil með Füchse Berlin, hann fer til Rhein Neckar Löwen í sumar og þá eru Ólympíuleikarnir fram undan takist íslenska landsliðinu að komast til London. Það besta fyrir íslenska landsliðið væri að Alexander færi strax í aðgerð en málið er ekki einfalt.

„Það hefur engin ákvörðun verið tekin um aðgerð enda ráðum við því ekki. Hann verður að ákveða það sjálfur hvort hann vill slíka aðgerð eða ekki. Það er ekkert í kortunum eins og staðan er í dag að hann sé á leiðinni í aðgerð,“ sagði Guðmundur í gær.

„Það sýnist sitt hverjum hvað á að gera og hvenær eigi að gera það. Það hafa allir aðilar sem að því máli koma á einn eða annan hátt sína skoðun á því. Ég efast um að Berlín vilji hleypa honum í aðgerð núna og svo framvegis. Það togast ýmislegt á í þessu máli. Við hlustum bara á þá lækna sem hafa skoðað myndir af þessu og þeir meta þetta á sinn hátt á Íslandi en síðan eru aðrir læknar í Þýskalandi sem hafa aðra skoðun. Ég veit ekki einu sinni hvernig þetta endar.“



ALEXANDER PETERSSON Missir af forkeppni Ólympíuleikanna í Króatíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ef okkur tekst að komast inn á Ólympíuleikana þá er hann að sjálfsögðu gríðarlega mikilvægur leikmaður í okkar liði. Það er enginn vafi á því að landsliðið vill njóta krafta hans,“ sagði Guðmundur en til þess að hann nái Ólympíuleikunum þá þarf hann að fara tímanlega í aðgerð.

„Eftir því sem læknar landsliðsins segja þá telja þeir að það sé hægt að framkvæma á honum tiltölulega einfalda aðgerð sem kemur honum í lag á sex til átta vikum. Hún á að koma í veg fyrir að þetta fari enn verr. Það er möguleiki á því að hann nái Ólympíuleikunum ef menn fara nógu snemma í það mál,“ sagði Guðmundur. - óój

# Samhug og stemningu í veganesti

**Íslenska karlalandsliðið mætir Norðmönnum klukkan 19.30 í Laugardalshöllinni í kvöld. Fram undan er forkeppni Ólympíuleikanna og þetta er eini æfingaleikurinn í snörpum undirbúningi strákanna okkar. Það er gríðarlega mikið í húfi í Króatíu um páskana, nefnilega sæti á Ólympíuleikana í London í sumar.**

**HANDBOLTI** Þetta verða vonandi skemmtilegir og eftirminnilegir páskar fyrir strákana okkar í handboltalandsliðinu því liðið er á leiðinni til Króatíu til að berjast fyrir farseðli inn á Ólympíuleikana í London.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hitti blaðamenn í gær þar sem hann talaði um að einn af andstæðingum liðsins auk Síle, Japans og Króatíu sé sú staðreynd að menn séu alltaf að tala um að þetta sé svo þægilegur og léttur riðill. Íslenska þjóðin fær tækifæri til að kveðja landsliðið í kvöld þegar liðið tekur á móti Norðmönnum í Laugardalshöllinni.

**Stórmál að komast inn á ÓL**

„Það þarf ekki að fjölyrða um það hversu mikilvægt verkefni þetta er fyrir okkur og handboltann á Íslandi. Það er stórmál að komast inn á Ólympíuleika og það hafa margar þjóðir verið að keppa um að komast í forkeppnina og það komast færri að en vilja,“ segir Guðmundur.

Íslenskir handboltamenn fögnuðu sérstaklega sigri Dana á EM í Serbíu í janúar því með því datt íslenska landsliðið inn í umrætt riðil og slapp við það að glíma við tvær sterkar Evrópuþjóðir um tvö laus sæti á ÓL.

„Við gerum okkur allir grein fyrir því og þurfum að vera mjög einbeittir. Það er engin ástæða til annars en að fara í þetta á fullu. Það eru allt hættulegir andstæðingar sem bíða okkar í þessum riðli og við þurfum að gera vel til þess að komast inn á Ólympíuleikana,“ segir Guðmundur.



TILFINNINGARÚSSIBANI Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari gengur í gegnum ýmislegt á hliðarlínunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Umræðan um léttan riðil**

„Kannski er einn af andstæðingunum sá að menn eru alltaf að tala um að þetta sé svo þægilegur og léttur riðill. Eitt af því hættulega í stöðunni er að við förum að trúa því sjálfir og menn missa einbeitingu út á eitthvað slíkt. Það getur verið hættulegt að heyra það kannski 30 til 40 sinnum því þá fara menn kannski að trúa því. Þess vegna þurfum við að passa okkur á því að þetta eru allt þjóðir sem við þurfum að taka mjög alvarlega,“ segir Guðmundur sem fær nú Ólaf Stefánsson og Snorra Stein Guðjónsson aftur inn í liðið en þeir misstu báðir af EM.

„Það hafa ákveðin meiðsli hrjáð nokkra leikmenn liðsins en mér sýnist að þetta sé allt á réttri leið fyrir utan það að Alexander er meiddur. Sumir eru að koma úr meiðslum og hafa jafnað sig. Við erum mjög ánægðir með það. Við eigum því að geta stillt nánast upp okkar sterkasta liði í þessum leikjum,“ segir Guðmundur.

Íslenska landsliðið hefur undanfarin ár endað lokaundirbúning sinn fyrir mikilvæg verkefni með því að spila leik í Laugardalshöllinni og oftast fyrir framan fulla höll. Það fer ekkert á milli mála að strákarnir vonast eftir stemningu og stuði í Höllinni í kvöld.

„Þetta er gríðarlega mikilvægur leikur fyrir okkur, bæði til að sjá hvar við stöndum og fá góðan æfingaleik á móti mjög góðu liði. Allir leikirnir á móti Noregi síðustu ár hafa verið mjög jafnir og skemmtilegir leikir. Ég biðla til handboltaáhugamanna og þeirra sem hafa gaman af því að horfa á landsliðið í stórkeppni, að styðja við bakið á okkur með því að koma á leikinn. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að fá fólk í Höllina til þess að skapa þessa réttu stemningu,“ segir Guðmundur og troðfull höll er stór liður í að stilla menn af fyrir komandi átök í Króatíu.

**Þakklátir fyrir stuðninginn**

„Það er gríðarlega mikill munur á því að spila fyrir fullu húsi eða fyrir hálftómu húsi. Það má líkja þessu við leikara sem er að leika í leikriti, hvort hann er að leika fyrir fullu húsi eða hálftómu húsi. Ég held að það sé svipað. Við tökum með okkur ákveðna stemningu og ákveðinn samhug sem við höfum oft fundið hjá íslensku þjóðinni gagnvart okkur. Við erum þakklátir fyrir það þegar við finnum fyrir þessum stuðningi sem hefur verið einstakur í gegnum tíðina. Það væri frábært fyrir okkur að finna fyrir þessu núna og fá það í veganesti með okkur út til Króatíu.“ ooj@frettabladid.is




Mind Xtra
fyrir konur eins og þig
OPNUNARTILBOÐ
Leggings 1990 kr.
Bómullar-blúndubolir 1990 kr.
Full búð
af nýjum vörum og frábærum tilboðum
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is


Stórlið í eldlínunni í fjórðungsúrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld:

# Kunnum bara að sækja til sigurs

**FÓTBOLTI** Tveir leikir fara fram í fjórðungsúrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Um er að ræða síðari viðureignir í rimmum Barcelona og AC Milan annars vegar og Bayern og Marseille hins vegar. Bæjarar eru í góðri stöðu eftir 2-0 sigur á útivelli í fyrri leik liðanna en hin liðin skildu jöfn í fyrri leiknum sem fór fram á Ítalíu.

Augu flestra munu því beinast að Barcelona í kvöld þar sem Evrópumeistararnir freista þess að komast í undanúrslit Meistaradeildarinnar fimmta árið í röð. Aðeins Real Madrid hefur náð því afreki áður, frá 1956 til 1960.

Börsungar þykja vissulega sigurstranglegri á sínum ógnarsterka heimavelli en þegar liðin áttust þar við í riðlakeppninni í byrjun september varð niðurstaðan 2-2 jafntefli. Ef AC Milan skorar í kvöld dugar liðinu jafntefli til að slá Evrópumeistarana úr leik.



FIMM STIGA FORYSTA Carles Puyol og Zlatan Ibrahimovic eigast við í fyrri leik Barcelona og AC Milan. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Við kunnum bara að spila á einn máta – það er að sækja til sigurs,“ sagði Carles Puyol, fyrirliði Barcelona á blaðamannafundi í dag. „Við ætlum ekki að spila upp á markalaust jafntefli – aðeins sigur. AC Milan er í hópi bestu félagsliða Evrópu og þetta er leikur sem allir knattspyrnumenn taka þátt í. Við verðum að vera góðir á báðum endum vallarins ef við ætlum okkur að komast áfram.“

Zlatan Ibrahimovic er hættulegasti leikmaður AC Milan en hann lék með Barcelona á sínum tíma. „Það verður ekki bara undir mér komið að halda honum í skefjum heldur þarf allt liðið að hafa gætur á honum,“ sagði Puyol.

Jupp Heynckes, þjálfari Bayern, ætlar ekki að slá slöku við í kvöld þrátt fyrir góða stöðu í einvíginu gegn Marseille. „Við ætlum að reyna að vinna leikinn. Við erum vissulega í góðri stöðu en þá má ekki gleyma því að Marseille vann 3-2 sigur á Dortmund í riðlakeppninni eftir að hafa verið 2-0 undir í leiknum,“ sagði Heynckes.

Leikirnir hefjast báðir klukkan 18.45 í kvöld. - esá




ÍSLENSKA SIA.IS UTI 59240 04/12

**> Stöð 2 Sport kl. 18.30**
**Barcelona - AC Milan**

***Stórleikur í Meistaradeild Evrópu þar sem Barcelona tekur á móti AC Milan. Fyrri leik liðanna, sem fram fór í Mílanó í sl. viku, lauk með markalausu jafntefli en það ræðst í kvöld hvort liðið kemst í undanúrslitin.***




# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ TINNA RÓS STEINSDÓTTIR OG SÖKNUÐURINN

# *Falleg vandamál fortíðarinnar*

Af algjörri slysni datt ég inn í barnaefnið á Stöð 2 um daginn. Á meðan ég sat og horfði á enskumælandi ofurstelpur berjast við bólugrafin skrímsli um ást og umhyggju feitrar ömmu fór ég að rifja upp barnatímann eins og hann var í mínu ungdæmi.

Nú er ég ekkert mjög gömul, en barnatíminn hefur tekið stórkostlegum breytingum frá því að ég var upp á mitt besta í barnatímaáhorfi. Aldrei töluðu mínar teiknimyndapersónur ensku og sjaldnast voru þær að berjast við ófreskjur og skrímsli. Yfirleitt var um að ræða fallegar persónur sem tókust á við falleg vandamál og leystu þau á fallegan hátt. Sérstaklega man ég eftir spólu sem við áttum þar sem við höfðum tekið upp þátt þar sem farið var í heimsókn í sumarbúðirnar í Vindáshlíð. Þátturinn þótti einkar sérstakur á mínu heimili þar sem systir mín var í þeim flokki sem var heimsóttur og sást því bregða fyrir af og til. Á milli þess sem við fylgdumst með daglegu lífi í sumarbúðunum, og ég taldi niður dagana í að ég yrði nógu gömul til að fara í sumarbúðir sjálf, voru spilaðar klassískar teiknimyndir. Helst man ég eftir þætti um fílinn, hana Nelly, strætisvagninum sem bognaði þegar hann beygði og örvæntingafulla leit bleika fílsins að forystufílnum sem kallaði á hana af fjarlægri strönd. Það var barnaefni í lagi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tangóskór og fótaflækjur **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dagbók frá Diafani **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Íslensk trúartónlist í dymbilviku **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.20 Dagbók barnfóstru** (The Nanny Diaries) Háskólastúdína verður barnfóstra hjá auðugri fjölskyldu. Meðal leikenda eru Scarlett Johansson, Chris Evans og Alicia Keys.
**12.00 Hvaleyjar** (3:12)(4:12) (Hvaler) (e)
**13.50 Hjálpið mér að elska barnið mitt** (1:2) (Help Me Love My Baby) Heimildamynd um fæðingarþunglyndi.
**14.45 Gildran** (Caught in a Trap)
**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Tóti og Patti** (Toot and Puddle)
**17.31 Með afa í vasanum**
**17.43 Skúli skelfir** (Horrid Henry, Ser.2)
**17.55 Hið mikla Bé** (The Mighty B!)
**18.18 Fum og fát** (Panique au village)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Nýgræðingar** (Scrubs)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Landsleikur í handbolta** (Ísland-Noregur) BEINT
**21.10 Djöflaeyjan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Dulnefni: Hunter** (4:6) (Kodenavn Hunter II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (14:23) (Desperate Housewives VIII) (e)
**00.05 Fréttir**
**00.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Land of the Lost**
**10.00 Her Best Move**
**12.00 Artúr og Mínímóarnir**
**14.00 Land of the Lost**
**16.00 Her Best Move**
**18.00 Artúr og Mínímóarnir**
**20.00 The Golden Compass**
**22.00 Tideland**
**00.00 Farce of the Penguins**
**02.00 Dreaming Lhasa**
**04.00 Tideland**
**06.00 The International**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (8:23)
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (124:175)
**10.15 The Middle** (7:24)
**10.40 Wonder Years** (17:23)
**11.10 Matarást með Rikku** (7:10)
**11.40 Hank** (3:10)
**12.10 Two and a Half Men** (10:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (15:24)
**13.30 So You Think You Can Dance** (1:23)
**14.55 Sjáðu**
**15.25 iCarly** (16:25)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautifu**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (8:22)
**19.40 Better With You** (4:22)
**20.05 Modern Family** (18:24)
**20.30 Two and a Half Men** (6:24) Í
**20.55 White Collar** (5:16)
**21.40 Exile** Æsispennandi seinni hluti framhaldsmyndar mánaðarins um samband feðga, þar sem faðirinn er illa haldinn af Alzheimer-sjúkdómnum og sonurinn hefur nýlega snúið aftur heim eftir stormasamt tímabil í einkalífinu. Samband feðganna hefur verið sama og ekkert gegnum tíðina en þegar sonurinn finnur dularfullar filmur í fórum föður síns fer hann að grafast fyrir um liðna atburði sem ekki hafa enn komið upp á yfirborðið.
**23.10 The Daily Show: Global Edition**
**23.35 New Girl** (7:24)
**00.00 Mildred Pierce** (4:5)
**01.10 Gossip Girl** (9:24)
**01.55 Pushing Daisies** (8:13)
**02.40 Big Love** (9:9)
**03.35 Android Apocalypse**
**05.10 The Simpsons**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**18.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Milan** BEINT. Þetta er seinni viðureign liðanna í 8 liða úrslitum en fyrri leiknum lauk með markalausu jafntefli.
**20.45 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk**
**21.10 Meistaradeild Evrópu: Bayern - Marseille** Þetta er seinni viðureign liðanna í 8 liða úrslitum. Leikurinn er í beinni á Sport 3 kl. 18.30.
**23.00 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Milan** 8 liða úrslit.
**00.50 Þorsteinn J. og gestir**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Blackburn - Man. Utd.**
**16.15 Wolves - Bolton**
**18.05 Premier League Review 2011/12**
**19.00 Newcastle - Liverpool**
**20.50 Tottenham - Swansea**
**22.40 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.10 QPR - Arsenal**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (83:175)
**20.15 Monk** (3:16)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Smash** (5:15)
**22.35 Game of Thrones** (1:10)
**23.30 Exile**
**01.00 Supernatural** (9:22)
**01.45 Malcolm In the Middle** (8:22)
**02.10 Better With You** (4:22)
**02.35 Monk** (3:16)
**03.15 The Doctors** (83:175)
**03.55 Íslenski listinn**
**04.20 Sjáðu**
**04.45 Fréttir Stöðvar 2**
**05.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 90210** (11:22) (e)
**16.35 Dynasty** (14:22)
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Got to Dance** (5:15) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (3:48) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.45 Will & Grace** (7:24) (e)
**20.10 Matarklúbburinn** (8:8)
**20.35 Innlit/útlit** (8:8) Það eru þær Sesselja Thorberg og Bergrún Íris Sævarsdóttir sem leggja áherslu á spennandi hönnun, húsráð og sniðugar lausnir fyrir heimilið með áherslu á notagildi. Nýtt og notað verður saman í bland og Fröken Fix verður á sínum stað með sín hagnýtu og skemmtilegu ráð.
**21.05 The Good Wife** (10:22)
**21.55 Prime Suspect** (11:13) .
**22.45 Jimmy Kimmel** Jimmy lætur gamminn geisa og fær gesti sína til að taka þátt í ótrúlegustu uppákomum.
**23.30 CSI** (13:22) (e)
**00.20 The Good Wife** (10:22) (e)
**01.10 Flashpoint** (13:13) (e)
**02.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Shell Houston Open 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Shell Houston Open 2012 (2:4) **15.45** Ryder Cup Official Film 1995 **16.40** Inside the PGA Tour (13:45) **17.05** PGA Tour - Highlights (12:45) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (13:45) **19.45** World Golf Championship 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2009 **23.45**

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.25** Keeping Up Appearances **08.00** Dalziel and Pascoe **09.40** Deal or No Deal **10.15** EastEnders **10.45** Come Dine With Me **11.35** My Family **13.05** Keeping Up Appearances **14.40** QI **15.40** Top Gear **16.35** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **17.20** Come Dine With Me **18.10** QI **19.10** Lee Evans Big Tour **20.00** The Graham Norton Show **20.45** My Family **21.45** Live at the Apollo **22.30** Keeping Up Appearances **00.00** Lee Evans Big Tour **00.50** The Graham Norton Show **01.35** My Family

## DR 1

**10.25** Nye hvide verden **10.55** Kender du typen **11.25** Hercule Poirot **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Cirkeline - Ost og kærlighed **14.30** Lille Nørd **15.00** Pacific Paradise Police **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Cirkusrevyen - En stor familie **17.30** Huset på Christianshavn **18.00** Bonderøven **18.30** Blod, sved og ris **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.35** Ben Hur **21.05** Bibelmysteriet **22.40** OBS **22.45** En splittet familie **23.30** Taggart

## NRK 1

**10.15** Viva Villaveien! **12.00** Ut i naturen **12.30** Påskekveld **13.00** NRK nyheter **13.10** Jessica Fletcher **14.00** Ut i naturen **15.00** NRK nyheter **15.10** Norsk attraksjon **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Fjellfolk **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenøtter **17.45** Påskekveld **18.15** Min idrett **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Whitechapel **21.00** Løsning påskenøtter **21.05** Kveldsnytt **21.20** Å vokse opp som en Kennedy **23.00** Skavlan

## svt1

**08.45** Folkhemmet på hjul **09.45** Livet på Laerkevej **10.30** Smartare än en femteklassare **11.30** Skavlan **12.30** Tärningen är kastad **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** The Big C **15.00** Attending Örebro **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Så levde de lyckliga **19.00** Född 2010 **20.00** Hübinette **20.30** Dox **22.05** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.15** Rescue Dawn

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó · **FM 90,9** Gullbylgjan · **FM 93,5** Rás 1 · **FM 96,3** FM Suðurland · **FM 97,7** X-ið · **FM 99,4** Útvarp Saga · **FM 102,9** Lindin
**FM 90,1** Rás 2 · **FM 91,9** Kaninn · **FM 95,7** FM957 · **FM 96,7** Létt Bylgjan · **FM 98,9** Bylgjan · **FM 102,2** Útvarp Latibær · **FM 105,5** Útvarp Boðun




# Sony Center

www.sonycenter.is

## Björt framtíð með Sony!

**Mikið úrval fermingargjafa í Sony Center Borgartúni**



**SONY VAIO GÆÐI!**
VPC-SB4L1E

- Intel Core i3 örgjörvi
- Hágæða 13,3"Flat LED skjár
- 4GB innra minni, 640GB diskur
- Baklýst lyklaborð
- Smíðuð úr magnesium og áli
- Þyngd aðeins 1.7 kg. með rafhlöðu
- Allt að 7 klst. rafhlöðuending
- Playstation 3 samhæfing

**Verð 179.990.-**



**EIN MEÐ ÖLLU!** VPC-EH3H1E

- Intel Core i3 örgjörvi
- Hágæða 15,5"Flat LED skjár
- 4GB innra minni, 500GB diskur

**Verð 139.990.-**



**VELDU ÞINN LIT** VPC-CA4S1E

- Intel Core i3 örgjörvi
- Hágæða 14"Flat LED skjár
- 4GB innra minni, 640GB diskur

**Verð 169.990.-**



**GLÆSILEG GÆÐAVÉL** VPC-EH3Z1E

- Intel Core i5 örgjörvi
- Hágæða 15,5"Flat LED skjár
- 4GB innra minni, 640GB diskur, Blu-Ray drif

**Verð 179.990.-**

**4GB** minniskort fylgir öllum myndavélum



**GÓÐ PANORAMA VÉL** DSC-W530

- 14,1 megapixlar
- 2,7" LCD skjár
- Sweep Panorama

**Verð 27.990.-**



Tilboð **129.990-** 4GB minniskort fylgir

**ATVINNUMANNAGÆÐI Í VASASTÆRÐ!**
NEX-5NKS

- 16,1 megapixla Exmor myndflaga
- KIT 18-55mm linsa fylgir

**Tilboð 129.990.-** Verð áður 149.990.-



Tilboð **49.990-**

**HLJÓMTÆKI FYRIR IPOD OG CD**
CMT-CX5IPW

- 40W. Tónjafnari; Rock, Pop, Vocal, Flat
- Til í svörtu og hvítu

**Tilboð 49.990.-** Verð áður 59.990.-



**FRÁBÆR DOKKA FYRIR IPOD OG IPHONE** ICF-DS15IBP

- Innbyggt útvarp og vekjari
- USB tengi

**Verð 24.990.-**

**20%** afsláttur af öllum Sony heyrnatólum!



**KRAFTMIKIL HEYRNATÓL** MDR-ZX300B

- Fyrir Ipod, Walkman og önnur hljómtæki
- 30mm hátalarar

**Verð 9.990.-**

SONY CENTER **ER FLUTT** Í VERSLUN NÝHERJA Í BORGARTÚNI!

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég hlusta á mjög fjölbreytta tónlist. David Bowie er mér iðulega innan handar og það eru The Stranglers líka. Annars hlusta ég á allt milli djass og þungarokks.“*

Svanur Már Snorrason, blaðamaður og rithöfundur.

# Vel heppnaðir tónleikar í Seattle

Vefur bandarísku útvarpsstöðvarinnar KEXP fer fögrum orðum um tónleika Of Monsters and Men í heimaborg stöðvarinnar, Seattle, á dögunum.

Útvarpsstöðin sá íslensku sveitina fyrst á Iceland Airwaves-hátíðinni 2010 og var fyrst til að spila tónlistina hennar í bandarísku útvarpi. „Það er eitthvað vingjarnlegt við Of Monsters and Men sem höfðar til svo margra. Hamingjan lekur af tónlistinni þeirra, sama hvort þau syngja um óendurgoldna ást eða verur í skóginum,“ skrifaði blaðamaðurinn, sem var sérlega hrifinn af lögunum Dirty Paws, Lakehose og From Finner. Hann bætti við að þrátt fyrir að hljómsveitin væri undir greinilegum áhrifum frá Arcade Fire og Edward Sharpe and the Magnetic Zeros hefði Of Monsters and Men náð að þróa sinn eigin hljóm.

Uppselt var á tónleikana sem um 1.800 manns sáu á staðnum Showbox SoDo. Lay Low hitaði upp og fékk hún einnig góða dóma hjá KEXP, sem sagði hana hafa verið sjálfsörugga og að áhorfendurnir hafi kunnað vel að meta hana.

Of Monsters and Men og Lay Low spila á austurströnd Bandaríkjanna næstu tvær vikurnar og verða tónleikar sveitarinnar í New York sýndir í beinni útsendingu á Youtube á fimmtudaginn. Fyrsta plata Of Monsters and Men á Bandaríkjamarkaði, My Head Is An Animal, kemur út í dag og verður fróðlegt að fylgjast með viðbrögðunum við henni. **- fb**



**GÓÐIR DÓMAR** Of Monsters and Men á tónlistarhátíðinni South By Southwest í Texas. Tónleikar sveitarinnar í Seattle fá góða dóma hjá KEXP. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vinsælli en McQueen og Dior

Fatahönnuðurinn Guðmundur Jörundsson sýndi nýja fatalínu fyrir Kormák & Skjöld á RFF um helgina sem leið. Myndir frá sýningunni birtust á tískuvefsíðunni Nowfashion.com og í gær var sýning Kormáks & Skjaldar í þriðja sæti yfir vinsælustu tískusýningarnar og sló þar við tískuhúsum á borð við Alexander McQueen, Victoriu Beckham og Dior.

Að sögn Guðmundar gekk sýningin vonum framar og er hann ánægður með athyglina sem hún hefur vakið. „Þetta gekk allt samkvæmt áætlun enda er ég að vinna með miklu fagfólki sem stóð allt við sitt og rúmlega það. Það er líka gaman hvað sýningin hefur vakið mikla athygli og frábært að vera vinsælli en McQueen og Victoria Beckham.“

Nowfashion.com birtir fyrst tískuvefrita myndir frá sýningum á rauntíma og starfar náið með þýska Vogue, Grazia og Showstudio.

Guðmundur notaði ekki vanar fyrirsætur á sýningunni heldur fékk vini, kunningja og menn sem honum þótti vera með réttu útgeislunina til að sýna flíkurnar. „Flesta þekki ég vel eða kannast eitthvað við. Einn greip ég á meðan hann sat í stólnum hjá hárgreiðslumanninum Stjúra og svo kom einn með flugi frá Seyðisfirði.“

Aðspurður segist Guðmundur hafa haft í nægu að snúast um helgina og átti meðal annars nokkra fundi með erlendum gestum hátíðarinnar. „Það er ýmislegt í pípunum eftir RFF og við erum núna á fullu að undirbúa framhaldið, skipuleggja framleiðsluna og senda út prótótýpur. Það er ýmislegt sem þarf að ganga frá og klára og svo þarf ég að byrja á sumarlínunni sem fyrst. Ég fór í fermingarveislu úti á landi á sunnudaginn og var svo þreyttur eftir helgina að ég sofnaði í henni,“ segir Guðmundur í gamansömum tón en viðurkennir að það sé gott að hann hafi nóg að vinna og gera. „Ég er mjög sáttur við þetta allt saman.“ **- sm**



**VINSÆLL** Tískusýning Guðmundar Jörundssonar er vinsælli en sýning Alexanders McQueen og Victoriu Beckham á vefsíðunni Nowfashion.com. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK








**LEGEND** Krummi Björgvinsson og Halldór Á. Björnsson ásamt trommuleikaranum Frosta Jóni Runólfssyni sem spilar með þeim á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KRUMMI BJÖRGVINSSON: MARGT Í TÓNLISTINNI SEM HEILLAR MIG

# Vélarhljóð og ósýnileg sál á nýrri plötu frá Legend

Fyrsta plata hljómsveitarinnar Legend kemur í verslanir á morgun. Hún nefnist Fearless og inniheldur tíu lög, þar á meðal Sisters sem hefur verið spilað töluvert í útvarpinu.

Legend er skipuð Krumma Björgvinssyni og Halldóri Á. Björnssyni sem hafa áður starfað saman í hljómsveitinni Esju en þeir hafa verið vinir frá 1999. Tíu árum síðar varð Legend til og heitir sveitin í höfuðið á samnefndri ævintýramynd Ridley Scott frá árinu 1985 sem fjallar um baráttuna á milli ljóss og myrkurs. „Við erum rosalega spenntir. Þessi plata er búin að vera heilt ár í bígerð og það er gaman þegar maður fær ein- takið loksins í hendurnar,“ segir Krummi en platan var tekin upp í Stúdíó Neptúnus og annaðist vinur þeirra Hazar hljómjöfnun.

Tónlistina sem Legend spilar má flokka sem drungalegt norrænt rafpopp í anda Depeche Mode og sænsku hljómsveitarinnar The Knife. „Ég hlusta mjög mikið á raf-iðnaðarrokk með goth-i í. Ég er mikið fyrir alla tónlist en er sérstaklega hrifinn af þessari tónlistarstefnu.“ Spurður nánar út í hvað sé svona gott við hana bætir Krummi við: „Það eru þessi vélarhljóð sem við heyrum í kringum okkur þegar við löbbum út úr húsi og þessi framtíðarsýn. Það er líka viss sál, finnst mér, í þessari tónlist sem er á vissan hátt ósýnileg. Það eru margt í henni sem heillar mig.“

Fearless kemur út samtímis á geisladiski og vínylplötu í völduðum umbúðum. „Við lögðum mikið í að hafa flottar umbúðir og gera rosalega flottan pakka. Við viljum endilega að fólk fari út í búð og kaupi sér eintak í áreiðanlegu formi.“

Útgáfuteiti vegna plötunnar verður haldið á skemmtistaðnum Boston annað kvöld kl. 20 þar sem hún verður fáanleg á góðu verði. Næstu tónleikar Legend verða á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður um páskana og í maí verða svo útgáfutónleikar í Reykjavík. **freyr@frettabladid.is**

# Sigga Heimis í hópi þeirra bestu

Vefsíðan Stylepark.com fjallar um vöruhönnuðinn Sigríði Heimisdóttur í grein sinni um norræna, kvenkyns vöruhönnuði. Greinarhöfundurinn Anneke Bokern segir áberandi hversu margar norrænar konur hafa náð langt í greininni.

Í greininni kemur fram að kvenkyns vöruhönnuðir búi við betri tækifæri á Norðurlöndunum en víða annars staðar og því hafi margar náð að skapa sér nafn í starfsgrein sem er að miklu leyti karlastétt. Sigríður rifjar meðal annars upp atvik frá námsárum sínum á Ítalíu þegar kennari efaðist um getu hennar vegna kyns. „Fyrir lokaverkefni okkar ákvað ég og fimm bekkjarsystur mínar að hanna saman hjól. Prófessorinn spurði okkur þá vingjarnlega hvort við treystum okkur í slíkt verkefni þar sem við værum allar stelpur,“ segir Sigríður í greininni og bætir við að þetta hefði ekki átt sér stað í hennar föðurlandi, Íslandi. „Á Norðurlöndunum er stúlkum og strákum kennt að velgengni hefur ekkert með kyn að gera, ekki heldur í hönnunargeiranum.“

Blaðamaður Stylepark.com fjallar einnig um sænska hönnuðinn Monicu Förster og Danann Cecilie Manz og norsku hönnuðina Silju Søfting og Evu Marit Tøftum. Stylepark er virtur miðill sem fjallar um arkitektúr og hönnun en sinnir einnig öðrum störfum líkt og ráðgjöf og sýningastjórnun og var sett á laggirnar í Frankfurt árið 2000. **- sm**



**VEKUR ATHYGLI** Fjallað er um Sigríði Heimisdóttur í grein á vefsíðunni Stylepark.com. Greinin fjallar um norræna, kvenkyns hönnuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# 1.000 KR.

Sími 58·12345
www.dominos.is

Þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum á 1.000 kr.

Fyrstu 400 netpöntunum vikunnar, þegar keypt er máltíð ásamt 2 L gosi, fylgir miði á American Pie: Reunion.




PANTAÐU Á NETINU Í RÓ OG NÆÐI!



FITON / SIA

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stöð 2 hljóp fyrsta apríl á eigin gabbi

Fréttastofa Stöðvar 2 tók eins og aðrir fjölmiðlar þátt í aprílgöbbum. Gabb fréttastofunnar var frétt um að gull hefði fundist í Esjunni. **Jón Gnarr** borgarstjóri tók þátt í gabbinu með Jónasi Margeiri Ingólfssyni fréttamanni. Eftir að fréttin fór í loftið var hringt inn á fréttastofuna og greint frá því að fjöldi fólks væri kominn að Esjunni með skóflur og annað tilheyrandi gullgreftri. Myndatökumaður var ræstur út og sendur á staðinn, en þá kom í ljós að þeir höfðu hlaupið fyrsta apríl, og það á sínu eigin gabbi.



### Brynja fyllir í skarðið

Sjónvarpskonan **Þóra Arnórsdóttir** liggur nú undir feldi og íhugar forsetaframboð. Hún sagðist í gær munu tilkynna um ákvörðun sína fyrir páska, sem nálgast óðfluga. Þóra hefur undanfarið starfað fyrir Kastljós, auk þess sem hún stýrir spurningaþættinum Útsvari ásamt Sigmari Guðmundssyni. Útsvarið hefur verið hvílt undanfarnar vikur til að rýma föstudagskvöldin fyrir Gettu betur, en snýr aftur á skjáinn annað kvöld. Ef til vill er það vísbending um fyrirætlan Þóru, að hennar mun ekki njóta við í þætti morgundagsins, heldur hefur **Brynja Þorgeirsdóttir** verið fengin í spyrilshlutverkið við hlið Sigmars. **- þeb, sh**



### Mest lesið vísir

1. Hundaeigandinn kærður til lögreglu
2. Sykurneysla að fara með Bandaríkjamenn í gröfina
3. Fær 108 milljónir skattfrjálst - þurfti að fara oft yfir vinnings...
4. OLÍS og Verkís sækja um Drekasvæðið með erlendu félagi
5. Hætt við að banna svartadauða í ÁTVR




